# FRÉTTABLAÐIÐ

135. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 9. JÚNÍ 2016




Íslenska landsliðið var mætt á æfingu í Frakklandi í gær. Opnunarleikurinn á EM fer fram á morgun en fyrsti leikur Íslands, sem verður gegn Portúgal, fer fram á þriðjudaginn. Þjálfarar íslenska liðsins, þeir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson, voru kampakátir í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Björgólfur Thor segir Róbert Wessman fastan í speglasal. 26

**SPORT** Axel ætlar norsku leiðina með íslensku stelpurnar. 28

**LÍFIÐ** Fetað í fótspor Coachella og Tomorrowland með Secret Solstice. 50

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Tvöfalt fleiri ungar mæður á Suðurnesjum

**Á Suðurnesjum eru ungar mæður þrefalt fleiri en á höfuðborgarsvæðinu og tvöfalt fleiri en á landinu öllu. Hlutfallslega fæstir háskólamenntaðir búa á svæðinu. Bæjarstjóri segir allt reynt til að fjölga störfum fyrir háskólamenntaða.**

**SAMFÉLAG** Mæður undir tvítugu eru hlutfallslega mun fleiri á Suðurnesjum en annars staðar á landinu. Landsmeðaltal ungra mæðra á landinu er 9 á hverjar 1.000 konur undir tvítugu en á Suðurnesjum fæða 22,4 konur undir tvítugu börn af hverjum þúsund. Á höfuðborgarsvæðinu fæða 7 af hverjum 1.000 konum undir tvítugu börn sem þýðir að hlutfallið á Suðurnesjum er þrefalt á við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta má greina í lýðheilsuvísum landlæknisembættisins. Athygli vekur að á Suðurnesjum er lægst hlutfall háskólamenntaðra. 19,7 prósent íbúa á Suðurnesjum hafa háskólamenntun en landsmeðaltalið er 36,2 prósent.

Vert er að taka það fram að fæðingartíðni meðal ungra mæðra hefur lækkað á síðastliðnum árum frá því sem var á sjöunda áratugnum. „Við getum ekki fullyrt um samband menntunar og fæðingartíðninnar en þetta eru vísbendingar sem er vert að taka eftir,“ segir Ólöf Garðarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ og sérfræðingur í fólksfjöldasögu.

> Þetta eru áhugaverðar tölur. Þetta snýst fyrst og fremst um fræðslu, að fræða um ábyrgð og mögulegar afleiðingar.
>
> Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar



Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar sem er stærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum, segir að bæjaryfirvöld hafi verið meðvituð um þetta lengi. „Þetta eru áhugaverðar tölur. Þetta snýst fyrst og fremst um fræðslu, að fræða um ábyrgð og mögulegar afleiðingar.“

Um tíma hafi grunnskólanemar tekið þátt í verkefni sem snerist um að sjá um dúkkur í sólarhring sem hegða sér eins og ungbörn. „Börnin mín komu heim með þetta og dúkkan grenjaði á nóttunni og olli krökkunum hugarangri. Svo heyrði maður líka af krökkum sem fannst þetta spennandi og tóku sig saman og fóru á kaffihús með krakkana. Þannig að ég veit nú ekki hvort það heppnaðist alveg.“

> Svo heyrði maður líka af krökkum sem fannst þetta spennandi og tóku sig saman og fóru á kaffihús með krakkana.

Kjartan segir lágt stig háskólamenntunar að einhverju leyti afleiðingu af 50 ára veru varnarliðsins á svæðinu en það útvegaði fólki störf án hárrar menntunarkröfu. Reynt sé að fjölga störfum sem krefjist háskólamenntunar. – snæ

## Áhyggjufullur á Íslandi

**SAMFÉLAG** „Ég hef ekki hugmynd um hvenær ég má fara heim og sé stundum bara svart fyrir framan mig því ég er eirðarlaus og áhyggjufullur,“ segir Angelo Uijleman, 29 ára Hollendingur sem ákærður er fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot.

Mál Angelos hefur vakið nokkra athygli þar sem hann er greindarskertur. Hann sat í einangrun á Litla-Hrauni í átta vikur og var sú vist harðlega gagnrýnd. Þá var hann færður á Kvíabryggju þar sem hann dvaldi í nokkrar vikur.

– ngy / sjá síðu 10

## Allir eiga dýr nema Ástþór

**DÆGURMÁL** Þau fara ekki leynt með ást sína á gæludýrunum og eru öll miklir vinir þeirra. Flestir í hópnum eiga hund en þó eru kettir, mávar og hrafnar einnig í hópnum. Spennandi verður að fylgjast með hvaða gæludýr kemur til með að flytja ásamt húsbónda sínum á Bessastaði.



– gjs / sjá síðu 46










## Veður




Austlæg átt í dag, 5-10 m/s við suðurströndina, en annars hægari austlæg eða breytileg átt. Skýjað að mestu og lítilsháttar væta sunnan- og vestanlands. Bjart að mestu norðan- og austanlands. Hiti 12 til 20 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 34




**Ríkislögreglustjóri er mættur á Facebook vegna Evrópumóts í knattspyrnu sem nú fer fram.**

# Á Facebook í tilefni EM

**LÖGREGLA** Ríkislögreglustjóri hefur ákveðið að opna samskiptamiðgu-leika á Facebook, Twitter og Instagram. Þessir miðlar verða notaðir til að koma á framfæri upplýsingum til íslenskra áhorfenda á Evrópumótinu í knattspyrnu.

Lögreglumenn ríkislögreglustjóra hafa þegar hafið störf í Frakklandi í tengslum við mótið og tveir lögreglumenn verða í stjórnstöð mótsins í París. Þá fylgja sex lögreglumenn íslenska liðinu og verða viðstaddir leiki þess.

Þeir lögreglumenn sem eru í stjórnstöðinni munu miðla upplýsingum milli franskra yfirvalda og íslensku lögreglumannanna sem verða viðstaddir leikina. Stjórnstöðin verður opin allan sólarhringinn á meðan á mótinu stendur.

Hlutverk lögreglumannanna sem verða viðstaddir leikina er að vera tengiliðir milli íslenskra áhorfenda og franskra yfirvalda. Öll stjórnun, skipulag og ákvörðunarvald er í höndum franskra yfirvalda. **– kbg**

**6**

**íslenskir lögreglumenn fylgja íslenska liðinu og verða viðstaddir leiki þess.**

## Þungt yfir þingheimi



**Alþingi var kallað saman nokkuð óvænt í gær til þess að Ólöf Nordal innanríkisráðherra gæti lagt fram frumvarp um lög sem banna aðgerðir í kjaradeilu flugumferðarstjóra. Myndin ber með sér að það hafi verið nokkuð þungt yfir þingmönnum og ráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Yfir hundrað laxar á land

**VEIÐI** Metveiði hefur verið í þeim ám þar sem laxveiði er hafin. Í Norðurá í Borgarfirði hafa veiðst 122 laxar á fimm dögum.

„Það verður náttúrulega að segjast eins og er að laxveiðin hefur farið afar vel af stað,“ segir Einar Sigfússon, rekstrarstjóri Norðurár. Hann segir að opnunarhollið hafi fengið 77 fiska sem sé met. Þá hefur veiði í Blöndu einnig farið vel af stað.

Einar telur að þakka megi átaki Veiðimálastofnunar, þar sem fólk er hvatt til að sleppa stórum fiskum, hversu vel veiðist nú.

„Það hrygnir meira, þessum fiski, í ánni fyrir bragðið og það eru fleiri seiði sem komast á legg sem hafa þessa erfðaeiginleika að koma heim eftir að þeir ganga til hafs. Koma heim eftir tvö ár í hafi og eru þá sjö og upp í fimmtán pund. Smálaxinn, sem er eitt ár í hafi, hann er svona fjögur og upp í sjö pund. **– lvp**

# Unnið gegn fordómum

**Anna Lára Steindal og Juan Camilo Roman Estrada hafa rætt við yfir fimm þúsund manns um fordóma og innflytjendur. Fordómarnir eru meiri hjá eldra fólki. Helst hefur eldra fólk fordóma gegn múslimum og hælisleitendum.**

**SAMFÉLAG** „Fjölmenningarsamfélagið hefur stækkað ört síðustu ár og ungt fólk er vanara því að umgangast fólk af ólíkum menningarsvæðum,“ segir Juan Camilo Roman Estrada sem hefur ásamt Önnu Láru Steindal sinnt fræðslu um allt land á vegum Rauða krossins.

Þau eru verkefnisstjórar verkefnisins Vertu næs, um fordóma og fjölmenningu, og nú þegar hafa þau rætt við um fimm þúsund manns. Eitt af því sem þau hafa tekið eftir er að eldra fólk hefur frekar fordóma fyrir ákveðnum hópum fólks sem sest að hér á landi. Anna Lára segir fordóma eldra fólks helst beinast gegn múslimum og hælisleitendum.

„Það er svolítið leiðinlegt að því eldri sem áheyrendurnir eru því líklegra er að við finnum fordóma. Við höfum hitt fólk sem er mjög sammála okkur og tekur fullan þátt í samtalinu. En svo kemur einhvers staðar fram að það telur ekki það sama eiga við um hælisleitendur og múslima,“ segir Anna Lára. „Þetta er það grátlegasta, það þarf að fræða fólk betur um þessa hópa,“ segir hún. „Mér finnst við þurfa að efna til sérstaks átaks þegar kemur að múslimum því fólk tekur þennan hóp sérstaklega út,“ segir Anna Lára.

Juan Camilo er frá Kólumbíu. Hann minnir á að fordómar séu hluti af almennri hugsun. „Enginn er laus við fordóma, það er mikilvægt að hafa það í huga. En við verðum að vera gagnrýnin á eigið hugarfar. Þegar við eldumst verðum við stífari í hugsun á meðan yngra fólk hefur tækifæri til að tengjast ólíku fólki án dóma. Það tengist jafnöldrum sínum í leikskóla og skólakerfinu, á jafningjagrundvelli,“ segir Juan. „Við bjóðum fyrirtækjum fyrirlestra og viljum endilega fræða fullorðið fólk betur um fordóma og fjölmenningu,“ segir hann.




**Anna Lára og Juan Camilo fræða Íslendinga um fordóma og fjölmenningu í verkefninu Vertu næs á vegum Rauða krossins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Stór hluti innflytjenda finnur fyrir duldum fordómum í sinn garð.**
>
> Juan Camilo Roman Estrada

Hann segir yngra fólk helst þurfa að fræðast um dulda fordóma. „Stór hluti innflytjenda finnur fyrir duldum fordómum í sinn garð,“ segir Juan og segir auðvelt að uppræta slíka fordóma enda feli þeir frekar í sér hugsunarleysi eða skort á þekkingu en vilja til að særa og beita órétti.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**






HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
60 ÁRA 1956 - 2016
Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli
Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðjublaðinu
SÚPER
AFMÆLISTILBOÐ
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana
3 ltr
Pallaolía Jotun Treolje
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda aðra liti.
7049123-27
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
1.995 kr
2.385 kr
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
Mest selda pallaolían í Húsasmiðjunni
23% afsláttur
3 ltr
Jotun Akryl Mur, útimálning á stein og múr
Silkimött alkalíþolin 100% akrýlmálning, gljástig 7.
7049503-12
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
6.999 kr
8.999 kr
JOTUN
Mur
13.995 kr
Rafmagnssláttuvél LME1100
5085113
BLACK & DECKER
29% afsláttur
Hleðsluborvél
12V, 2 rafhlöður.
5245999
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
9.995 kr
13.995 kr
32% afsláttur
FSC
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
9.900 kr
14.590 kr
Garðstóll Chamonix
3899590
21% afsláttur
Nilfisk
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
12.995 kr
16.595 kr
Háþrýstidæla C105.6-5
105 bör, 440 l/klst., sjáfvirk ræsing/stöðvun, 5 m slanga.
5254249
Birki, 80-100 cm.
1.490 kr
1.990 kr
25% afsláttur
20% afsláttur
Risastórar Hortensia í 17 cm potti.
3.990 kr
4.990 kr
20% afsláttur
Matjurtir, 6 stk. í bakka.
Salat margar tegundir, rófur, rauðkál, blómkál, spínat og margt fleira.
799 kr
999 kr
Sýpris hæð ca. 100 cm.
999 kr
2.490 kr
40% afsláttur
Brúðarauga, hengilobelia.
999 kr
1.690 kr
blómaval
Byggjum á betra verði
www.husa.is

# Ísland eitt með engan útblástur vegna raforku

**UMHVERFISMÁL** Hlutfall útblásturs gróðurhúsalofttegunda vegna raforku- og varmaframleiðslu fer yfir 50 prósent í fjölmörgum löndum Evrópu. Ísland er með lægsta hlutfallið, en hér er enginn útblástur vegna þessara tveggja þátta. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Alþjóðabankanum (World Bank) og Samorka vekur athygli á í frétt á heimasíðu sinni.

Ísland er með lægsta hlutfall útblásturs gróðurhúsalofttegunda (CO2) vegna bruna jarðefnaeldsneytis við raforku- og varmaframleiðslu í Evrópu. Eistland stendur verst af Evrópulöndunum, en þar eru tæplega 80 prósent af öllum útblæstri tilkomin vegna raforku- og varmaframleiðslu.

Í fjölmörgum löndum eru yfir 50 prósent af heildarútblæstri vegna raforku- og varmaframleiðslu, meðal annars í Finnlandi og Póllandi. Í Danmörku er hlutfallið 49 prósent.

Mikill munur er á þeim löndum sem lægsta hlutfallið hafa. Ísland og Lúxemborg skera sig úr, en Lúxemborg er með átta prósent útblásturs vegna raforku- og varmaframleiðslu. Þar næst kemur Frakkland með sautján prósent, Svíþjóð hefur fjórða lægsta hlutfallið, eða 25 prósent, og í Belgíu er hlutfallið 27 prósent.

Á Íslandi er notað jarðefnaeldsneyti við raforku- og varmaframleiðslu í undantekningartilfellum, en magnið er það lítið að það mælist ekki í úttekt Alþjóðabankans. **– shá**



**Útblástur vegna raforku- og varmaframleiðslu er ekki mælanlegur á Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Skrifað verður undir fríverslunarsamning við Georgíu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Iðnaðarráðherra fór til Georgíu

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fundaði með ráðamönnum í Georgíu í byrjun viku. Markmið heimsóknarinnar var að kynna íslensk fyrirtæki á sviði orkunýtingar og fleiri greina.

Ragnheiður Elín átti meðal annars fund með Dimitry Kumsishvili, ráðherra efnahagsmála og sjálfbærrar þróunar. Á fundinum ræddu ráðherrarnir um samskipti landanna og möguleika á frekari samstarfi þeirra á ýmsum málasviðum, svo sem varðandi orkumál, sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Skrifað verður undir fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna við Georgíu síðar í mánuðinum. **– ngy**

## Tuttugu Íslendingar kusu á Spáni

**KOSNINGAR** Tuttugu Íslendingar fóru saman að kjósa forseta Íslands utan kjörstaðar hjá ræðismanni Íslands í Benidorm á Spáni í gær. Forsetakosningar fara fram 25. júní næstkomandi.

„Það voru allir voðalega ánægðir með þessa ferð sem við skipulögðum,“ segir Valgarð Reinhardsson, varaformaður Félags húseigenda á Spáni, en félagið skipulagði rútuferð frá Torrevieja á kjörstaðinn í gær. Hann segir að í Torrevieja og á svæðum þar í kring búi yfir þúsund Íslendingar. **– ngy**

# Ósáttir við stækkun hótels

**Áform Icelandair Hotels um að stækka Hótel Reykjahlíð margfalt mæta mikilli óánægju á meðal íbúa. Sveitarstjórnin er klofin í málinu. Gengur gegn yfirlýstri stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fundargerðir og umsagnir heimamanna í gögnum Skútustaðahrepps sýna að engin sátt ríkir um stækkun Hótels Reykjahlíðar. Sveitarstjórnin er klofin í málinu og íbúar lýsa furðu sinni á því að svo virðist sem ákveðið hafi verið að ganga gegn yfirlýstri stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu í Reykjahlíð.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag eiga áformaðar nýbyggingar við Hótel Reykjahlíð á vegum Icelandair Hotels að rísa langt innan þess 200 metra verndarsvæðis sem er markað hringinn í kringum vatnið og Laxá allt til ósa Skjálfandafljóts, samkvæmt sérlögum um vernd Mývatns og Laxár.

Í fundargerð sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 31. mars var breytingartillaga skipulagsnefndar á aðal- og deiliskipulagi sveitarfélagsins tekin fyrir og samþykkt með þremur atkvæðum af fimm manna sveitarstjórn. Þar er heimilað að Icelandair Hotels vinni að skipulagi viðbyggingar við Hótel Reykjahlíð á tveimur hæðum. Einn sat hjá við atkvæðagreiðsluna, Sigurður Böðvarsson bóndi á Gautlöndum 1, en Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, hálendisfulltrúi og varaoddviti, greiddi atkvæði gegn tillögunni og lagði fram eftirfarandi bókun: „Ég leggst alfarið gegn svo auknu byggingamagni á umræddri lóð. Er það í samhengi við afstöðu mína í fyrri atkvæðagreiðslum varðandi sambærilegt mál og byggir skoðun mín á háu verndargildi og mikilvægi útsýnis yfir Mývatn á þessum stað.“

Í innsendum umsögnum íbúa kveður við sama tón, en þær eru birtar í fundargerð skipulagsnefndar 17. ágúst.

Í umsögn Guðrúnar M. Valgeirsdóttur, Reykjahlíð 1, segir að stækkun hótelsins muni skerða verulega útsýni og rýra verðgildi eignarinnar. Eins vísar Guðrún í greinargerð Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem segir: „Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsaþyrpingum sem þar eru fyrir.“ Telur Guðrún að vissulega standi gamla hótelbyggingin svo nærri vatninu „en að áætlanir skuli gera ráð fyrir 2.000 fermetra, stækkun á þeirri byggingu 30 til 40 metra frá bakka Mývatns sætir undrun svo ekki sé fastar að orði kveðið.“

„Fyrr má nú rota en dauðrota í aukningu á byggingarmagni,“ skrifar Ólafur H. Jónsson, fyrir hönd Reykjahlíðar 3. Hann, eins og Guðrún, segir að breyting á aðalskipulagi sé ekki í samræmi við stefnu sveitarstjórnar. Segir hann að svo stór bygging samrýmist varla því sem sveitarstjórn hefur sett sér sem stefnu vestan þjóðvegar, eða vatnsmegin.

Fleiri skrifa á sömu nótum, þau Elísabet Sigurðardóttir og Ragnar Davíð Baldvinsson, Reykjahlíð 4, segja því til viðbótar að þeim þyki „einkennileg sú staðhæfing“ að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Telja þau að stækkun hótelsins hljóti, „með tilheyrandi raski og auknum gestafjölda, að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið við vatnið vegna nálægðarinnar.“

**svavar@frettabladid.is**



**Íbúar í Reykjahlíð eru margir mjög ósáttir við að tapa útsýni yfir Mývatn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Ég leggst alfarið gegn svo auknu byggingamagni á umræddri lóð.**
>
> Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, varaoddviti Skútustaðahrepps








# Indverjar svara í símann fyrir WOW

**VIÐSKIPTI** Flugfélagið WOW air hefur samið við fyrirtækið InterGlobeTechnologies, alþjóðlegt fyrirtæki á Indlandi, og munu starfsmenn þar í landi sinna almennri þjónustu í gegnum síma, svara tölvupóstum og aðstoða viðskiptavini sem hafa samband við þjónustuver WOW air.

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, segir samninginn hafa verið gerðan vegna gríðarlegs álags á þjónustuver fyrirtækisins og til að anna eftirspurn erlendra farþega félagsins eftir þjónustu í gegnum síma. Fjöldi starfsmanna verður breytilegur eftir álagstímum.

„Samningurinn tók gildi í maí og hefur samstarfið gengið vonum framar. Sólarhringsaðstoð er í boði og er það markmiðið að veita bestu þjónustu sem völ er á,“ segir Svana og bætir við að eftir sem áður muni þjónustuver starfa á Íslandi til að þjóna íslenskum markaði ásamt erlendum mörkuðum á opnunartíma þess.

Svanhvít segir InterGlobeTechnologies vera virt fyrirtæki sem sérhæfi sig í ferðaþjónustu og starfi fyrir stór félög á borð við KLM, British Airways og Expedia. **– ngy**



**Nýleg Airbus þota WOW air. Þegar hringt er í þjónustuver fyrirtækisins í framtíðinni svara Indverjar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Samningurinn tók gildi í maí og hefur samstarfið gengið vonum framar.**
>
> Svanhvít Friðriksdóttir upplýsingafulltrúi




Þið smellpassið saman. Aygo og þú með vinum þínum út í sveit. Brostu hringinn meðan þú snattast í bænum. Njóttu þess að mynda ný tengsl með Aygo í sumarsólinni.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

FRÁ KR. 45.330

Bókaðu sól

Allt að 43.500 kr. afsláttur á mann

SÓL Á ALGJÖRUM SPOTTPRÍS

COSTA DE ALMERÍA

H3 Laguna Playa

Frá kr. 68.495
m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 68.495 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 91.595 m.v. 2 í íbúð.
13. júní í 10 nætur.



Allt að 40.000 kr. afsláttur á mann

MALLORCA

Stökkktu

Frá kr. 45.330
m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 45.330 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð/herb/stúdíó. Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herb/stúdíó.
14. júní í 7 nætur.



Allt að 40.000 kr. afsláttur á mann

KRÍT

Helios Apartments

Frá kr. 93.845
m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 93.845 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 113.295 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
16. júní í 11 nætur.



Allt að 40.000 kr. afsláttur á mann

SALOU

Regina Gran Hotel

Frá kr. 64.920
m/hálft fæði innifalið
Netverð á mann frá kr. 64.920 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
17. júní í 7 nætur.



Allt að 35.000 kr. afsláttur á mann

COSTA DEL SOL

Aguamarina Aparthotel

Frá kr. 80.230
m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 80.230 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 109.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
20. júní í 10 nætur.



Allt að 43.000 kr. afsláttur á mann

ENNEMM / SIA • NM75391 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir


## Þrír féllu í skotárás



Skotárás var gerð fyrir utan veitingastaðinn Max Brenner á Sarona-markaðinum í Tel Aviv í Ísrael í gær. Þrír féllu í árásinni og fimm særðust alvarlega. Á myndinni má sjá lögreglumenn á vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Inngrip stjórnvalda í kjaradeilur vonbrigði

**Alþingi samþykkti frumvarp þess efnis í gær að gefa flugumferðarstjórum og Samtökum atvinnulífsins frest til 24. júní til að leysa kjaradeilu sína. Kjaraviðræður hófust í október. Framkvæmdastjóri SA segir ákvörðunina vonbrigði.**

**KJARAMÁL** „Það veldur alltaf vonbrigðum þegar grípa þarf inn í kjaradeilur með þessum hætti,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).

Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi í gær að grípa til aðgerða í kjaradeilu SA og flugumferðarstjóra. Ólöf Nordal innanríkisráðherra lagði svo fram frumvarp þess efnis að deiluaðilar fengju frest til 24. júní til að ná samkomulagi. Annars verður gerðardómur kvaddur til.

Samkvæmt frumvarpinu sem Alþingi samþykkti á tíunda tímanum í gærkvöldi verður yfirvinnubann flugumferðarstjóra samstundis óheimilt.

Þorsteinn segist skilja ákvörðunina í ljósi stöðunnar þar sem viðræður eru komnar í strand og yfirvinnubann flugumferðarstjóra hefur staðið í um það bil tvo mánuði. Næturumferð hefur legið niðri í fjórar nætur á þeim tíma vegna veikinda flugumferðarstjóra.

Þorsteinn segir aðgerðirnar hafa valdið miklum skakkaföllum. Hann segir þó fagnaðarefni að deiluaðilar fái frest til þess að reyna að ná samningum.

> **Það veldur alltaf vonbrigðum þegar grípa þarf inn í kjaradeilur með þessum hætti.**
>
> Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA



„Það er fullur vilji af okkar hálfu til að reyna okkar ýtrasta en við höfum sagt að við séum bundin af þeirri launastefnu sem mörkuð var í SALEK-samkomulaginu og við getum ekki teflt heildarjafnvægi á vinnumarkaði í hættu,“ segir Þorsteinn.

„Við erum að skoða málið í ljósi stöðunnar,“ segir Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, en hann var staddur á fundi þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi í gær. Hún sagði lítið sem ekkert hafa áunnist síðan viðræður hófust í október og að samningar væru ekki í augsýn. Nauðsynlegt væri fyrir ríkisstjórnina að höggva á hnútinn.

Ólöf sagði heildarhagsmuni ferðaþjónustunnar undir. Því væri það gert með almannahagsmuni að leiðarljósi að leggja frumvarpið fram. thorgnyr@frettabladid.is

### Áður gripið til aðgerða

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur áður gripið inn í kjaradeilur á kjörtímabilinu. Þannig voru lög sett á verkfall starfsmanna Herjólfs 2. apríl árið 2014. Einnig voru sett lög á verkfall flugmanna 15. maí sama ár.

Lög voru sett á verkfallsaðgerðir BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þann 13. júní í fyrra og fengu deiluaðilar um tveggja vikna frest í það skiptið til að ná samningum. Það tókst ekki og var gerðardómur tilnefndur sem komst að niðurstöðu í málinu.




#FEELSSOGOOD

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.
ATH! Allt vöruúrval fæst í Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.

# Íslendingar krefjist afsagnar forsetans

**Forseti Alþjóðaskáksambandsins tengist neti aflandsfélaga sem tengjast meðal annarra Sýrlandsforseta. Forsetinn er gjörspilltur og til skammar fyrir skákhreyfinguna, segir Hrafn Jökulsson skákfrömuður sem vill að Skáksamband Íslands krefjist afsagnar hans.**

**SKÁK** Forseti Alþjóðaskáksambandsins, Kirsan Ilyumzhinov, tengist neti aflandsfélaga sem tengjast meðal annarra Bashar al-Assad Sýrlandsforseta. Gögn draga meðal annars fram hvernig Kirsan hefur misnotað aðstöðu sína til að maka krókinn á íþrótttinni sem hann er í forsvari fyrir.

Það er rannsókn stórblaðanna The Guardian og Süddeutsche Zeitung á Panama-skjölunum sem leiðir þetta í ljós. Í frétt The Guardian um málið er forsetatíð Kirsans í rússneska sjálfstjórnarlýðveldinu Kalmikíu reifuð þar sem hann var tengdur við spillingu og óhæfuverk. Eins hefur morð á blaðamanni verið tengt við Kirsan, en sá vann að rannsókn á umsvifum Kirsans. Kirsan hefur gegnt embætti forseta FIDE frá því árið 1995, en heimurinn kynntist honum fyrst þar sem hann lýsti í sjónvarpsviðtali veru sinni á fjarlægri reikistjörnu eftir að hafa verið rænt af geimverum.

Hrafn Jökulsson, rithöfundur og skákfrömuður, gerir það að tillögu sinni að stjórn Skáksambands Íslands fari nú þegar fram á afsögn forsetans; skákhreyfingin sitji uppi með gjörspilltan forseta og stjórn. Forsetinn sé tengdur slíkum fjölda spillingar- og glæpamála að grípa verði inn í.

„Kirsan er illkynja æxli í skákhreyfingunni. Hann er gjörspilltur, eins og fjölmörg dæmi sanna. Kirsan er skömm fyrir skákhreyfinguna, og það stendur okkur Íslendingum nærri

> **Kirsan er illkynja æxli í skákhreyfingunni. Hann er gjörspilltur, eins og fjölmörg dæmi sanna.**
>
> Hrafn Jökulsson, skákfrömuður

að berjast fyrir hinu góða nafni FIDE,“ segir Hrafn sem telur að alþjóðahreyfing skákmanna hafi risið einna hæst þegar Íslendingar önnuðust sögulegasta skákeinvígi allra tíma árið 1972, þegar Fisher og Spasskí tefldu í Laugardalshöll, og í framhaldinu þegar Friðrik Ólafsson varð forseti FIDE.

„Við eigum að taka forystuna við að hreinsa út hjá FIDE og freista þess að koma góðu fólki að, í stað þeirra misyndismanna sem þar ráða ríkjum,“ segir Hrafn og nefnir að kannski sé kominn tími til „að önnur íslensk skákhetja bjóði fram krafta sína í þágu FIDE: Jóhann Hjartarson væri hinn fullkomni forseti, vammlaus, óháður, heiðarlegur og með ást á skákinni að leiðarljósi.“

Kirsan er á svörtum lista bandarískra yfirvalda fyrir tengsl sín við Sýrlandsforseta. Honum og fyrrverandi Íraksforseta, Saddam Hussein, og Múammar Gaddafí, leiðtoga Líbíu, var einnig vel til vina. Að öllum líkindum mun Kirsan því ekki vera við næsta heimsmeistaraeinvígi í skák, milli Magnúsar Carlsen og Sergeis Karjakin í haust. **svavar@frettabladid.is**




**Fyrrverandi heimsmeistari, Garrí Kasparov, kallaði Friðrik Ólafsson „síðasta heiðursmanninn í FIDE“. Friðrik teflir hér við sitjandi forseta, Kirsan Ilyumzhinov.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## Fá sveitarfélög nýta sér læsisverkefni

**MENNTAMÁL** Menntamálastofnun er aðeins í samstarfi við ellefu af 74 sveitarfélögum landsins um að efla læsi. Menntamálaráðherra fór af stað með þjóðarátak um læsi fyrir um átta mánuðum.

„Eins og staðan er í dag hefur læsisteymið verið í virku samstarfi við ellefu sveitarfélög sem hefur farið fram með fjölbreyttum hætti og er skipulagt út frá beiðni hvers sveitarfélags eða skóla,“ segir Andrea Anna Guðjónsdóttir, ráðgjafi í læsisverkefni Menntamálastofnunar.

Fimm af níu sérfræðingum sem ráðnir voru í læsisteymi Menntamálastofnunar hafa sagt upp störfum. Hinn sjötti sagði upp en eftir fundi með yfirstjórn stofnunarinnar vegna samskiptaerfiðleika ákvað hann að draga uppsögn sína til baka.

Menntamálastofnun var ein þeirra stofnana sem komu hvað verst út í könnun á starfsánægju innan opinberra stofnana. **– sa**



**Ráðherra leggur mikið upp úr að efla lesskilning skólabarna.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Endurnýja tölvukerfin á Alþingi fyrir lok 2020

**ALÞINGI** Stefnt er að því að endurnýja helstu tölvukerfi Alþingis og að verkinu verði lokið árið 2020. Elsta þingfundakerfið, atkvæðagreiðslukerfið, er að verða 25 ára, að sögn Helga Bernódussonar, skrifstofustjóra Alþingis.

„Kerfin hafa reynst vel en þau eru orðin mjög gömul. Það þarf að gera ný sem þjóna sama tilgangi en sem búa yfir fleiri möguleikum eins og til dæmis úrvinnslu og slíku. Það eru ýmsar lausnir sem við getum kannað,“ tekur Helgi fram.

Veittar voru 20 milljónir króna til verkefnisins í fyrra og sama upphæð var veitt í ár. „Áform um endurnýjunina hófust fyrir tveimur árum. Það er gert ráð fyrir að það taki um

> **Alls hafa 40 milljónir verið veittar í verkefnið. Áform um það hófust 2014.**

fimm ár að fara í gegnum helstu kerfin eins og atkvæðagreiðslukerfið, þingfundakerfið, sem við köllum „Stýru“, skjalastjórnunarkerfið og fleira. Það er ákveðin verkáætlun í gangi sem byggir á því hvenær næði er til framkvæmda,“ segir Helgi sem bendir um leið á að endurnýjun vefs Alþingis hafi lokið í fyrra.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær farið verður í innkaup á nýjum kerfum en Ríkiskaup hafa þessa dagana kynnt þingfundakerfi fyrir mögulegum bjóðendum. **– ibs**




Hluti af ferðasumrinu

N1



Angelo segist elska að labba um Hljómskálagarðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Angelo verkjar í fótinn og langar að fara heim

## Angelo Uijleman er í farbanni og fær fjórtán þúsund krónur í vasapening á viku.

**SAMFÉLAG** „Ég hef ekki hugmynd um hvenær ég má fara heim og sé stundum bara svart fyrir framan mig því ég er eirðarlaus og áhyggjufullur,“ segir Angelo Uijleman, 29 ára Hollendingur sem ákærður er fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot.

Mál Angelo hefur vakið nokkra athygli þar sem hann er greindarskertur. Hann sat í einangrun á Litla-Hrauni í átta vikur og var sú vist harðlega gagnrýnd. Þá var hann færður á Kvíabryggju þar sem hann dvaldi í nokkrar vikur. Síðustu sex mánuði hefur Angelo dvalið á gistiheimili í Reykjavík og mun líklega þurfa að dvelja þar þangað til dómur fellur í málinu. „Nú er þetta búið að vera eins í rosalega marga mánuði. Ég veit núna að ég gerði rosalega stór mistök en nú langar mig bara að fara heim.“

Angelo fær um fjórtán þúsund krónur á viku frá lögreglunni til að lifa á Íslandi og segir þann pening ekki duga fyrir lyfjakostnaði. „Mér er mjög illt í fætinum og verð að taka verkjalyf. Ég hef ekki haft efni á þeim því ég þarf að borða og drekka fyrir peninginn sem ég fæ,“ segir Angelo en hann veit ekki hvað hrjáir hann. Hann segist oft eiga erfitt með svefn vegna verkja.

Niðurstaða úr geð- og sálfræðimati var sú að Angelo er sakhæfur þrátt fyrir að vera verulega greindarskertur. Fram kemur að hann er með slakan þroska, einkum á tilteknum sviðum, sem gerir það að verkum að hann er ekki jafn fær og aðrir um að meðtaka og draga rökréttar ályktanir. Hann eigi erfitt með að setja fram heildarmynd af aðstæðum og tengja saman orsakir og afleiðingar hegðunar sinnar. Geta hans til að rifja upp er slök og geri honum enn erfiðara fyrir að vinna úr upplýsingum.

> **Mér er mjög illt í fætinum og ég verð að taka verkjalyf. Ég hef ekki haft efni á þeim því ég þarf að borða og drekka fyrir peninginn sem ég fæ.**
>
> Angelo Uijleman



Þrátt fyrir að vera oft mjög einmana á gistiheimilinu segir Angelo að sér líði betur nú þegar sumarið sé komið. „Ég fer oft í göngutúr og elska að labba um Hljómskálagarðinn. Ég elska líka að fara á Te og kaffi og sá staður er fullkominn.“ Hann segist oft lenda í því að fólk úti á götu heilsi sér enda hafi það líklega séð mynd af honum í blöðunum. „Mér finnst það oft gaman en ég vil bara ekki að fólk haldi að ég sé vondur.“

Angelo eignaðist góða vini á Kvíabryggju sem hann er enn í góðu sambandi við. Hann segir blaðamanni frá því að síðustu helgi hafi hann borðað með Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, en þeir dvöldu saman á Kvíabryggju. Þá segir hann frá því að hann sé orðinn góður vinur vina verjanda síns. „Þeir eru mjög skemmtilegir og við förum til dæmis saman á landsleikinn um daginn. Jói sótti mig og við fórum fyrst og fengum okkur hamborgara,“ segir Angelo en hann er að tala um Jóhann Alfreð Kristinsson grínista.

**nadine@frettabladid.is**






Dýrahræ sem finnast í Hafnarfirði eru færð á þjónustumiðstöð bæjarins áður en þau eru grafin á stað sem kallaður er „Tippurinn“, fyrir ofan bæinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dauðum köttum fargað án vitundar eigenda

**SAMFÉLAG** Ketti var fargað af starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar, án vitundar eiganda hans. Keyrt var á köttinn með þeim afleiðingum að hann drapst, örfáum húsum frá heimili hennar í síðustu viku.

Ásdís Björgvinsdóttir, eigandi kattarins, furðar sig á verklagi bæjarfélagsins. Kötturinn var örmerktur en ólarlaus.

Ásdís frétti af óhappinu hjá nágranna og hafði þá samband við lögregluna í tvígang og fékk að lokum þær upplýsingar að farið hefði verið með hræ kattarins í þjónustumiðstöð bæjarins. Starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar tilkynnir henni þá að hræinu hefði verið fargað.

„Farið var með köttinn á stað fyrir úrgang og hann grafinn þar því hann var geymdur úti í poka á þjónustumiðstöðinni og krummi var farinn að narta í hann,“ segir Ásdís og bætti við að móðir hennar hafi fengið þau svör hjá þjónustumiðstöðinni að ekki væri mannskapur til þess að fara með hræ kattarins á dýraspítalann til að lesa af örmerkinu.

Árdísi Ármannsdóttir, samskiptastjóri Hafnarfjarðarbæjar, segir starfsmenn bæjarins sækja dýrahræ og fara með á þjónustumiðstöð bæjarins í plastpoka þar sem þau eru geymd.

> **Hann var geymdur úti í poka á þjónustumiðstöðinni og krummi var farinn að narta í hann.**
>
> Ásdís Björgvinsdóttir, eigandi kattarins



„Ef dýrin eru með merki um hálsinn með öllum viðeigandi upplýsingum þá er í öllum tilfellum hringt í eigendur,“ segir Árdís og bætir við að bærinn hringi ekki í eigendur þeirra dýra sem eru einungis merkt með örmerki.

Reykjavíkurborg er með samning við Dýraspítalann í Víðidal sem sér um að taka við hræjum dýra sem finnast í borginni. Ef dýrin eru örmerkt eða merkt á annan hátt þá eru eigendur dýranna látnir vita um örlög þeirra.

Árdís segir að kostnaður sé falinn í því að sækja dýrin og færa þau á Dýraspítalann og að greitt yrði fyrir þá þjónustu af samfélaginu í heild. „Það er erfitt ef við leggjum mannskap í það að fara með dýrin, þó það sé mjög falleg hugsun, þá fáum við líka gagnrýni frá þeim sem eru ekki kattaeigendur.“ **thordis@frettabladid.is**




Finndu okkur á facebook

Opið til kl. 21:00 í kvöld

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Clinton hrósar Sanders fyrir baráttuna

**Tryggði sér útnefningu Demókrataflokksins í forkosningum á þriðjudag. Segir Donald Trump ekkert erindi eiga í forsetaembættið. Sanders segist staðráðinn í að halda áfram baráttunni þangað til á landsþingi Demókrataflokksins sem fram fer í næsta mánuði.**

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton hvetur stuðningsmenn Bernies Sanders til að fylkja sér að baki henni í kosningabaráttunni fram undan. Hún tryggði sér útnefningu Demókrataflokksins í forkosningum á þriðjudag.

„Hvort sem þið studduð mig eða Sanders eða einhvern repúblikananna, þá þurfum við að standa saman við að gera Bandaríkin betri, sanngjarnari og sterkari,“ sagði hún og hrósaði jafnframt Sanders fyrir baráttugleðina: „Kosningabarátta hans og þær áköfu kappræður sem við höfum átt í um það hvernig eigi að hækka tekjur, draga úr ójöfnuði og styrkja félagslegan hreyfanleika upp á við hafa haft mjög góð áhrif á Demókrataflokkinn og Bandaríkin.“

Sanders segist hins vegar enn staðráðinn í að halda áfram baráttunni þangað til á landsþingi Demókrataflokksins í lok júlí.

„Ég er frekar góður í reikningi og geri mér fulla grein fyrir því að baráttan fram undan verður afar kröpp fyrir okkur,“ sagði hann að kvöldi þriðjudags. „En við ætlum að halda áfram að berjast um hvern einasta fulltrúa.“

Clinton lýsti yfir sigri á fundi með stuðningsmönnum sínum í fyrrakvöld, þar sem hún þakkaði meðal annars móður sinni fyrir að hafa gefið sér gott ráð. „Hún kenndi mér að hopa aldrei undan ofstopamönnum,“ sagði hún og uppskar mikil fagnaðarlæti í salnum.

Hún beindi síðan spjótum sínum að Donald Trump, forsetaefni Repúblikanaflokksins, sem væntanlega mun keppa við hana í forsetakosningunum í nóvember.

Hún sagði Trump óhæfan til þess að gegna forsetaembættinu, einfaldlega vegna þess hvers konar skapferli hann væri gæddur: „Hann vill sigra með því að ýta undir ótta okkar og nudda salti í sárin, og minna okkur daglega á það hversu frábær hann er. Við teljum að við eigum að hjálpa hvert öðru upp, ekki rífa hvert annað niður.“

Enn eiga demókratar þó eftir að kjósa sér forsetaefni í höfuðborginni Washington. Þær forkosningar fara fram á þriðjudaginn, 14. júní.

gudsteinn@frettabladid.is

> **Við ætlum að halda áfram að berjast um hvern einasta fulltrúa.**
>
> Bernie Sanders

> **Hún kenndi mér að hopa aldrei undan ofstopamönnum.**
>
> Hillary Clinton um móður sína



**Hillary Clinton verður forsetaefni Demókrataflokksins í kosningunum í nóvember.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MANNRÉTTINDASTOFNUN

**Utanríkisráðuneytið í samvinnu við Mannréttindastofnun Háskóla Íslands efnir til tveggja funda með fulltrúum alþjóðastofnana í Evrópu um áhrif átaka og hryðjuverka á virðingu fyrir mannréttindum**

**Báðir fundirnir verða í Norræna húsinu, 10. og 20. júní nk. og verða erindin á ensku.**

**Boðið verður upp á hádegishressingu að loknum erindum. Allir velkomnir.**

**Föstudaginn 10. júní kl. 12-13 í Norræna húsinu**

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins **Nils Muižnieks** flytur erindið:

**Current Challenges to Human Rights in Europe**

Fundarstjóri: **Pétur Dam Leifsson**, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands.

**Mánudaginn 20. júní kl. 12-13 í Norræna húsinu**

Framkvæmdastjóri Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE, ODIHR, **Michael Georg Link** flytur erindið:

**Human Rights and Security**

Fundarstjóri: **Björg Thorarensen**, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.


## Sviptur dönskum ríkisborgararétti

**DANMÖRK** Hæstiréttur Danmerkur hefur svipt Said Mansour ríkisborgararétti. Þetta er í fyrsta sinn sem dómur af þessu tagi er felldur í Danmörku.

Mansour hefur tvisvar verið dæmdur til refsingar fyrir að hvetja til hryðjuverka.

Hann er 56 ára gamall, fimm barna faðir og eru öll börnin danskir ríkisborgarar. Mansour er hins vegar einnig með ríkisborgararétt í Marokkó.

Ekki er þó víst að honum verði vísað úr landi eða hann framseldur til Marokkó, sem hefur óskað eftir framsali hans. Danska ríkinu er nefnilega óheimilt að senda fólk til landa þar sem hætta er á að það eigi yfir höfði sér pyntingar eða dauðadóm. – **gb**



**Said Mansour hefur tvisvar hlotið dóm fyrir að hvetja til hryðjuverka.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**Fyrir mánuði var opnaður gagnagrunnur byggður á Panama-skjölunum sem Skúli Eggert segir bæta við upplýsingar sem ríkisskattstjóri hafði fyrir.** NORDICPHOTOS/AFP

## Opinberun gagna breytti stöðunni í rannsóknum

**STJÓRNSÝSLA** „Öll þessi Panamamál eru í vinnslu og ekki tímabært að tjá sig um þau sérstaklega,“ svarar Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri þegar hann er spurður um gang mála.

Í byrjun apríl kom fram í Fréttablaðinu að ríkisskattstjóri hefði krafist þess að fá Panama-skjölin afhent frá Reykjavik Media á grundvelli 94. greinar tekjuskattslaga. Skúli Eggert segir gagnaopnun Reykjavik Media í byrjun maí, þar sem hægt er að leita í skjölunum, hafa breytt stöðunni.

„Aðgangurinn er áhugaverður en nokkuð takmarkaður. Þau gögn voru til fyllingar því sem til var fyrir og að því leyti gagnleg,“ segir hann en bætir við að hann geti ekki tjáð sig frekar um málið. Vinnslan muni taka nokkurn tíma, sennilega út árið, og því ekki frekari upplýsingar að fá að sinni. – **ebg**

> **Aðgangurinn er áhugaverður en nokkuð takmarkaður.**
>
> Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri








# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM DÖMU OG HERRA HUGO BOSS VÖRUM DAGANA 9.-15. JÚNÍ.

FINNDU ÞINN HUGO BOSS ILM OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ HUGO BOSS ÚR EÐA LANDSLIÐSTREYJU. VEGLEGUR KAUPAUKI FYLGIR*



*MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# NEYTENDUR

**Ráð**
**Heimilið**

## Grillgrindur hreinsaðar

Mælt er með að grillgrindur úr pottjárni séu hreinsaðar með mjúkum svampi eða mjúkum bursta en ekki bursta úr ryðfríu stáli eða messing.

Áður en grillið er notað er skynsamlegt að bera matarolíu á grindurnar með hreinni tusku til að fjarlægja strá sem mögulega hafa dottið úr grillburstanum.



Ef borin er olía á grindurnar fyrir og eftir notkun festist maturinn síður við þær auk þess sem grindurnar ryðga síður. Ekki á að nota ólífuolíu heldur venjulega matarolíu.

**App**
**GOmobile**

## Inneign safnað með viðskiptum

Á íslenskum smáforritamarkaði í dag eru mörg öpp sem eru neytendum sérstaklega til hagsbóta.

GOmobile gerir neytendum kleift að safna inneign með viðskiptum við samstarfsfélaga appsins. Notendur tengja appið við greiðslukort og fá endurgreiðslu í formi inneignar hjá appinu fyrir viðskiptin, allt frá 1,5 prósent endurgreiðslu og að 15 prósentum.

Sem dæmi má fá endurgreiðslu í formi inneignar af sólarlandaferðum en líka á skemmtistöðum miðborgarinnar.

Samstarfsfélagar GOmobile eru tæplega tvö hundruð talsins. Inneignina má nota í vefverslun GOmobile eða til að greiða niður reikninga hjá Símanum.







**Flugrekendum ber að upplýsa farþega sína um réttindi þeirra ef til seinkana kemur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Með ýmis réttindi þegar flugi seinkar

**Réttindi flugfarþega ef flugi seinkar eða er aflýst eru margvísleg. Kveðið er á um réttindin í Evrópureglugerð. Samskiptastjóri Samgöngustofu segir vitneskju farþega um réttindi sín fara vaxandi. Upphæð skaðabóta er allt frá 17.000 krónum.**

Flugfarþegar hafa ýmis réttindi ef til seinkana kemur, ef flug eru yfirbókuð eða þeim aflýst. Réttindin miðast við lengd flugs og lengd tafarinnar. Í Evrópureglugerð um réttindi flugfarþega er kveðið á um ýmis lágmarksréttindi sem flugrekendur eiga að virða.

Að sögn Þórhildar Elínardóttur, samskiptastjóra Samgöngustofu, hefur vitneskja flugfarþega um réttindi sín farið sívaxandi. „Flugrekendur hafa ríka skyldu til að upplýsa farþega um réttindi sín,“ segir Þórhildur.

Ef flugið sem um ræðir fellur undir EES-reglur eiga farþegar alltaf rétt á þjónustu hjá viðkomandi flugfélagi. Það sem felst í réttinum til aðstoðar er að flugrekanda ber að bjóða farþegum endurgjaldslaust máltíðir, hressingu og hótelgistingu ef þörf er á.

> Flugrekendur hafa ríka skyldu til að upplýsa farþega um réttindi sín.

Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu



Farþegar geta einnig átt rétt á skaðabótum eftir atvikum. Réttindin eru til staðar jafnvel þótt flugi sé frestað eða aflýst vegna orsaka sem teljast óviðráðanlegar, svo sem náttúruhamfara eða verkfalla.

Ef flugi er aflýst geta farþegar átt rétt á því að fá flugfargjald sitt endurgreitt eða flugmiðanum breytt. Farþegar eiga einnig rétt á endurgreiðslu ef seinkun á flugi er orðin fimm klukkustundir eða meira.

Upphæð skaðabóta vegna seinkana er frá 17 þúsund krónum, þegar um er að ræða flug undir 1.500 km og innan við tveggja klukkustunda töf, upp í 83 þúsund krónur þegar vegalengdin er yfir 3.500 km og lengd tafarinnar er meiri en fjórar klukkustundir. Þó skal nefna að ef seinkun er ekki á ábyrgð flugfélagsins eru ekki líkur á því að farþegar eigi rétt á skaðabótum.

„Til að kanna réttindi sín og mögulegar bætur eiga flugfarþegar að leita beint til þess flugrekanda sem þeir flugu með eða þjónustuaðila hans,“ segir Þórhildur og bætir við að ósáttir farþegar geti kvartað til Samgöngustofu.

**thordis@frettabladid.is**



**Neytandinn** Sóley Kristjánsdóttir vörumerkjastjóri

# Bestu eggin frá hænunum í garðinum

Sóley Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni, segist fá bestu eggin í bænum frá hænunum fjórum sem spígspora í garðinum hjá henni.

„Ég varð alveg sjúk í að fá mér hænur eftir að hafa lesið viðtal við mann sem var með hænur í Reykjavík. Hænurnar mínar eru alltaf úti. Þær hafa aðgang að kofa með hlýju á veturna en fara samt alltaf út á daginn. Þetta eru alvörulandnámshænur,“ segir Sóley sem kveðst nota úrganginn frá hænunum sem áburð á allar jurtirnar sem hún ræktar. Hænurnar séu svo fóðraðar á því sem til fellur á heimilinu ásamt hænsnafóðri.

„Við hendum aldrei mat og erum dugleg að nýta afganga. Ef maður á pasta afgangs má til dæmis setja ost ofan á það og hita í ofni daginn eftir. Það er nokkurs konar útgáfa af lasanja. Það er líka hægt að búa til góða máltíð með því að setja það sem maður á í ísskápnum ofan á tortillur sem maður bakar sjálfur eða kaupir. Ég set sósu á tortillur, fullt af grænmeti og ost yfir,“ tekur Sóley fram.

Hún ræktar fjölmargar tegundir af grænmeti og kryddjurtum í garðinum sínum og kann góð ráð til ræktunar. „Basil og ýmsar aðrar kryddjurtir eiga það til að tréna. Þess vegna er sniðugt að klippa stöngla af þeim, setja þá í vatn og þá rótar plantan sig. Svo er plantan sett í mold og þannig getur maður endurnýjað hana. Ég geri þetta líka við oregano, timjan og myntu.“



**Sóley Kristjánsdóttir fær fínan áburð á grænmetið sitt frá hænunum sem hún hefur í garðinum sínum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vorlauka sem Sóley kaupir úti í búð með rótum setur hún í vatn í nokkra daga og síðan í mold. „Vorlaukur vex hratt en þetta þarf maður að gera nokkrum sinnum. Stundum lifir hann af veturinn.“ **– ibs**

# TILBOÐ

**BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!**
**KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!**



PEUGEOT 206
Nýskr. 06/12, ekinn 78 þús km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr. 1.320.000**
Rnr. 283425
**TILBOÐ kr. 890 þús.**



LAND ROVER DISCOVERY 3 SE
Nýskr. 10/05, ekinn 263 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 2.890.000**
Rnr. 152094
**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**



TOYOTA COROLLA SOL
Nýskr. 07/07, ekinn 123 þús km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr. 1.390.000**
Rnr. 283428
**TILBOÐ kr. 970 þús.**



NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 06/14, ekinn 34 þús km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 2.690.000**
Rnr. 283284
**TILBOÐ kr. 2.290 þús.**



RENAULT MEGANE SPORT TOU.
Nýskr. 02/15, ekinn 49 þús km.
dísil, sjálfskiptur
**Verð áður kr. 3.090.000**
Rnr. 320486
**TILBOÐ kr. 2.690 þús.**



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/14, ekinn 53 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 6.750.000**
Rnr. 131882
**TILBOÐ kr. 5.890 þús.**



RENAULT CLIO SPORT TOURER
Nýskr. 12/11, ekinn 79 þús km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 1.490.000**
Rnr. 191961
**TILBOÐ kr. 1.090 þús.**



RANGE ROVER SPORT
Nýskr. 05/12, ekinn 45 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 10.900.000**
Rnr. 152202
**TILBOÐ kr. 9.900 þús.**



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 02/14, ekinn 69 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.180.000**
Rnr. 320490
**TILBOÐ kr. 3.590 þús.**



HONDA CR-V ELEGANCE
Nýskr. 07/13, ekinn 29 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 5.190.000**
Rnr. 283300
**TILBOÐ kr. 4.590 þús.**



HYUNDAI IX35 COMFORT
Nýskr. 05/15, ekinn 36 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.990.000**
Rnr. 120871
**TILBOÐ kr. 4.490 þús.**



BMW X5 xDrive 30d
Nýskr. 10/13 ekinn 19 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 9.980.000**
Rnr. 152013
**TILBOÐ kr. 8.890 þús.**



HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr. 10/12, ekinn 44 þús km.
bensín/metan, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.990.000**
Rnr. 310124
**TILBOÐ kr. 2.990 þús.**



SUBARU OUTBACK LUX
Nýskr. 01/13, ekinn 186 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.380.000**
Rnr. 143426
**TILBOÐ kr. 2.190 þús.**



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/13, ekinn 87 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 6.090.000**
Rnr. 191911
**TILBOÐ kr. 5.390 þús.**



HYUNDAI ix35 COMFORT
Nýskr. 05/14, ekinn 75 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.390.000**
Rnr. 103186
**TILBOÐ kr. 3.590 þús.**



PORSCHE CAYENNE S HYBRID
Nýskr. 08/14, ekinn 10 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 11.350.000**
Rnr. 283286
**TILBOÐ kr. 10.900 þús.**



HYUNDAI SANTA FE II V6
Nýskr. 03/07, ekinn 170 þús km.
bensín, sjálfskiptur
**Verð áður kr. 1.590.000**
Rnr. 152288
**TILBOÐ kr. 1.090 þús.**



RANGE ROVER VOUGE SE
Nýskr. 01/12, ekinn 91 þús km.
dísil, sjálfskiptur
**Verð áður kr. 12.400.000**
Rnr. 143141
**TILBOÐ kr. 10.900 þús.**



NISSAN INTERSTAR
Nýskr. 03/10, ekinn 125 þús km.
dísil, beinskiptur
**Verð áður kr. 2.390.000**
Rnr. 282695
**TILBOÐ kr. 1.690 þús.**

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengl.

**Opið frá kl. 9-18 á virkum dögum**
**og kl. 12-16 á laugardögum.**

Klettháls 11 - Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**bílaland**



Leiðtogar þriggja Evrópusambandslanda á fundi í Brussel nýverið: Angela Merkel Þýskalandskanslari, David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og François Hollande, forseti Frakklands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Neikvæð viðhorf til ESB** Efasemdir um Evrópusambandið hafa aukist verulega í aðildarríkjunum undanfarin misseri, samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Hálfur mánuður er þangað til Bretar kjósa um útgöngu.

| Viðhorf til ESB | Neikvæð | Jákvæð |
|---|---|---|
| Pólland | 22% | 72% |
| Ungverjaland | 37% | 61% |
| Ítalía | 39% | 58% |
| Svíþjóð | 44% | 54% |
| Holland | 46% | 51% |
| Þýskaland | 48% | 50% |
| Spánn | 49% | 47% |
| Bretland | 48% | 44% |
| Frakkland | 61% | 38% |
| Grikkland | 71% | 27% |

Heimild: Pew Research Center

# Ánægjan með ESB mælist í lágmarki

Grikkir, Frakkar og Bretar hafa minnsta trú á Evrópusambandinu. Almennt telja íbúar ESB-landanna það samt slæmt fyrir ESB ef Bretland segði skilið við sambandið. Hálfur mánuður er þangað til Bretar kjósa um útgöngu. Hægrimenn eru fremur á móti aðild.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**BRETLAND** Minnst ánægja með Evrópusambandið mælist meðal íbúa Grikklands, Frakklands og Spánar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun frá bandaríska Pew-rannsóknarfyrirtækinu.

Íbúar í tíu af 28 aðildarríkjum Evrópusambandsins voru spurðir út í afstöðu sína til sambandsins. Greinilegt er að ánægjan með sambandið hefur dvínað mjög á síðustu misserum.

Einungis 27 prósent Grikkja, 38 prósent Frakka og 44 prósent Breta segjast hafa jákvætt viðhorf til ESB.

Eftir tvær vikur ganga Bretar til kosninga um útgöngu úr Evrópusambandinu. Skoðanakannanir sýna að mjótt verður á mununum. Stundum hafa þeir mælst í meirihluta sem vilja yfirgefa ESB, en stundum hinir sem vilja að Bretland verði áfram í ESB.

David Cameron forsætisráðherra lofaði því fyrir þingkosningar á síðasta ári að ná samningum við Evrópusambandið sem styrki stöðu Bretlands og efna síðan til atkvæðagreiðslu um útgöngu.

Sjálfur hefur hann barist fyrir því að Bretland verði áfram í ESB á þessum nýju forsendum, sem hann samdi um fyrr á árinu. Andstæðingar aðildar koma ekki síst úr hans eigin flokki, Íhaldsflokknum, og hefur sú innanflokksandstaða ekkert dvínað þótt Cameron stæri sig af að hafa náð fram flestu því sem hann gerði kröfur um í samningi sínum við ESB.

Almennt eru íbúar annarra aðildarríkja þeirrar skoðunar að útganga Bretlands yrði slæm fyrir Evrópusambandið. Af þeim níu þjóðum, sem spurðar voru líst Svíum verst á útgöngu Bretlands. 89 prósent Svía telja það verða slæmt fyrir ESB.

Hins vegar er mest ánægjan með útgöngu Bretlands í Frakklandi, þar sem 32 prósent aðspurðra segja að hún yrði ESB til góðs.

Almennt eru kjósendur hægri flokka haldnir meiri efasemdum um ESB en kjósendur vinstri flokka, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Á Grikklandi, Ítalíu, í Frakklandi og á Spáni er mest andstaða við það hvernig ESB hefur tekið á efnahagsmálum, enda hafa efnahagsörðugleikarnir orðið mestir í þessum löndum.

**Í framtíðinni ættu ...**
- aðildarríkin að endurheimta eitthvað af völdum sínum frá ESB – **42%**
- valdahlutföllin að vera svipuð og þau eru nú – **27%**
- aðildarríkin að láta meiri völd af hendi til Evrópusambandsins – **19%**

**Útganga Bretlands yrði Evrópusambandinu (Bretar ekki spurðir) ...**

til góðs **70%**

til ills **16%**

**Þróun afstöðu til ESB frá 2004-2016**















ENNEMM / SÍA / NM75249 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Stelpurnar okkar – allar



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Stelpurnar okkar í landsliðinu rúlluðu yfir hið makedónska í undankeppni Evrópumeistaramótsins í fyrradag. Með sigrinum svo gott sem tryggðu þær sér sæti á mótinu sem fer fram næsta sumar. Fari svo að þær komist á mótið verður það í þriðja sinn í röð sem stelpurnar keppa í lokakeppni EM.

Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari var að vonum sáttur við frammistöðu liðsins, sem hafði mikla yfirburði í leiknum og sigraði með átta mörkum gegn engu. Stelpurnar hafa unnið alla sex leiki sína í undankeppninni með markatölunni 29-0, sem er magnaður árangur. En landsliðsþjálfarinn var ekki síður ánægður með stuðningsmenn liðsins. „Ég er fyrst og fremst ánægður með mætinguna," sagði Freyr í samtali við Fréttablaðið en á fimmta þúsund mættu á leikinn.

Mikið hefur verið rætt um fjölmiðlaumfjöllun og mismunun kynjanna. Þar vita líklegast allir miðlar sem yfirhöfuð fjalla um íþróttir upp á sig sökina. Hallbera Guðný Gísladóttir landsliðskona skrifaði í maí afar sterkan pistil á Facebook þar sem hún vakti athygli á áhugaleysi á íslenskri kvennaknattspyrnu. Nefndi hún litla umfjöllun í fjölmiðlum sem og lélega mætingu áhorfenda á deildarleiki.

Hallbera sagðist í gegnum árin hafa þurft að sætta sig við að hennar íþrótt skipti ekki jafn miklu máli og íþróttin sem bræður hennar og frændur spiluðu, þrátt fyrir að hún hafði lagt jafn mikið á sig og þeir og hugsanlega meira. „Foreldrar mínir og fjölskylda hvöttu mig að sjálfsögðu áfram en umhverfið sýndi mér að mín vinna var einfaldlega ekki jafn mikilvæg."

Ýmsar skýringar má finna á þessari ömurlegu staðreynd; að íþróttir kvenna virðast ekki skipta jafn miklu máli og karla. Minni fjölmiðlaumfjöllun, mýtan um meint getuleysi kvenna, minni peningar innan íþróttaliðanna og -hreyfinganna og fleira.

En stelpurnar okkar, fótboltastelpurnar, handboltastelpurnar, fimleikastelpurnar, sundstelpurnar og allar hinar sýna það svart á hvítu að við búum yfir heimsklassa íþróttamönnum af báðum kynjum. Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu er til að mynda í tuttugasta sæti á lista FIFA yfir bestu lið í heimi.

Fleiri og fleiri eru meðvitaðir um að kvennaíþróttir eru nákvæmlega jafn góð skemmtun og karla. Á leikinn á þriðjudaginn mættu fleiri en mæta alla jafna á deildarleikina hjá körlunum. Tvö- til fjórfalt fleiri. Efsta deild kvenna fær í sumar ítarlegri umfjöllun en áður hefur þekkst, leikur í hverri umferð er sýndur auk þess sem sérstakur markauppgjörsþáttur er á dagskrá Stöðvar 2 sport þar sem sýnt er úr öllum leikjum, ásamt meiri vef-, blaða- og útvarpsumfjöllun.

Um er að ræða mikið framfaraskref, en dugir þó ekki til. Áhugamenn um íþróttir þurfa að átta sig á að sleppi þeir kvennaíþróttunum missa þeir af helmingi veislunnar. Eins og að mæta í brúðkaup en fara áður en kossinn á sér stað.

**Fleiri og fleiri eru meðvitaðir um að kvennaíþróttir eru nákvæmlega jafn góð skemmtun og karla.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Enn önnur lög á kjaradeilu**

Innanríkisráðherra hefur með lagasetningu skikkað flugumferðarstjóra til að vinna yfirvinnu. „Ríkisstjórnin samþykkti í morgun að grípa inn í þessa deilu," sagði Ólöf Nordal í gær. Þessi kjaradeila flugumferðarstjóra er vissulega ekki að koma upp núna. Flugumferðarstjórar hafa átt í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins og Isavia frá því í október á síðasta ári. Eftir að þær samningaviðræður höfðu ekki skilað neinu ákváðu flugumferðarstjórarnir að hefja yfirvinnubann í byrjun apríl. Nú hafa flestallir samþykkt svokallað Salek-samkomulag en flugumferðarstjórar hlusta ekki á neitt slíkt heldur ætla sér stærri bita af kökunni.

**Ábyrgðarhlutinn**

Það er hins vegar ljóst að flugumferðarstjórar eru langt í frá láglaunastétt hér á landi. Margar stéttir hafa þurft að berjast fyrir nokkrum þúsundköllum í viðbót í vasa sinn eftir hver mánaðamót og hefur sú barátta sumra skilað því. Salek-samkomulagið gengur út á að halda hér á landi stöðugleika til þess að launaskrið framkalli ekki verðbólgu og launarýrnun þeirra lægst launuðu. Því er það ábyrgðarhluti þegar starfstéttir sem vissulega eru ekki á lægstu töxtunum krefjast ríflegri launahækkana en aðrar stéttir hafa fengið. sveinn@frettabladid.is

# Nýsköpun í skólastarfi



Rósa Guðbjartsdóttir
formaður bæjarráðs og fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Fræðsluyfirvöld Hafnarfjarðar hafa stigið stórt skref með samþykkt nýs sjálfstæðs grunnskóla í bæjarfélaginu en unglingaskólinn Nú tekur þar til starfa á komandi hausti. Í skólanum verður lögð áhersla á íþróttir og heilsusamlegan lífsstíl og byggja kennsluaðferðir á nýjustu tækni. Þjónustusamningur milli skólans og bæjarins vegna rekstrar hans var samþykktur í kjölfar viðurkenningar menntamálastofnunar á starfsemi hans.

Stofnun þessa nýstárlega skóla er í góðu samræmi við málefnasamning meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar en þar er lögð áhersla á nýsköpun og fjölbreytni á öllum stigum skólastarfs. Að baki ákvörðun fræðsluráðs liggur mikil og ígrunduð vinna en það hefur haft málefni skólans til umfjöllunar í tæp tvö ár.

Með auknu sjálfstæði skóla, hvort sem er innan hefðbundna kerfisins eða þar sem kraftar einkaaðila eru nýttir, felast sóknarfæri í menntun, tækifæri til umbóta og aukins árangurs. Ein leið til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda er að bjóða upp á fjölbreytni og aukið val. Sjálfstætt starfandi skólar eru viðbót við öflugt opinbert skólastarf. Valfrelsi gerir einstaklingum enn frekar mögulegt að vaxa og dafna á eigin forsendum og nýta styrkleika sína sem best. Það veitir kennurum einnig fjölbreyttara starfsumhverfi og er aukið val námsgagna þáttur í því. Fyrir áhugafólk um menntamál er það einnig umhugsunarvert að á Norðurlöndunum er hlutur sjálfstætt rekinna grunnskóla minnstur hér á landi og töluvert stærri að meðaltali í Evrópu. Nú þegar stunda á annað hundrað hafnfirsk börn nám í sjálfstætt reknum grunnskólum, innan sveitarfélagsins sem utan, og greiðir bæjarfélagið með hverjum nemanda 75% af landsmeðaltali rekstrarkostnaðar grunnskóla eins og lög gera ráð fyrir. Greiðslur með nemendum í nýja skólanum verða að hluta til viðbót við þá heildarupphæð sem nú þegar er sett í fræðslumálin í bæjarfélaginu. Í þjónustusamningi bæjarins við nýja skólann er sett hámark á skólagjöld, innritunarreglur skýrari en tíðkast í sambærilegum samningum sem og ákvæði um eftirlit og mat á skólastarfinu. Það er ánægjulegt að taka þátt í þeirri nýsköpun og frumkvöðlastarfi sem verið er að ýta úr vör með því að samþykkja nýjan unglingaskóla í Hafnarfirði. Og um leið skapa börnum aukin tækifæri og nýja möguleika til menntunar.

**Það er ánægjulegt að taka þátt í þeirri nýsköpun og frumkvöðlastarfi sem verið er að ýta úr vör með því að samþykkja nýjan unglingaskóla í Hafnarfirði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Auðlindir, ófriður, spilling

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason
prófessor

**Í Noregi hefur réttur eigandi olíuauðsins, norska þjóðin, leyst til sín að jafnaði um 80% af olíurentunni frá öndverðu og látið öðrum eftir 20% af rentunni. Á Íslandi er annað uppi: hér fær réttur eigandi sjávarauðlindarinnar aðeins 10% af sjávarrentunni í sinn hlut.**

Meðal þeirra tíu þjóðríkja sem eiga mestar olíulindir í tunnum talið er aðeins eitt lýðræðisríki, Kanada. Hin níu eru ýmist einræðisríki (Sádi-Arabía, Íran, Kúveit, Sameinuðu furstadæmin) eða fáræðisríki (Venesúela, Írak, Rússland, Nígería). Líbía er utan flokka, stjórnlaust land í uppnámi.

Af þessum tíu löndum á Venesúela mesta olíu. Þar ríkir nú öngþveiti í efnahagsmálum og stjórnmálum. Fólkið lifir frá hendinni til munnsins. Hillurnar í mörgum búðum standa auðar.

Hvernig gat þetta gerzt? Svarið er óstjórn, knúin áfram af auðfengnum olíugróða sem kynti undir ábyrgðarleysi og fyrirhyggjuleysi. Vitfirringin í hagstjórninni lýsir sér m.a. í því að bensínlítrinn í Caracas kostar túkall. Vandinn er ekki bundinn við Venesúelu. Öll hin löndin á listanum nema Sameinuðu furstadæmin hafa átt í ófriði ýmist út á við eða innan lands. Það er ekki tilviljun að sex þessara tíu landa eru í Austurlöndum nær, helzta ófriðarbæli heimsins. Átökin þar snúast að miklu leyti um yfirráð yfir olíulindum þótt annað sé látið í veðri vaka. Það er ekki heldur tilviljun að lýðræði á undir högg að sækja í öllum þessum löndum nema Kanada. Það stafar einkum af því að ríkjandi valdhafar reyna eftir föngum að sitja einir að auðlindunum og mega ekki til þess hugsa að hleypa öðrum að.

**Fjórar tölur: 80, 20, 10, 90**

Þessi lýsing á erindi við Ísland. Alþingismenn kjósa enn að traðka á lýðræðinu til að þóknast sjálfum sér og útvegsmönnum frekar en að virða kröfu kjósenda um réttmætan arð almennings af auðlindum í þjóðareigu. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni um nýja stjórnarskrá 2012 lýstu 83% kjósenda stuðningi við auðlindir í þjóðareigu. Áratugum saman hafa skoðanakannanir leitt til svipaðrar niðurstöðu. Vilji þjóðarinnar blasir við.

Fjórar aðrar tölur segja meira en mörg orð. Í Noregi hefur réttur eigandi olíuauðsins, norska þjóðin, leyst til sín að jafnaði um 80% af olíurentunni frá öndverðu og látið öðrum eftir 20% af rentunni. Á Íslandi er annað uppi: hér fær réttur eigandi sjávarauðlindarinnar aðeins 10% af sjávarrentunni í sinn hlut og Alþingi afhendir útvegsmönnum bróðurpartinn á silfurfati, 90%. Þessar fjórar tölur vitna um einbeittan ásetning – mér liggur við að segja brotavilja – Alþingis allar götur frá 1984. Hvað var nærtækara en að sækja fyrirmynd að hagkvæmri og réttlátri auðlindastjórn til Noregs? Áskoranir um það voru að engu hafðar. Norðmenn standa með pálmann í höndunum.

**Að kaupa sér atkvæði með annarra fé**

Orkan í iðrum Íslands hefur með líku lagi verið seld útlendingum um áratugaskeið á of lágu verði, svo lágu að því þurfti að halda leyndu fyrir réttum eiganda, þ.e. almenningi, þar til nýlega að stíflan brast. Stjórnmálamenn lofuðu kjósendum stóriðju fyrir kosningar til að kaupa sér atkvæði með annarra fé og tefldu þannig frá sér getunni til að semja um rétt verð fyrir orkuna sem er í orði kveðnu sameign fólksins í landinu og verður það fyrir víst þegar nýja stjórnarskráin nær loksins fram að ganga. Nær hefði verið að leita fyrirmyndar að heilbrigðum orkubúskap í Noregi. Hvað er sjálfsagðara en að réttur eigandi fái að vita á hvaða verði eigur hans eru seldar?



**Ísland skiptir máli**

Við þessa ófremd alla verður ekki lengur unað. Mælirinn er fullur. Alþingi er laskað líkt og löggjafarþing flestra olíulanda, þó ekki Noregs og Kanada. Útvegsfyrirtæki sem þekkja ekki annað en margra áratuga ríkisframfæri í gegnum kvótakerfið ausa fé í stjórnmálamenn og flokka, einkum núverandi ríkisstjórnarflokka svo sem fram kemur nú orðið í skýrslum Ríkisendurskoðunar, og halda úti siðvilltum dagblaðssnepli í þokkabót. Siðaveiklun Alþingis lýsir sér m.a. í því nú að margir þingmenn ræða nú upphátt og opinskátt hvort það borgi sig fyrir þá að efna hátíðlegt loforð ríkisstjórnarinnar um þingkosningar í haust.

Alþingi á tveggja kosta völ. Annaðhvort þarf þingið að virða vilja þjóðarinnar í auðlindamálum og varðandi nýja stjórnarskrá eða lýðræðið í landinu heldur áfram að laskast með illum afleiðingum. Umheimurinn fylgist nú grannt með þróun mála hér heima vegna þess að Ísland skiptir máli þegar öllu er á botninn hvolft. Það verður að teljast framför frá fyrri tíð þegar íslenzkir stjórnmálamenn þóttust geta farið sínu fram án þess að það spyrðist til útlanda. Svo er ekki lengur. Grímulaus spilling í stjórnmálum og viðskiptum á Íslandi vekur athygli um allan heim. Löskun lýðræðisins mun skaða álit Íslands enn frekar út á við og slíta sundur friðinn heima fyrir ef Alþingi sér sig ekki um hönd í tæka tíð.



# VINNINGASKRÁ — HAPPDRÆTTI SÍBS

6. flokkur 2016
útdráttur 7. júní 2016

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

**AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000**
24021

**AUKAVINNINGAR kr. 100.000**
24020 24022

**PENINGAVINNINGAR kr. 500.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2244 | 6837 | 18777 | 35380 | 39396 | 48375 | 53338 | 57125 | 64802 | 73184 |

**PENINGAVINNINGAR kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 39 | 7484 | 12904 | 21387 | 28380 | 38783 | 44466 | 50371 | 55904 | 63491 | 68624 | 75880 |
| 246 | 7671 | 13892 | 21658 | 30178 | 38877 | 44927 | 50558 | 56019 | 63556 | 69681 | 75942 |
| 316 | 8030 | 14279 | 21931 | 30609 | 39015 | 45662 | 50764 | 56138 | 63752 | 69722 | 76088 |
| 571 | 8565 | 14348 | 21984 | 31144 | 39589 | 45666 | 51141 | 56657 | 63787 | 69840 | 76348 |
| 926 | 8585 | 14777 | 22324 | 31698 | 39784 | 45678 | 51689 | 56693 | 65132 | 70178 | 76362 |
| 1135 | 9208 | 15310 | 22380 | 33591 | 40183 | 45749 | 52178 | 57110 | 65271 | 70925 | 76467 |
| 1159 | 10017 | 15904 | 22543 | 33862 | 40312 | 45793 | 52276 | 57470 | 65670 | 71789 | 76564 |
| 1182 | 10056 | 15917 | 23084 | 34809 | 40336 | 45794 | 52482 | 57486 | 66135 | 71864 | 77345 |
| 1230 | 10164 | 16033 | 23152 | 35029 | 40426 | 45830 | 53298 | 57857 | 66239 | 72558 | 77367 |
| 1576 | 10799 | 16228 | 23842 | 35060 | 40804 | 46031 | 53299 | 57978 | 66241 | 72743 | 78487 |
| 1629 | 10840 | 16445 | 24308 | 35209 | 40828 | 46038 | 53469 | 59114 | 66402 | 73206 | 78583 |
| 2339 | 10893 | 16702 | 24746 | 35682 | 40894 | 46230 | 53564 | 59699 | 66950 | 73255 | 78652 |
| 3003 | 10929 | 16848 | 25154 | 36053 | 41105 | 46245 | 53603 | 59911 | 67098 | 73536 | 78854 |
| 3126 | 11041 | 16949 | 25449 | 36147 | 41871 | 46667 | 53823 | 60780 | 67324 | 74124 | 78902 |
| 3288 | 11138 | 17369 | 25561 | 36360 | 42002 | 47256 | 53891 | 62010 | 67330 | 74149 | 79232 |
| 5156 | 11443 | 17668 | 26024 | 36764 | 42339 | 47265 | 54084 | 62186 | 67356 | 74162 | 79472 |
| 5179 | 11574 | 18250 | 26223 | 37046 | 42837 | 47697 | 54716 | 62322 | 67502 | 74168 | 79577 |
| 6545 | 11715 | 18271 | 26817 | 37367 | 42941 | 47909 | 55092 | 62451 | 67521 | 74259 | 79645 |
| 6782 | 12574 | 18999 | 27064 | 38166 | 43571 | 48860 | 55113 | 62835 | 67716 | 75757 | 79737 |
| 7323 | 12595 | 20214 | 27888 | 38291 | 43904 | 49385 | 55351 | 63162 | 68010 | 75858 | |
| 7365 | 12896 | 20366 | 27931 | 38438 | 44053 | 49735 | 55667 | 63286 | 68410 | 75879 | |

**VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM kr. 30.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 86 | 7137 | 14521 | 21551 | 28615 | 34819 | 42856 | 48864 | 54852 | 60358 | 67526 | 74966 |
| 137 | 7160 | 15157 | 21774 | 28991 | 34900 | 42965 | 48900 | 54960 | 60404 | 67774 | 75138 |
| 164 | 7200 | 15240 | 21840 | 29078 | 35095 | 43142 | 48968 | 55143 | 60566 | 67883 | 75298 |
| 334 | 7345 | 15249 | 21878 | 29285 | 35306 | 43491 | 49089 | 55218 | 60910 | 67910 | 75356 |
| 454 | 7451 | 15502 | 21908 | 29362 | 35318 | 43551 | 49196 | 55356 | 61076 | 67930 | 75575 |
| 536 | 7564 | 15636 | 22393 | 29605 | 35364 | 43718 | 49380 | 55609 | 61450 | 67965 | 75859 |
| 748 | 7789 | 15672 | 22414 | 29744 | 35391 | 43720 | 49617 | 55790 | 61496 | 68012 | 76161 |
| 889 | 7898 | 15680 | 22827 | 29828 | 35701 | 43749 | 49709 | 55821 | 61639 | 68173 | 76402 |
| 951 | 7941 | 15833 | 23059 | 29979 | 35725 | 43911 | 49802 | 55857 | 61942 | 68307 | 76427 |
| 1018 | 7961 | 16165 | 23149 | 30033 | 35887 | 43978 | 49844 | 55861 | 62443 | 68378 | 76454 |
| 1445 | 8103 | 16219 | 23187 | 30236 | 36425 | 44061 | 49961 | 55989 | 62560 | 68467 | 76488 |
| 1469 | 8141 | 16251 | 23334 | 30315 | 36479 | 44130 | 50162 | 56282 | 62668 | 68542 | 76542 |
| 1721 | 8548 | 16452 | 23365 | 30443 | 36842 | 44173 | 50223 | 56476 | 62825 | 68878 | 76700 |
| 1733 | 8753 | 16454 | 23893 | 30504 | 36850 | 44275 | 50265 | 56506 | 63146 | 68946 | 76990 |
| 1997 | 8766 | 16487 | 24093 | 30520 | 36875 | 44281 | 50280 | 56610 | 63153 | 69009 | 77007 |
| 2023 | 8865 | 16798 | 24396 | 30521 | 36980 | 44303 | 50845 | 56622 | 63263 | 69063 | 77059 |
| 2185 | 8884 | 17223 | 24427 | 30669 | 37212 | 44308 | 50940 | 56624 | 63363 | 69192 | 77064 |
| 2291 | 8981 | 17253 | 24460 | 30930 | 37318 | 44626 | 51068 | 56808 | 63462 | 69252 | 77079 |
| 2308 | 8996 | 17537 | 24534 | 30982 | 37655 | 44693 | 51093 | 56974 | 63660 | 69253 | 77350 |
| 2338 | 9046 | 17970 | 24600 | 31005 | 37798 | 44974 | 51349 | 57011 | 63797 | 69635 | 77445 |
| 2478 | 9131 | 17991 | 24782 | 31073 | 38023 | 45007 | 51382 | 57101 | 63814 | 69684 | 77501 |
| 2768 | 9222 | 18042 | 24894 | 31348 | 38129 | 45044 | 51441 | 57127 | 63876 | 69826 | 77815 |
| 2817 | 9372 | 18172 | 24968 | 31424 | 38149 | 45099 | 51442 | 57195 | 63907 | 70135 | 77853 |
| 2916 | 9426 | 18256 | 25050 | 31584 | 38172 | 45141 | 51562 | 57314 | 63955 | 70694 | 77931 |
| 2920 | 10090 | 18337 | 25056 | 31707 | 38315 | 45420 | 51650 | 57397 | 64153 | 70824 | 77939 |
| 3097 | 10112 | 18394 | 25062 | 31712 | 38336 | 45495 | 51693 | 57456 | 64261 | 71063 | 78221 |
| 3151 | 10237 | 18433 | 25171 | 31767 | 38356 | 45507 | 51737 | 57730 | 64318 | 71180 | 78232 |
| 3414 | 10296 | 18582 | 25290 | 31792 | 38699 | 45608 | 52156 | 57830 | 64353 | 71538 | 78241 |
| 3504 | 10724 | 18618 | 25673 | 31932 | 38855 | 45715 | 52288 | 57994 | 64451 | 71575 | 78357 |
| 3565 | 11007 | 18667 | 25824 | 32008 | 39028 | 45975 | 52301 | 58160 | 64518 | 71886 | 78433 |
| 3601 | 11043 | 18782 | 25868 | 32046 | 39070 | 45976 | 52365 | 58206 | 64575 | 72078 | 78522 |
| 3869 | 11278 | 18825 | 25909 | 32503 | 39153 | 46494 | 52442 | 58218 | 64674 | 72143 | 78609 |
| 3983 | 11713 | 18864 | 26112 | 32662 | 39248 | 46558 | 52664 | 58291 | 64820 | 72225 | 78916 |
| 4084 | 11987 | 19010 | 26195 | 32677 | 39591 | 46575 | 52729 | 58321 | 64901 | 72830 | 79118 |
| 4300 | 12025 | 19334 | 26262 | 32740 | 39754 | 46607 | 52740 | 58398 | 64941 | 72906 | 79178 |
| 4386 | 12124 | 19493 | 26851 | 32787 | 39970 | 46774 | 52760 | 58548 | 64992 | 73009 | 79202 |
| 4680 | 12408 | 19578 | 26945 | 32855 | 39998 | 46967 | 52964 | 58640 | 65164 | 73030 | 79220 |
| 4803 | 12521 | 19619 | 26985 | 33007 | 40086 | 47342 | 53052 | 58738 | 65177 | 73203 | 79477 |
| 5063 | 12563 | 19620 | 27112 | 33120 | 40348 | 47372 | 53358 | 58806 | 65524 | 73234 | 79594 |
| 5337 | 12585 | 19685 | 27117 | 33432 | 40428 | 47428 | 53422 | 58807 | 65965 | 73301 | 79605 |
| 5340 | 12760 | 19841 | 27154 | 33529 | 40482 | 47450 | 53520 | 58902 | 66174 | 73494 | 79735 |
| 5424 | 12879 | 20010 | 27177 | 33585 | 40757 | 47507 | 53582 | 59061 | 66295 | 73533 | 79746 |
| 5519 | 12999 | 20029 | 27410 | 33722 | 40779 | 47684 | 53618 | 59113 | 66305 | 73717 | 79837 |
| 5621 | 13077 | 20035 | 27429 | 33919 | 41053 | 47715 | 53673 | 59222 | 66343 | 73722 | 79975 |
| 5791 | 13326 | 20045 | 27504 | 33921 | 41291 | 47782 | 53850 | 59233 | 66553 | 73831 | 79990 |
| 5954 | 13388 | 20079 | 27599 | 33945 | 41500 | 47850 | 53912 | 59352 | 66681 | 73843 | |
| 5985 | 13434 | 20204 | 27638 | 33949 | 41641 | 47965 | 53921 | 59356 | 66798 | 73886 | |
| 6130 | 13482 | 20221 | 27741 | 34023 | 41887 | 47989 | 54244 | 59400 | 66964 | 73970 | |
| 6356 | 13586 | 20430 | 27883 | 34030 | 41986 | 48119 | 54269 | 59633 | 66986 | 74214 | |
| 6443 | 13955 | 20505 | 28157 | 34164 | 42122 | 48393 | 54368 | 59785 | 67082 | 74348 | |
| 6703 | 13986 | 20827 | 28282 | 34314 | 42186 | 48400 | 54434 | 59794 | 67176 | 74372 | |
| 6754 | 14052 | 20933 | 28317 | 34335 | 42271 | 48438 | 54497 | 60173 | 67180 | 74514 | |
| 6826 | 14070 | 20961 | 28412 | 34399 | 42389 | 48461 | 54507 | 60303 | 67215 | 74659 | |
| 7041 | 14254 | 21211 | 28485 | 34606 | 42773 | 48572 | 54703 | 60316 | 67314 | 74680 | |
| 7084 | 14316 | 21411 | 28500 | 34628 | 42833 | 48808 | 54811 | 60348 | 67352 | 74751 | |

**PENINGAVINNINGAR kr. 20.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 248 | 7229 | 14942 | 20537 | 27979 | 34218 | 42166 | 48188 | 53950 | 60390 | 66123 | 73550 |
| 328 | 7403 | 14948 | 20768 | 27989 | 34318 | 42183 | 48327 | 54169 | 60445 | 66154 | 73567 |
| 367 | 7480 | 15004 | 20807 | 28032 | 34584 | 42290 | 48486 | 54190 | 60453 | 66179 | 73589 |
| 386 | 7486 | 15231 | 20813 | 28079 | 34622 | 42336 | 48491 | 54218 | 60455 | 66345 | 73731 |
| 467 | 7523 | 15252 | 20902 | 28122 | 34920 | 42395 | 48502 | 54351 | 60458 | 66356 | 73882 |
| 492 | 7664 | 15333 | 20957 | 28131 | 34989 | 42454 | 48565 | 54389 | 60596 | 66405 | 73937 |
| 539 | 7769 | 15393 | 21137 | 28226 | 35048 | 42484 | 48568 | 54420 | 60683 | 66459 | 74002 |
| 679 | 7771 | 15398 | 21156 | 28293 | 35186 | 42791 | 48658 | 54488 | 60713 | 66639 | 74172 |
| 756 | 7872 | 15490 | 21390 | 28360 | 35261 | 42839 | 48897 | 54563 | 60774 | 66751 | 74330 |
| 1012 | 8035 | 15511 | 21412 | 28434 | 35381 | 43078 | 49076 | 54596 | 60792 | 66820 | 74477 |
| 1042 | 8153 | 15540 | 21963 | 28478 | 35799 | 43087 | 49122 | 54626 | 60810 | 66828 | 74633 |
| 1092 | 8258 | 15606 | 21968 | 28675 | 36162 | 43169 | 49350 | 54854 | 60909 | 67134 | 74760 |
| 1124 | 8310 | 15724 | 22201 | 28704 | 36427 | 43184 | 49559 | 55017 | 60978 | 67265 | 74790 |
| 1390 | 8394 | 15805 | 22223 | 28847 | 36609 | 43185 | 49744 | 55105 | 61008 | 67339 | 74853 |
| 1462 | 8410 | 15837 | 22234 | 28880 | 36868 | 43219 | 49832 | 55201 | 61096 | 67397 | 74987 |
| 1742 | 8502 | 15877 | 22264 | 29023 | 36911 | 43220 | 50029 | 55224 | 61110 | 67398 | 75007 |
| 1918 | 8514 | 15878 | 22276 | 29139 | 36950 | 43251 | 50309 | 55228 | 61164 | 67482 | 75029 |
| 1970 | 8643 | 15960 | 22428 | 29377 | 37011 | 43437 | 50520 | 55229 | 61312 | 67484 | 75111 |
| 2012 | 9041 | 16092 | 22507 | 29419 | 37347 | 43445 | 50535 | 55374 | 61501 | 67549 | 75402 |
| 2047 | 9087 | 16235 | 22695 | 29425 | 37547 | 43586 | 50583 | 55439 | 61505 | 67573 | 75709 |
| 2149 | 9195 | 16479 | 22797 | 29426 | 37557 | 43620 | 50584 | 55483 | 61555 | 67656 | 76146 |
| 2505 | 9228 | 16491 | 22815 | 29454 | 37755 | 43627 | 50781 | 55606 | 61704 | 67686 | 76164 |
| 2559 | 9302 | 16682 | 22842 | 29470 | 37781 | 43657 | 50786 | 55647 | 61715 | 67707 | 76258 |
| 2565 | 9407 | 16878 | 22928 | 29520 | 37795 | 43713 | 50971 | 55775 | 61866 | 67775 | 76329 |
| 2729 | 9514 | 16892 | 23110 | 29561 | 37804 | 43807 | 51129 | 55979 | 61868 | 67822 | 76414 |
| 2780 | 9526 | 16925 | 23120 | 29582 | 37850 | 43884 | 51135 | 56102 | 61876 | 67840 | 76499 |
| 3058 | 9859 | 16947 | 23252 | 29877 | 37875 | 43998 | 51158 | 56227 | 61925 | 68030 | 76513 |
| 3100 | 9907 | 17021 | 23264 | 29900 | 38027 | 44099 | 51189 | 56244 | 61943 | 68122 | 76605 |
| 3119 | 9936 | 17029 | 23306 | 30006 | 38109 | 44212 | 51215 | 56303 | 61995 | 68183 | 76626 |
| 3175 | 10145 | 17044 | 23358 | 30026 | 38222 | 44440 | 51227 | 56327 | 62060 | 68237 | 76638 |
| 3419 | 10170 | 17137 | 23444 | 30331 | 38272 | 44485 | 51229 | 56431 | 62093 | 68394 | 76671 |
| 3612 | 10443 | 17175 | 23735 | 30371 | 38281 | 44783 | 51253 | 56432 | 62232 | 68553 | 76797 |
| 3629 | 10446 | 17196 | 23756 | 30402 | 38295 | 44870 | 51257 | 56460 | 62293 | 68813 | 76881 |
| 3742 | 10482 | 17284 | 23839 | 30461 | 38304 | 44957 | 51315 | 56472 | 62345 | 68834 | 77041 |
| 3748 | 10511 | 17286 | 23902 | 30500 | 38344 | 45015 | 51386 | 56645 | 62498 | 69051 | 77119 |
| 3755 | 10560 | 17322 | 24033 | 30716 | 38422 | 45062 | 51399 | 56745 | 62536 | 69101 | 77256 |
| 3761 | 10579 | 17328 | 24157 | 30986 | 38464 | 45074 | 51466 | 56886 | 62604 | 69362 | 77261 |
| 3978 | 10674 | 17343 | 24231 | 31000 | 38552 | 45103 | 51543 | 56903 | 62675 | 69545 | 77372 |
| 3990 | 10833 | 17431 | 24238 | 31208 | 38765 | 45132 | 51567 | 56989 | 62734 | 69624 | 77416 |
| 4205 | 10860 | 17628 | 24368 | 31214 | 38836 | 45200 | 51632 | 57034 | 62844 | 69682 | 77578 |
| 4214 | 10965 | 17794 | 24584 | 31224 | 38996 | 45343 | 51665 | 57043 | 62897 | 70128 | 77663 |
| 4234 | 11167 | 17957 | 24608 | 31321 | 39179 | 45346 | 51731 | 57129 | 62923 | 70182 | 77823 |
| 4319 | 11430 | 17979 | 24631 | 31350 | 39206 | 45348 | 51840 | 57160 | 63006 | 70185 | 77825 |
| 4326 | 11519 | 17982 | 24704 | 31429 | 39207 | 45398 | 51850 | 57459 | 63163 | 70256 | 78003 |
| 4448 | 11663 | 18026 | 24809 | 31437 | 39482 | 45437 | 51858 | 57473 | 63251 | 70293 | 78005 |
| 4514 | 11757 | 18126 | 24937 | 31503 | 39673 | 45478 | 51880 | 57880 | 63301 | 70348 | 78010 |
| 4544 | 11789 | 18139 | 25174 | 31507 | 39679 | 45480 | 51916 | 57920 | 63339 | 70441 | 78261 |
| 4547 | 11811 | 18304 | 25252 | 31511 | 39818 | 45489 | 51934 | 57925 | 63447 | 70481 | 78298 |
| 4622 | 12072 | 18330 | 25395 | 31602 | 40049 | 45569 | 51983 | 58127 | 63921 | 70523 | 78438 |
| 4648 | 12092 | 18364 | 25469 | 31674 | 40097 | 45591 | 51987 | 58215 | 63965 | 70718 | 78457 |
| 4695 | 12166 | 18469 | 25481 | 31970 | 40233 | 45651 | 52103 | 58251 | 63968 | 70825 | 78460 |
| 4831 | 12181 | 18493 | 25603 | 31978 | 40278 | 45726 | 52259 | 58270 | 64093 | 71014 | 78523 |
| 4867 | 12394 | 18793 | 25615 | 31996 | 40383 | 45746 | 52278 | 58300 | 64158 | 71093 | 78580 |
| 4988 | 12605 | 18886 | 25621 | 32042 | 40430 | 45755 | 52473 | 58306 | 64199 | 71229 | 78662 |
| 5008 | 12613 | 18915 | 25649 | 32052 | 40574 | 45973 | 52505 | 58318 | 64226 | 71502 | 78782 |
| 5166 | 12672 | 18923 | 25672 | 32135 | 40659 | 46025 | 52535 | 58323 | 64287 | 71594 | 78807 |
| 5300 | 12695 | 19064 | 25765 | 32190 | 40729 | 46095 | 52616 | 58382 | 64373 | 71670 | 78862 |
| 5626 | 12720 | 19098 | 25923 | 32235 | 40734 | 46167 | 52687 | 58522 | 64553 | 71835 | 79002 |
| 5848 | 12913 | 19101 | 26039 | 32397 | 41059 | 46195 | 52775 | 58605 | 64587 | 72035 | 79197 |
| 5852 | 13255 | 19105 | 26433 | 32690 | 41144 | 46301 | 52861 | 58671 | 64773 | 72052 | 79260 |
| 5898 | 13323 | 19134 | 26578 | 32791 | 41185 | 46342 | 52893 | 58720 | 64804 | 72206 | 79348 |
| 6123 | 13373 | 19206 | 26650 | 32860 | 41191 | 46503 | 52959 | 58862 | 64859 | 72314 | 79364 |
| 6169 | 13394 | 19222 | 26789 | 33070 | 41338 | 46611 | 53137 | 58863 | 64913 | 72364 | 79575 |
| 6291 | 13577 | 19486 | 26801 | 33203 | 41489 | 46712 | 53146 | 58866 | 65215 | 72441 | 79680 |
| 6306 | 13662 | 19524 | 26870 | 33279 | 41501 | 46861 | 53267 | 58886 | 65242 | 72445 | 79931 |
| 6313 | 13687 | 19817 | 27343 | 33295 | 41503 | 47397 | 53293 | 59051 | 65254 | 72478 | |
| 6360 | 13804 | 19866 | 27415 | 33486 | 41506 | 47449 | 53371 | 59074 | 65352 | 72527 | |
| 6691 | 13838 | 19888 | 27496 | 33520 | 41518 | 47653 | 53488 | 59322 | 65410 | 72676 | |
| 6799 | 14249 | 19890 | 27531 | 33575 | 41561 | 47713 | 53508 | 59551 | 65416 | 72804 | |
| 6830 | 14342 | 20014 | 27624 | 33671 | 41579 | 47832 | 53626 | 59729 | 65430 | 72828 | |
| 6877 | 14393 | 20018 | 27648 | 33886 | 41665 | 47872 | 53710 | 59994 | 65451 | 73005 | |
| 6970 | 14550 | 20025 | 27667 | 33951 | 41899 | 47915 | 53809 | 60028 | 65630 | 73037 | |
| 7056 | 14611 | 20133 | 27713 | 34099 | 41994 | 47969 | 53849 | 60291 | 65686 | 73132 | |
| 7098 | 14703 | 20202 | 27750 | 34111 | 41998 | 48053 | 53888 | 60294 | 65956 | 73389 | |
| 7188 | 14820 | 20255 | 27978 | 34211 | 42015 | 48158 | 53897 | 60370 | 66105 | 73394 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. júní 2016
Birt án ábyrgðar um prentvillur

# Fólkið og framtíðin



**Halla Tómasdóttir**
forsetaframbjóðandi

Ég hef verið á ferð um landið undanfarnar vikur til að hitta fólk, hlusta á það og heyra hvað brennur á því. Eitt af því sem fólki er tíðrætt um er vaxandi neikvæðni, sundrung og samstöðuleysi. Þrátt fyrir að flestir hagvísar sýni velgengni og uppgang er eins og eitt og annað skorti þegar kemur að mannlegu hliðinni.

Við stöndum sannarlega frammi fyrir mörgum áskorunum, á slíkum tímum er ekki óeðlilegt að um sig grípi ótti og kvíði fyrir framtíðinni. Þegar traust er brotið er erfitt að byggja það upp, en traust er meðal annars forsenda jákvæðni og bjartsýni.

Í slíkum aðstæðum virðist gjarnan nærtækast að leita eftir einhverjum einum til að bjarga okkur úr prísundinni. Svolítið eins og í ævintýrunum, einstaklingi sem býr yfir nægilegri áræðni, þekkingu, kjarki og dug. Einstaklingi sem er nánast yfir aðra hafinn. Hetju sem getur bjargað deginum. Staðreyndin er hins vegar sú að slík hetja (ef hún er til) er ekki líkleg til að ná árangri. Það getur engin ein manneskja byggt upp traust, til þess þurfum við öll að leggjast á árarnar. Sannur leiðtogi er í raun fyrirliði sem virkjar viskuna og vitið í fólkinu sjálfu. Góður leiðtogi er auðmjúkur, heiðarlegur og réttlátur. Leitar ráða, viðurkennir mistök, sýnir fólki virðingu og beitir sér fyrir jafnrétti. Góður leiðtogi elur ekki á ótta heldur blæs samferðafólki sínu von í brjóst.

### Val milli fortíðar og framtíðar

Vald er vandmeðfarið. Hart eða drottnandi vald elur á ótta, rífur niður og skemmir. Mjúkt vald eflir og styrkir en setur einnig mörk. Þegar konur lögðu niður störf þann 24. október 1975 sýndu þær á mildan, en afar áhrifaríkan, hátt hvers þær máttu sín í samfélaginu, hvöttu og settu mörk. Það er mikilvægt að sjónarmið kvenna komi oftar fram. Við þurfum að þora að nálgast hlutina út frá kvenlægari gildum, leggja áherslu á samfélagsábyrgð og áhættumeðvitund. Við þurfum að vinna saman sem heild í stað þess að kýta eða keppa hvert við annað. Þegar við verjum tíma í það að ræða saman komumst við fljótlega að því að það er svo miklu meira sem sameinar okkur heldur en sundrar. Samstíga liðsheildir eru líklegri til að ná árangri en þau lið sem skipuð eru einstaklingum sem hugsa bara um eigin hag.

> **Þegar við verjum tíma í það að ræða saman komumst við fljótlega að því að það er svo miklu meira sem sameinar okkur heldur en sundrar.**

Við stöndum á tímamótum. Valið stendur milli fortíðar og framtíðar. Valið stendur milli gamalla og úreltra hugmynda um drottnun og ógnandi vald annars vegar og hins vegar um leiðir sátta, samstöðu og skýrra marka. Ég trúi því að með samtali og samvinnu getum við í sameiningu byggt upp traust. Ég trúi á fólkið og framtíðina.

# Athyglisverð þinglok!



**Steingrímur J. Sigfússon**
alþingismaður

Þinglokin, eða öllu heldur síðustu sólarhringar þinghaldsins nú í júníbyrjun áður en sumarhlé var gert, voru áhugaverð. Þingið afgreiddi mörg viðamikil mál og í yfirgnæfandi meirihluta voru þau afgreidd í breiðri þverpólitískri sátt. Ég hygg að á enga þingnefnd sé hallað þó hlutur velferðarnefndar sé þar nefndur sérstaklega. Þaðan voru afgreidd að lokinni gríðarmikilli vinnu ein fjögur stórmál á síðustu dögum þingsins og öll í þverpólitískri sátt. Hér á ég við lög um almennar íbúðir, þ.e. löggjöf um nýtt félagslegt leiguíbúðakerfi, sem velferðarnefnd nánast endursmíðaði frá grunni með viðamiklum breytingatillögum bæði við aðra og þriðju umræðu. Þá koma lög um húsnæðisbætur, húsaleigulög og lög um sjúkratryggingar. Þar eru tekin skref til að beina fólki að hinni almennu heilsugæslu sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu og sett þök á kostnað vegna heilbrigðisþjónustu. Afgreiðsla málsins af hálfu stjórnarandstöðunnar var bundin því skilyrði að nægjanlegir viðbótarfjármunir yrðu tryggðir til að innleiða breytingarnar og það náðist fram. Áður hafði velferðarnefnd afgreitt nýja löggjöf um húsnæðissamvinnufélög og reyndar mörg fleiri mál svo þar var svo sannarlega ekki setið auðum höndum í vetur.

Undir styrkri stjórn formanns nefndarinnar, Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, vann nefndin sig fram til sameiginlegarar niðurstöðu í öllum þessum stórmálum. Flest frumvarpanna tóku gagngerum breytingum og eiga líf sitt því að þakka að nefndin gerði þær breytingar sem til þurfti að hvorutveggja markmiðunum yrði náð; málin yrðu vönduð og næðu tilgangi sínum og þverpólitísk samstaða myndaðist um afgreiðslu þeirra. það er athyglisvert að þetta er önnur tveggja þingnefnda sem er undir forustu þingmanns úr stjórnarandstöðunni, minnihlutanum á þingi. Ekki bendir þessi niðurstaða til þess að það sé slæmur kostur fyrir meirihlutann hverju sinni að hefja sig upp yfir meirihlutaræðishugsunina, eins og reyndar þingsköp gera ráð fyrir, og virkja krafta minnihlutans a.m.k. í samræmi við hlutfallslegan þingstyrk til forustustarfa.

### Alþingi virkar

Margir telja það sjálfsagt mál að tala niður til Alþingis og hossa sér á litlu trausti sem til þess er borið um þessar mundir. Þeir hinir sömu mættu skoða það mikla starf sem velferðarnefnd hefur unnið þennan þingvetur, svo ég segi nú ekki unnið þrekvirki, því til þess er mér málið fullskylt sem einum nefndarmanna.

Að lokum segja þessir síðustu dagar þingstarfanna fyrir sumar okkur mikla sögu um að veldur hver á heldur. Forseti þingsins hefur staðið sig með ágætum og sett ágengd framkvæmdavaldsins gagnvart þinginu skorður, meðal annars með því að setja með endurskoðaðri starfsáætlun skýran ramma um þann tíma sem til ráðstöfunar væri. Þá mega bæði meirihlutar og minnihlutar innan viðkomandi þingnefnda eiga það sem þeim ber. Staðreyndin er sú að landamærin leystust upp þegar til stykkisins kom og meira og minna skapaðist yfir línuna sú afstaða til starfsins að það væru málefnin sem ættu að ráða ferð. Hvernig gat þetta gerst, geta menn þá spurt? Er ekki alltaf allt upp í loft á þinginu? Svarið er nei og hefur reyndar lengi verið. Miklu stærri hluti þingstarfanna en ytri umfjöllun gjarnan gefur til kynna fer fram með vönduðum hætti og leiðir til niðurstöðu sem er farsæl fyrir viðkomandi málaflokk, land og þjóð. En þetta fær jafnan litla athygli af því að enginn er í handritinu bardaginn.

> **Stjórnarandstaðan hefur ekki aðeins greitt götu þeirra mála ríkisstjórnar og einstakra ráðherra sem hún hefur talið horfa til bóta, heldur beinlínis tekið þau upp á arma sína og borið uppi vinnuna við þau mörg hver.**

### Stjórnarandstaðan nú og þá

Að lokum er ekki hægt að sleppa því að fara í lítilsháttar sögulegan samanburð. Frá og með vetrarlokum hefur verið nokkuð ljóst að síðasta þing þessa kjörtímabils væri að renna sitt skeið á enda. Kosningar yrðu að hausti. Það hefði því verið hægur leikur óbilgjarnri stjórnarandstöðu að eyðileggja allt sem hún vildi eyðileggja af málatilbúnaði ríkisstjórnar og meirihluta hennar. Það hefur ekki verið gert heldur einmitt hið gagnstæða. Stjórnarandstaðan hefur ekki aðeins greitt götu þeirra mála ríkisstjórnar og einstakra ráðherra sem hún hefur talið horfa til bóta, heldur beinlínis tekið þau upp á arma sína og borið uppi vinnuna við þau mörg hver.

Sem sagt, gæfa Íslands nú um stundir er meðal annars fólgin í því að nú er í landinu stjórnarandstaða sem lætur málefnin ráða. Stjórnarandstaðan hefur sýnt og sannað að hún er sanngjörn og uppbyggileg í sinni nálgun í þingstörfunum, föst fyrir þegar við á en lætur ekki meinbægni í garð sitjandi ríkisstjórnar og þingmeirihluta stjórna öllum sínum gjörðum. Það er mikil framför frá þeirri heiftúðugu niðurrifs- og eyðileggingarstarfsemi sem stjórnarandstaða Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks stundaði á kjörtímabilinu 2009-2013.

SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





# 3 FYRIR 2 AF SMÁVÖRU

GILDIR 9.–15. JÚLÍ



**20% AFSLÁTTUR**
**AF POLO U TUNGUSÓFA**

POLO U TUNGUSÓFI
ÁÐUR 199.900,- NÚ 159.920,-
Stærð: 298x152x205 cm.

20% AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR • 20%






ANTONABERGUR

the PIER

GLÆSILEGT ÚRVAL
Á PIER.IS

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880   Erum á Facebook • www.pier.is


KRÓNAN
-25% af ferskjum og nektarínum
259 kr. pk.
Verð áður 349 kr. pk.
Ferskjur og nektarínur 500g, Spánn
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 12. JÚNÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

Ódýrt




Vanilluís og súkkulaðiís 2L

**399** kr. pk.




Frosin bláber 250g - 996 kr.kg

**249** kr. pk.




Frosin hindber 300g - 930 kr.kg

**279** kr. pk.

Ódýrt




Frosin jarðarber 400g - 423 kr.kg

**169** kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# KRÓNAN



ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK

## 100% hamborgara-búðin þín

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

alltaf 2 stk. í pakka





ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010

**1299 kr. pk.**
100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka





**2199 kr. kg.**
Beibíbakk grísarif Fabrikkunnar





**76 kr. stk.**
Kristall Mexíkó lime og án bragðefna, 33cl



**899 kr. pk.**
Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!



**499 kr. pk.**
Rösti kartöflur 6 stk.



**649 kr. pk.**
Grillbakki maískólfar 4 stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


KRÓNAN
Ítölsk marinering
New York marinering
1999 kr. kg
Verð áður 2369 kr. kg
Lambalærisneiðar
(úrval marineringa)
Sweet dream marinering
Grísahnakkafile
(úrval marineringa)
Mangó marinering
Grillað 'etta
KRÓNAN
1529 kr. kg
Verð áður 1699 kr. kg
Marinerað af kjötmeistara Krónunnar
Mangó - chili marinering
Lime og smjör marinering
Beinhreinsuð fersk laxaflök
(úrval marineringa)
2429 kr. kg
Verð áður 2699 kr. kg
GRAND CRU LAMB
Lambalærisneiðar
2199 kr. kg
Verð áður 2549 kr. kg
Bocuse d'Or lambalærisneiðar

# Nú er það forsetinn, 25 ár liðin og sama steypan



Einar Árnason
hagfræðingur

Það er áhyggjuefnin þegar ráðamenn segja rangt til um grundvallarstaðreyndir, aftur og aftur. Undirritaður er fullviss um að slíkt viðgangist ekki í nálægum löndum þegar staðreyndirnar liggja fyrir og eru ótvíræðar.

***Fyrir 25 árum***

Eftir háskólanám í Bretlandi var undirritaður hagfræðingur á Þjóðhagsstofnun til ársins 1986. Þá þegar kom í ljós að borgarstjóri Reykjavíkur, Davíð Oddsson, sagði ósatt til um skattbreytingar í Reykjavík, sagðist hafa lækkað skatta, þegar í raun var verið að hækka skatta verulega. Það kom undirrituðum mjög á óvart að slíkt viðgengist á Íslandi.

Leikurinn sem borgarstjóri lék þá t.d. varðandi útsvar var að bera saman álagningarprósentu útsvars sem greitt var af tekjum fyrra árs á miklum verðbólguárum við álagningarprósentu í staðgreiðslu. Þannig sagði prósentan ein og sér ekkert um skattbyrði. Þetta benti undirritaður á í blaðagreinum fyrir rúmlega 25 árum.

Jafnframt að byggingarkostnaður Ráðhúss Reykjavíkur og Perlunnar var strax á haustdögum 1991 kominn yfir 100% fram úr áætlunum þó borgarstjóri fullyrti að hækkunin væri aðeins 20% og raunar allt niður í 4% þegar á hann var gengið. Þá var bara logið dýpra þó staðreyndirnar lægju fyrir.

***Spurningum svarað hjá Nova um forsætisráðherraárin 1991-2004 og utanríkisráðherraárið 2004-2005.***

Þann 18. maí síðastliðinn svaraði Davíð Oddsson frambjóðandi spurningum hjá Nova. Aðspurður um stærstu afrek sín á stjórnmálaferlinum svaraði Davíð meðal annars:

„Varðandi ríkið þá er ég náttúrulega stoltur yfir mörgu þar – en af löggjöf getur maður nefnt upplýsingalöggjöf, stjórnsýslulöggjöf, en jafnframt að við samfellt borguðum niður skuldir ríkisins um leið og við lækkuðum skatta aftur, aftur og aftur. Það var ánægjulegt."

Því miður er þetta með skattana ósannindi aftur, aftur og aftur. Í rauninni er það óhemju ófyrirleitni að leyfa sér að fara svona rangt með staðreyndir og mjög ljótur leikur gagnvart almenningi.

Undirritaður skrifaði greinar um þetta, oftast með Ólafi Ólafssyni, fyrrverandi landlækni, formanni FEB og Landssambands eldri borgara – og oft Pétri Guðmundssyni verkfræðingi. Þar sýndum við fram á það sem öllum var ljóst sem til þekktu, að skattbyrðin hafði stóraukist, sérstaklega á lægri tekjuhópa.

***Enn ein sönnunin. Nefnd fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins.***

Skýrslunni „Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni" var skilað til Árna Mathiesen, þá fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, þann 11. september 2008 eða tæpum mánuði fyrir hrun. Á blaðsíðu 90 í skýrslunni er tafla um breytingu á skattbyrði hjá hjónum og sambúðarfólki árin 1993-2005 sem voru ríkisstjórnarár Davíðs sem hófust 1991. Í aftasta dálki töflunnar kemur fram hver breyting á skattbyrði heildartekna eftir tekjubilum var á þessu tímabili. Þannig jókst skattbyrði lægstu tekjuhópanna um 10% til 13,5%, þó enn hefði verið fullyrt að hún hefði lækkað. Skattbyrðin lækkaði þó í efstu tekjubilunum hjá tekju- og launahæsta fólkinu.

Aukin skattbyrði var vegna þess að skattleysismörk lækkuðu að raungildi þessi ár svo almenningur var að borga skatta af stærri hluta tekna en áður. Orðrétt segir í skýrslunni (bls. 90) um þessa töflu:

„Skattbyrðin eykst um rúmlega 10% prósentustig í lægstu tekjubilum, en munurinn fer síðan minnkandi og deyr út við 90% mörkin. Stafar það af því að lægra álagningarhlutfall hefur meira að segja eftir því sem tekjurnar eru hærri, auk þess sem afnám hátekjuskattsins virkar efst í tekjuskalanum."

Það var þó rétt hjá Davíð Oddssyni að skattbyrði á hæstu en bara hæstu heildartekjurnar og laun lækkar, lækkar og lækkar en hjá meginþorra fólksins hækkar hún, hækkar og hækkar á þessu tímabili. Það er pólitísk ákvörðun ein og sér, að breyta skattkerfinu á þann máta og leiðir augljóslega af sér aukinn ójöfnuð. En að segja ósatt um þetta er afleitt og í besta falli siðlaust.

**Því miður er þetta með skattana ósannindi aftur, aftur og aftur. Í rauninni er það óhemju ófyrirleitni að leyfa sér að fara svona rangt með staðreyndir og mjög ljótur leikur gagnvart almenningi.**

*Höfundur var áður hagfræðingur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og hagfræðingur Landssambands eldri borgara og síðar óflokksbundinn aðstoðarmaður ráðherra.*

**visir.is** Sjá má lengri útgáfu greinarinnar með heimildaskrá á Vísi.

# Fastur í speglasal



Björgólfur Thor Björgólfsson
athafnamaður

Róbert Wessman gaf lesendum Markaðarins innsýn í hugarheim sinn í gær. Að horfa á þá mynd var eins og að svipast um í speglasal, allt bjagað og snúið. Hann býsnast yfir yfirtöku Pharmaco á Delta árið 2002 og segir að hann hafi ekki haft fjármuni til að verjast yfirtökunni. Staðreyndin er sú að hann var starfsmaður félagsins og hafði auðvitað ekkert um það að segja hvort eigendur þess seldu hlut sinn eða ekki. Hann kennir viðskiptabanka félagsins um að hafa sent sig úr landi og „á meðan plottuðu þeir yfirtökuna". Á mannamáli heitir þetta að nokkrir hluthafa hafi fallist á að selja – og þurftu auðvitað ekki að spyrja starfsmann sinn leyfis.

Róbert starfaði áfram sem forstjóri næstu 6 árin og lætur eins og það hafi hann gert tilneyddur! Hann var forstjóri Actavis þegar félagið var tekið af markaði, tók fullan þátt í að semja um skuldsetningu þess við Deutsche Bank og var þar byggt á áætlunum hans sjálfs. Vandamál tengd kaupum forstjórans á gölluðu fyrirtæki í Bandaríkjunum ollu félaginu gríðarlegu fjártjóni. Sú staðreynd, auk þess sem síðar reyndust vera fullkomlega óraunhæfar áætlanir forstjórans, urðu til þess að Actavis varð ógjaldfært. Róbert var m.a. vegna þessa rekinn úr forstjórastóli, eins og fram hefur komið, en hann hefur valið að endurskrifa söguna. Það að hann hafi ákveðið að hætta á þessum tímapunkti eftir áralanga gremju verður að teljast heldur ótrúverðugt, enda eignir hans bundnar í Actavis.

Dylgjur Róberts um að ég hafi fyllst einhverri afbrýðisemi vegna kaupa hans í Glitni eru enn ein bjögunin. Það sem mér féll illa voru sífellt vaxandi umsvif forstjóra Actavis á öðrum og óskyldum vettvangi sem samræmdust ekki forstjóraskyldum hans. Róbert rak 10 manna fjárfestingarfélag sitt, Salt Investments, á sama tíma og hann átti að einbeita sér að fullu að rekstri stórfyrirtækis. Við yfirtökuna á Actavis fékk forstjórinn frá mér hlut að verðmæti yfir 100 milljónir evra í félaginu og þurfti aðeins að greiða brot fyrir. Hann veðsetti þennan eignarhlut, þrátt fyrir að honum væri það óheimilt, og hóf að kaupa eignir um allar trissur.

Við hrun voru skuldir Salt Investments gríðarlegar, sem og persónulegar skuldir Róberts. Það er ástæða þess að „hlutir hans í Actavis [voru] teknir af honum eftir hrun". Eitt félaga hans, Salt Generics, var skráð fyrir hlutnum í Actavis. 2010 var það félag komið í eigu GL Investments, sem aftur var í eigu Glitnis. Þessar breytingar urðu um svipað leyti og tilkynnt var um fjárhagslega endurskipulagningu Actavis. Óbjögguð er sagan svona: Róbert skuldaði Glitni milljarða á milljarða ofan. Þær skuldir voru að mestu afskrifaðar, en bankinn leysti auðvitað til sín þær eignir sem voru veðsettar honum, þar á meðal eignarhlut Róberts í Actavis. Hlut sem hann hafði fengið að mestu gefins og varð verðlaus undir hans stjórn. Að halda því fram að ég hafi fengið þann hlut gefins sýnir undarlegt innsæi stórforstjórans á því hvernig viðskipti ganga fyrir sig.

Það merkilegasta í viðtalinu er að þar viðurkennir Róbert í fyrsta skipti opinberlega að vera stór hluthafi í Alvogen með tugmilljarða hlut. Hvers vegna hefur starfsmaður hans Árni Harðarson ávallt verið sagður eigandi þess hlutar? Ætli það tengist samningum Róberts við íslensku bankana um skuldir hans og tengdra félaga, sem samkvæmt Rannsóknarskýrslu Alþingis námu um 30 millljörðum króna, og voru afskrifaðar að mestu? Spyr sá sem ekki veit.

**Staðreyndin er sú að hann var starfsmaður félagsins og hafði auðvitað ekkert um það að segja hvort eigendur þess seldu hlut sinn eða ekki. Hann kennir viðskiptabanka félagsins um að hafa sent sig úr landi og „á meðan plottuðu þeir yfirtökuna". *Á mannamáli heitir þetta að nokkrir hluthafa hafi fallist á að selja – og þurftu auðvitað ekki að spyrja starfsmann sinn leyfis.***

# Hvers vegna umhverfismat hótels í Kerlingarfjöllum?



Snorri Baldursson
formaður Landverndar



Hans Kristjánsson, einn eigenda Fannborgar ehf. sem rekur ferðaþjónustu og hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum, skrifaði grein í Fréttablaðið þann 26. maí sl. undir heitinu „Skrýtin svör og starfsaðferðir Landverndar". Þar sem vitnað er í undirritaðan með beinum hætti og spurt hvað Landvernd sé að kæra er sjálfsagt að bregðast við.

**Forsagan**

Forsaga málsins er að Landvernd kærði 4. ágúst sl. ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki þyrfti að meta fyrsta áfanga af þremur í uppbyggingu 342 manna gistiaðstöðu í Kerlingarfjöllum, þar með stóra hótelbyggingu fyrir 240 manns. Stofnunin úrskurðaði þó að umhverfismeta skyldi seinni áfangana tvo. Landvernd taldi þetta sérkennilega ákvörðun sem ekki stæðist lög um mat á umhverfisáhrifum og kærði því úrskurðinn. Þegar fyrir lá að framkvæmdir væru hafnar við fyrsta áfanga og að þær gætu hugsanlega klárast áður en úrskurður ÚUA lægi fyrir fór Landvernd annarsvegar fram á stöðvun framkvæmda og hins vegar kærðu samtökin byggingarleyfi það sem Hrunamannahreppur gaf út. Þetta kallar Hans skrýtnar starfsaðferðir.

**Ástæður kæru**

Kærurnar eru lögum samkvæmt, eins og Hans raunar bendir á, og settar fram til þess að tryggja að hótelframkvæmdin í heild sinni fari í mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagsbreytingin fór framhjá okkur á sínum tíma, því miður, og þar með möguleiki til athugasemda á því stigi.

Landvernd krefst heildstæðs umhverfismats af eftirfarandi ástæðum:

- Fyrirhuguð hótelbygging er hin fyrsta sinnar tegundar á miðhálendinu að umfangi og útliti og er því fordæmisgefandi.
- Útlitshönnun sýnir að horfið er frá uppbyggingu í anda fjallaskála og þjónustustig er hækkað.
- Óvíst er hvernig byggingin fellur að markmiðum landsskipulagsstefnu þar sem m.a. er kveðið á um að uppbygging innviða skuli taka mið af sérstöðu í náttúrufari miðhálendisins (þ.m.t. víðernum).
- Ófært er að undanskilja umhverfisáhrif af fyrsta áfanga t.d. hvað varðar breytt þjónustustig, ágang ferðamanna á nærliggjandi náttúruverndarsvæði, samspil við vegagerð á Kili, o.s.frv.

Þetta eru meginástæður fyrir kærum Landverndar. Við þær má svo bæta að rannsóknir Önnu Dóru Sæþórsdóttur, prófessors í ferðamálafræði við HÍ, hafa sýnt að hótel eru þau mannvirki sem 93% ferðamanna telja síst samræmast hugmyndum um víðerni á hálendinu. Sams konar viðhorf koma fram í könnun meðal ferðamanna sem Fannborgarmenn sjálfir stóðu að í tengslum við gerð umhverfismatsskýrslu.

Þar með hefur þú svarið sem þú kallar eftir, Hans. Málið snýst ekki um það hvort Fannborg hafi gengið vel eða illa um Kerlingarfjöll. Málið snýst ekki í grunninn um Fannborgu ehf., þótt vissulega geti þessar kærur tafið fyrir áformum þessa fyrirtækis. Við bendum á að allt miðhálendið, sem Landvernd ásamt fleirum berst fyrir að verði gert að þjóðgarði, er þjóðlenda í eigu allra Íslendinga og einn okkar mikilvægasti og verðmætasti náttúruarfur.

Þess vegna verða þeir, sem vilja standa í miklum framkvæmdum á borð við hótelbyggingar á miðhálendinu, að þola það að samtök, sem gæta réttar almennings og náttúrunnar, grípi til allra þeirra ráða sem tiltæk eru lögum samkvæmt til að tryggja að umhverfisáhrif framkvæmdanna séu metin í heild sinni. Krafan er ekki stærri en það. Á sama hátt er það alls ekki einkamál eins sveitarfélags hvernig uppbyggingu á miðhálendinu verður háttað.

**Rannsóknir Önnu Dóru Sæþórsdóttur, prófessors í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, hafa sýnt að hótel eru þau mannvirki sem 93% ferðamanna telja síst samræmast hugmyndum um víðerni á hálendinu.**



Olga Soffía Einarsdóttir stílisti segir að í sumarbrúðkaupi ættu konur að vera meira í litum.



Gestir í konunglegu brúðkaupi í Stokkhólmi mættu prúðbúnir. Kjóllinn er í fallegum lit. Herrann er í kjólfötum.



Mary, krónprinsessa Danmerkur, og eiginmaður hennar, Friðrik krónprins, mættu í brúðkaup Karls Filipps Svíaprins og Sofiu í fyrrasumar í sparifötunum. Mary var í ljósfjólubláum síðkjól.

# LITIR ÆTTU AÐ SJÁST MEIRA HJÁ ÍSLENSKUM BRÚÐKAUPSGESTUM

Nú er tími brúðkaupa og flottra veislna. Það getur verið höfuðverkur að finna rétta klæðnaðinn fyrir brúðkaupsveisluna. Olga Soffía Einarsdóttir stílisti segir konur á Íslandi of feimnar við að nota liti og klæða sig í glæsikjóla.

Olga Soffía segir að reglan sé sú að klæðast ekki hvítum kjól í brúðkaupi. „Ég hef nokkrum sinnum verið í brúðkaupi þar sem konur hafa verið í hvítu. Það er ekki æskilegt nema brúðurin biðji um það sérstaklega. Klæðnaðurinn fer auðvitað svolítið eftir aðstæðum, hvort brúðkaupið sé að vetri eða sumri, í sólskini eða rigningu. Sum brúðkaup eru haldin uppi í sveit en þá er allt í góðu lagi að vera í strigaskóm við sparikjólinn. Þegar veðrið er gott að sumarlagi er um að gera að mæta prúðbúin en sumarleg. Konur ættu að vera meira í litum,“ segir Olga Soffía og bætir við að íslenskar konur gangi of mikið í svörtu.

„Kjólarnir geta verið síðir eða stuttir, jafnvel sparileg buxnadragt. Stundum eru brúðhjónin með þema og þá fylgir fólk beiðni þeirra. Mér finnst konur alltaf elegant og smart í síðum kjól. Það er formlegur fatnaður og glæsilegur. Yfirleitt er þó léttara yfir konum í stuttum kjól,“ segir hún.

Olga Soffía bjó lengi í Bretlandi og segir mikinn mun á brúðkaupstísku þar í landi eða hér. „Allar konur koma með hatt í enskt brúðkaup og þær eru miklu formlegri í klæðaburði en íslenskar konur. Hér gengur engin kona með hatt. Þær bresku leggja til dæmis mikið upp úr því að vera með veski í stíl við hatt og skó. Íslenskar konur eru frekar kasjúal og dressa sig svolítið niður,“ segir Olga Soffía sem heldur námskeið í fatastíl sem sjá má á heimasíðu hennar, olga.is.

> Mér finnst konur alltaf elegant og smart í síðum kjól. Það er formlegur fatnaður og glæsilegur. Yfirleitt er þó léttara yfir konum í stuttum kjól.
>
> Olga Soffía Einarsdóttir

„Það er rosalega gaman að vera fínn,“ segir hún. „Við eigum að notfæra okkur tilefni eins og brúðkaup, leikhúsferð eða afmæli til að vera fín. Mér finnst líka að fallegir litir mættu vera sjáanlegri í kjólatískunni hér á landi. Einu sinni fór ég í írskt brúðkaup og þar voru allar konur í síðum kjólum, mjög sparilegar. Því miður er ekki mikið úrval af flottum, síðum sparikjólum í íslenskum verslunum. Svo er líka allt í lagi að skoða vintage kjóla eða fara í skápinn hennar ömmu. Ef kalt er í veðri ættu konur að taka fram loðkraga með kjólunum eða hafa pels yfir sér, sérstaklega að vetri. Við erum allt of feimnar við að vera spariklæddar,“ segir Olga Soffía og bendir á að gallabuxur séu nánast einkennisklæðnaður á Íslandi. **elin@365.is**





20% afsláttur af
CHANEL alla helgina.
Gréta Boða kynnir CHANEL
í Sigurboganum 9. – 11. Júní.

SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS




Berglind Ómarsdóttir, klæðskera- og kjólameistari, heldur tískusýningu á Oddsson ho(s)teli í kvöld klukkan sex þar sem hún sýnir vörur sem hún hefur unnið að að undanförnu. Sýningin er haldin í tilefni útskriftar Berglindar sem meistari í klæðskurði og kjólasaumi. MYND/HANNA

# LITRÍKT OG TÖFF

Hönnun **Berglindar Ómarsdóttur**, klæðskera- og kjólameistara, er lífleg, litrík, töff, klæðileg og aðeins öðruvísi. Hún hefur alla tíð pælt í tísku og heldur sína fyrstu einkatískusýningu í Reykjavík í kvöld.

Berglind Ómarsdóttir klæðskera- og kjólameistari heldur tískusýningu á Oddsson ho(s)teli í kvöld klukkan sex þar sem hún sýnir vörur sem hún hefur unnið að undanförnu. Sýningin er haldin í tilefni útskriftar Berglindar sem meistari í klæðskurði og kjólasaumi. „Ég opnaði eigin saumastofu fyrir um fjórtán árum og var þá nær eingöngu í sérsaumsverkefnum, eins og brúðarkjólum og öðrum samkvæmisfatnaði. Ég flutti svo til Lúxemborgar árið 2008, var þar með saumastofu og byrjaði þá fyrst fyrir alvöru að hanna og framleiða mína eigin línu. Það góða við að búa í Mið-Evrópu er að það er svo auðvelt að verða sér úti um alls kyns efni. Ég flutti aftur heim til Íslands síðasta haust og kom mér upp vinnustofu og hef aðeins verið að koma mér á kortið aftur,“ útskýrir Berglind.

Sýningin í kvöld verður fjórða einkasýning Berglindar á rúmum fjórum árum en hún hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum í gegnum tíðina. „Fyrstu einkatískusýninguna hélt ég fyrir fullum sal af fólki í Lúxemborg 2012. Ég fékk mjög góð viðbrögð bæði í blöðum og sjónvarpi þar sem aðaltískumógúll Lúxemborgar hélt víst ekki vatni yfir hönnuninni minni og ég skildi ekkert hvað hann var að tala um mig í sjónvarpinu,“ segir hún og hlær. Hún nefnir að hún sé frá Eyjum en þar hefur hún haldið tvær sýningar, aðra í Eldheimum rétt eftir opnun og í vetur var hún einnig með stóra tískusýningu þar.

Berglind lýsir hönnun sinni sem líflegri, litríkri, klæðilegri, töff og aðeins öðruvísi. „Það sem allar mínar flíkur eiga sameiginlegt er að engar tvær eru eins. Ég reyni alltaf að hafa hverja flík einstaka enda sauma ég og hanna allt sjálf og engin fjöldaframleiðsla í gangi. Í kvöld verða til sýnis föt sem ég hef verið að vinna í síðustu vikurnar, um er að ræða toppa, pils, buxur, kjóla, vesti og kápur. Klassísk hönnun í mínum stíl fyrir konur á öllum aldri.“

Hugmyndir að hönnuninni fær Berglind alls staðar að. Henni finnst gott að fara út í góðan göngutúr og pæla í alls konar formum og litum. „Hugmyndirnar poppa líka upp þegar maður fer í efnaleiðangur. Auðvitað fylgist ég svo með tísku og straumum líka og fæ hugmyndir úr blöðum og myndum. Ég hef alltaf haft áhuga á fallegum og skemmtilegum fötum hvort sem þau eru í tísku eða ekki. Þannig að segja má að ég hafi líklega alltaf pælt í tískunni.“

Spurð að því hvernig hennar eigin stíll sé segir hún að hann hafi tónast aðeins niður með árunum. „Ég var miklu duglegri að nota liti hérna áður fyrr. Núna er ég meira í dekkri litum hversdags en skelli mér í litríka kjóla eða toppa við betri tækifæri. Auðvitað klæðist ég mestmegnis minni hönnun,“ segir Berglind brosandi.

Hún segist ekki eiga neinn einn uppáhaldshönnuð. „Það eru svo margir að gera flotta hluti, en þeir eru jú mannlegir og geta verið að gera rosa flotta línu eitt tímabilið og svo jafnvel ekkert spennandi það næsta.“

Nánari upplýsingar um hönnun Berglindar má finna á Facebooksíðu hennar, Berglind Clothing.







Berglind segir að það sem allar hennar flíkur eigi sameiginlegt sé að engar tvær þeirra séu eins.


Fænt.is // 0616

VIÐ FÁUM
NÝJAR
VÖRUR
VIKULEGA



KJÓLL
4.995 kr.



Kemur líka í grænu

SKÓR
7.995 kr.

INDISKA
Kringlunni
588 2300








**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429




# YVESSAINTLAURENT

## KYNNING Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI 9. - 12. JÚNÍ



**Les Sahariennes Bronzing Stones**
Ný sólarpúður sem framkalla samstundis heilbrigðan ljóma og einstaklega létta og þyngdarlausa áferð. Endurspeglar náttúrulega fegurð og gefur lýtalausa áferð sem glansar ekki.

**20%** AFSLÁTTUR AF **YVES SAINT LAURENT** Á KYNNINGUNNI

Kaupauki fylgir 2 eða fleiri keyptum vörum frá YSL á meðan birgðir endast.



**Touche Éclat Blur Perfector**
Mjög létt formúla sem breytist úr kremi í púður við ásetningu. Jafnar áferð húðar samstundis svo hún virðist sléttari auk þess sem opnar húðholur og fínar línur virðast hverfa. Má nota í stað farða, til að fullkomna förðun eða til að lagfæra förðun af og til yfir daginn.

VILT ÞÚ FÁ GLAÐNING FRÁ YSL NOKKRUM SINNUM Á ÁRI OG VERA FYRST TIL AÐ VITA UM NÝJUNGAR Í MERKINU?
**KOMDU ÞÁ Á KYNNINGUNA OG SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR.**

Lyf & heilsa
**Kringlunni**





Úr haust- og vetrarlínu Thoms Browne fyrir haustið 2016.

Sérkennilegar hundatöskur voru áberandi.

# BROWNE KARLFATA-HÖNNUÐUR ÁRSINS

**Thom Browne** var útnefndur karlfatahönnuður ársins á CFDA-verðlaunahátíðinni í vikunni. CFDA-verðlaunin hafa verið kölluð Óskarsverðlaun tískuheimsins en Browne hefur hlotið þau þrisvar.

CFDA eru samtök bandarískra tískuhönnuða en í samtökunum eru leiðandi tískuhönnuðir á öllum sviðum. Verðlaunahátíðin var haldin í New York í vikunni og voru veitt verðlaun í ýmsum flokkum. Þannig vakti Beyoncé mikla athygli en hún var valin tískugoð ársins. Þá var Marc Jacobs valinn kventískuhönnuður ársins.

Thom Browne hlaut þann heiður að vera útnefndur karlfatahönnuður ársins. Þetta er í þriðja sinn sem hann hlýtur titilinn.

Browne hannar undir eigin nafni, er þekktastur fyrir karlfatalínur sínar en hannar einnig fyrir konur.




Browne ætlaði sér upphaflega að gerast leikari en gafst upp á því og gerðist sölumaður í hjá Giorgio Armani í New York árið 1997. Síðar varð hann hönnuður hjá Club Monaco og starfaði með Ralph Lauren. Eftir nokkur ár stofnaði hann sitt eigið fatamerki.

Fatalína Browne fyrir haustið 2016, sem sjá má myndir af hér, er full af fortíðarþrá. Þar spilar hann með hugmyndir um karlaklúbba sem voru vinsælir á árum áður. Hver flík birtist í þremur útgáfum á tískupallinum, ein tætt og rifin, næsta dálítið lúin en lokaútgáfan var flekklaus. Fyrirsæturnar báru flestar kúluhatt fyrir andlitinu.



Kúluhattar huldu andlit fyrirsætanna.












RIMMELLONDON.COM
FULLKOMNAÐU
HEILDARLÚKKIÐ
MEÐ HVERJUM
TVEIMUR KEYPTUM
RIMMEL VÖRUM FYLGIR
ONLY1 VARALITUR*
* DAGANA 9.-12.JÚNÍ
RIMMEL
GET THE LONDON LOOK
ÚTSÖLUSTAÐIR: HAGKAUP: KRINGLUNNI, SMÁRALIND, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SPÖNGINNI, HOLTAGÖRÐUM.
URÐARAPÓTEK, LYFJAVER, LYF OG HEILSA: AUSTURVERI OG JL HÚSINU, APÓTEKARINN: MJÓDDINNI OG HELLUHRAUNI, ALINA BEAUTY.









Frá vinstri, Sveinn, Óli Brimar, Gunnlaugur Örn og Andri Sævarsson, nemendur í 10. bekk í Langholtsskóla. Þeir prenta á boli til styrktar Downs félaginu og kalla sig Dos Waffles á Facebook. MYND/FARVI

# VÖFFLUR OG PÖNNSUR Á STUTTERMABOLI

Fjórir félagar úr 10. bekk í Langholtsskóla hafa sett af stað verkefni til styrktar Downs félaginu á Íslandi. Þeir hanna og prenta myndir af morgunmat á stuttermaboli og kalla sig Dos Waffles á Facebook.

„Við erum allir í 10. bekk í Langholtsskóla og þetta er lokaverkefnið okkar. Við ákváðum að styrkja Downs félag Íslands og hanna og prenta boli til að selja. Allur ágóðinn rennur til félagsins," útskýrir Sveinn Guðnason sem ásamt þeim Andra Sævarssyni, Óla Brimari Þorleifssyni og Gunnlaugi Erni stendur í ströngu við að prenta myndir á stuttermaboli. Þeir kalla sig Dos Waffles og hafa opnað Facebook-síðu með því nafni þar sem þeir taka við pöntunum.

*Hvernig fór þetta af stað?* „Við skoðuðum myndir á netinu og svo er einn okkar mjög góður í að teikna og á teiknispjald sem hann tengir við tölvuna. Við vorum búnir að redda díl við fyrirtæki sem prentar á boli en löbbuðum svo í einni nestispásunni í skólanum inn í Farva og hann gerði okkur frábært tilboð, að hann myndi kenna okkur allt svo við gætum gert bolina sjálfir. Við erum því komnir í hálfgert samstarf við Farva með verkefnið," segir Sveinn og bætir við að bolirnir fái góðar viðtökur.



„Við löbbuðm svo í einni nestispásunni í skólanum inn í Farva og hann gerði okkur frábært tilboð, að hann myndi bara kenna okkur allt svo við gætum gert bolina sjálfir." MYND/FARVI

„Við vorum að kynna verkefnið fyrir áttunda og níunda bekk í gær og fengum strax slatta af pöntunum. Þetta fer betur af stað en við bjuggumst við," segir Sveinn en þeir félagarnir kynntu verkefnið fyrir foreldrum í gærkvöldi á útskriftinni.

*Hverslags myndir prýða bolina?* „Þetta eru vöfflur, pönnukökur og maður að borða kleinuhringi. Morgunmatarþema," segir Sveinn en hefur engar skýringar á því af hverju matur varð fyrir valinu.

„Við eiginlega vitum það ekki. Við duttum bara niður á mynd af vöfflu þegar við vorum að byrja á verkefninu. Við ætlum að gera viskustykki líka og við prófuðum að gera eitt í Farva sem kom vel út. Svo ætlum við að bæta við svuntum og smekkjum með þessum myndum. Ef þetta gengur vel höldum við eitthvað áfram með þetta, það á allt eftir að koma í ljós. Við erum ekkert farnir að tala við búðirnar strax," segir hann sposkur. „Kennarinn er allavega mjög ánægður með þetta."

Nánar má forvitnast um verkefnið á Facebook-síðunni Dos Waffles. **heida@365.is**

# Á MILLI HÖNNUNAR OG LISTAR

Ásta Guðmundsdóttir fatahönnuður opnar sýningu í Flóru á Akureyri á morgun, föstudag. Sýningin ber heitið Náttúruafl en aðalefniviður Ástu er náttúruleg efni.

„Undanfarin ár hef ég snúið mér að því að gera innsetningar og listaverk. Ég nota textíl og þræði í verkin og yfirleitt náttúruleg efni, hrosshár, bómull, silki og íslenska ull og geri tilraunir. Ég bý enn þá til föt en hef víkkað út starfssviðið. Á sýningunni í Flóru verð ég einhvers staðar þarna mitt á milli," segir Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir fatahönnuður en hún opnar sýninguna Náttúruafl í versluninni Flóru á Akureyri á morgun.

Ásta lauk námi í fatahönnun frá Fachhochschule für Gestaltung Pforzheim árið 1990 og setti þá á fót eigið merki, Ásta Creative Clothes. Hún segist þó alltaf hafa verið með annan fótinn í myndlist og farið óhefðbundnar leiðir í fatahönnun.

„Ég hef alltaf verið spennt fyrir því að gera óhefðbundna hluti og tilraunir. Ég gerði engin venjuleg föt í skólanum. Eftir að ég fór að hanna eigin línu gerði ég þó venjuleg föt en undir sterkum áhrifum frá náttúrunni, „veðruð föt", en flíkurnar voru eins og þær væru notaðar eða hefðu verið úti í náttúrunni. Mér finnst fallegra ef fötin eru ekki alveg slétt og felld. Nú er ég komin allan hringinn, komin aftur í tilraunirnar," segir Ásta en innsetninguna í Flóru vinnur hún beint inn í rýmið. „Kannski er þetta hálfgerð vera sem ég er að búa til, eitthvað úr náttúrunni."

**Sýningin verður opnuð á morgun klukkan 17 og stendur til 7. ágúst.**



Ásta Guðmundsdóttir fatahönnuður opnar sýningu í Flóru á Akureyri á morgun. MYND/EYÞÓR


20%
afsláttur af
MOS MOSH
hjá
Hrafnhildi
2015 Framúrskarandi fyrirtæki
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# STAÐALBÚNAÐUR STJARNA Í ÁRATUGI

Með hækkandi sól sjást fleiri með sólgleraugu á nefinu. Ray Ban er eitt þekktasta sólgleraugnamerki heims og kannski ekki að undra enda hefur það frá upphafi tengst stjörnunum nær órjúfanlegum böndum.

Ray Ban framleiðir ýmsar gerðir sólgleraugna en Aviator og Wayfarer eru þær lífseigustu og mest seldu. Aviator-týpan var sú fyrsta á markað en hún var hönnuð og framleidd fyrir flugmenn sem gegndu herþjónustu á fjórða áratug síðustu aldar til að verja augu þeirra í háloftunum fyrir geislum sólar. Fljótlega urðu þau þó að tískufyrirbæri og hafa vinsældirnar haldist nær óslitið síðan.

Bandaríski leikarinn Humphrey Bogart reið á vaðið meðal stjarnanna á fjórða og fimmta áratugnum en þá sást hann ósjaldan með Ray-Ban gleraugu. Síðan fylgdi frægðarfólk á borð við Marilyn Monroe, James Dean og Bob Dylan í kjölfarið. Þá hefur Tom Cruise löngum verið mikill aðdáandi merkisins og er talað um Tom Cruise-áhrifin í því sambandi. Árið 1983 bar hann Wayfarer-týpuna í myndinni Risky Business og það ár jókst sala þeirra um 50 prósent. Þremur árum síðar var hann með Aviator-týpuna í nokkrum kvikmyndum og rauk salan að nýju upp um 40 prósent.

Stjörnur samtímans láta ekki sitt eftir liggja í þessum efnum eins og sjá má og má nær slá því föstu að hver einasta þeirra eigi eins og eitt par.



Gwyneth Paltrow kát með Ray Ban Aviator gleraugun sín.



Týpan er fyrir bæði kyn.



Þó Aviator-týpan sé í grunninn eins er hægt að fá gler og umgjarðir í ólíkum litum.



Jennifer Aniston óaðfinnanleg með sín.



Fyrirsætan Elle Macpherson lætur ekki sitt eftir liggja þegar kemur að Ray Ban.



Það má eiginlega slá því föstu að hver einasta Hollywood-stjarna eigi að minnsta kosti eitt Ray Ban-par.










VEIÐIPORTIÐ
ÚT Á GRANDA
ÚT Á GRANDA
Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 10–18. Laugard. kl. 10–16.
sage
Scott High Performance Fly Rods
Chota
aquaz
Einarsson fly fishing
Poweron slöngubátar með hörðum botn
Þessa helgi fylgja 2 flotvesti með hverjum seldum bát
Auðvelt að setja saman. Bátarnir koma í tösku og passa í skottið á venjulegum fólksbíl.
320 cm - 199.000 kr
360 cm - 249.000 kr
420 cm - UPPSELDUR
Nánar á veidiportid.is
Jaxon rafmótor 55 libs. hljóðlátur og vistvænn
Verð 59.900 kr
30% afsláttur af mótor ef keypt er bæði mótor og bátur
Snowbee öndunarvöðlur
3 laga öndunarvöðlur með styrkingu á hnjám, góðir vasar og belti. Til í litlum stærðum fyrir dömur og unglinga
Fullt verð 34.900 kr
Tilboð 26.900 kr
Jaxon öndunarvöðlur
Hvergi betra verð á 4 og 5 laga öndunarvöðlum. Frábærar vöðlur sem endast. Yfir 400 vöðlur seldar
Lækkað verð 29.800 kr
Snowbee öndunarvöðlur með stígvélum
Fyrir þá sem nenna ekki að reima og vilja vera fljótir í og úr vöðlunum .
Fullt verð 33.900 kr.
Tilboð 23.900 kr
Nýtt módel af Pvc vöðlum.
Betri stígvél og belti fylgir. Níðsterkar og henta vel við erfiðar aðstæður.
Verð 10.950 kr
Fín klofstígvél
Fín klofstígvél fyrir þá sem þurfa ekkert að vaða mikið.
Verð 8.900 kr
Chota vöðluskór úr leðri
Ameriskir gæða skór sem endast og endast...
25% afsláttur af dömustærðum!
Fullt verð 32.900 kr
Tilboð
Dömustærðir 24.675 kr
Herrastærðir 29.900 kr
Jaxon vöðluskór
Léttir, þægilegir og ódýrir vöðluskór frá Jaxon
Fullt verð 15.900 kr
Tilboð 12.900 kr
Flugustangar sett
Jaxon 9 feta Monolith flugustöng línustærð 4-5-6-7 eða 8, gott diskabremsu hjól, hólkur, lína, undirlína og taumur
Fullt verð 38.000 kr
Tilboð 29.900 kr
Strandveiðisett
Okkar besta 15 feta strandveiðistöng, Jaxon Prosurf 700 8 legu strandveiðihjól, 250 m. af 70 punda ofurlínu,sökkur, slóðar, beitutegja og sigurnagglar.
Allt til að byrja
Fullt verð 47.875 kr
Tilboð 39.900 kr
Barna vöðlur
Þessar eru heldur betur vinsælar hjá unga fólkinu. Grænar, bláar, bleikar og mosagrænar, st. 21- 43
Einnig til fyrir unglinga með stóra fætur
Veiðivesti
Gott úrval af flottum veiðivestum
Verð frá 5.900 kr
Ný vefsíða komin í loftið
veidiportid.is
2 FYRIR 1 AF ÖLLUM PILKUM
Bara þessa helgi
Polaroid gleraugu
Mikið úrval af polaroid gleraugum.
Verð frá 3.900 kr
FRÍTT
Komdu með veiðihjólið þitt til okkar og við yfirförum það ,leysum flækjur og smyrjum
þér að kostnaðarlausu !
Rapala sætishlífar
Passar á allar gerðir framsæta. Vatnsheldar og níðsterkar 2 í pakka
Verð 7.900 kr



Skoda Octavia 2011. Turbo disel Sjálfskiptur. Keyrður 181 þ.km. Ný tímareim. Verð 1.600.000 kr. sími: 6162597

## 500-999 þús.



**FLOTTUR SPARIBAUKUR - TILBOÐ 690 ÞÚS**

VW POLO 2005 (nýrra útlitið) ek.127 þús, tímakeðja, ný skoðaður 17, góður bíll ásett verð 790 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni S.841 8955

## 1-2 milljónir



**STATION MEÐ KRÓK KEYRÐUR 90 ÞÚS**

FORD FOCUS TREND STATION árg 2008 ek.90 þús, beinskiptur,dráttarkrókur,ný dekk, sk.17 lýtur mjög vel út, ásett verð 1490 þús TILBOÐ 1290 þús skoða skipti á ódýrari lánamöguleikar í boði S.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Hjólhýsi



**NÝ HOBBY HJÓLHÝSI STÓRSPARNAÐUR!**

Keyptu beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Eftirfarandi hús eru í boði:

540 WLU Excellent

495 UL de luxe

540 UL de luxe

560 KMFE de luxe

540 UFF Excellent

620 CL Prestige

540 UL Excellent

Eigum til movera á öll hjólhýsi.

Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is
s. 866 5395

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Mótorhjól



**FLOTT HJÓL - 590 ÞÚS**

Yamaha R1 1000cc árg'98 mjög vel með farið og flott hjól, ný keðja, verð 590 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.691 9374



Yamaha WR450F til sölu. Árgerð 2007, götuskráð. Hjól í toppstandi. Uppl. í s. 866-7860.Björn

## Kerrur





Ein með öllu 5 hesta álkerra kominn á númer. Uppl. hjá Álgluggar JG S. 862 7762

## PJÓNUSTA

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

**GARÐAUMSJÓN**

Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**

Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

**661 3839 - SÍMASPÁ**

Opið frá kl. 14 alla daga.

**SPÁSÍMI 908 7000**

Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.

## Húsaviðhald







## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**

Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407




























**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus
Knoll

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

**Verð áður: 134.000.-**

**Tilboðsverð:**

**98.000.-**





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

**Verð áður: 196.100.-**

**Tilboðsverð:**

**137.000.-**



Axel Stefánsson er kominn heim frá Noregi og fær það vandasama verkefni að byggja aftur upp íslenska kvennalandsliðið í handbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Norska leiðin farin á Íslandi

**Axel Stefánsson er nýr þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í handbolta. Hann starfaði síðast í Noregi.**

**HANDBOLTI** Nýr þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í handbolta var kynntur til leiks í gær. Sá heitir Axel og er Stefánsson, 45 ára gamall Akureyringur sem hefur verið búsettur í Noregi undanfarinn áratug. Axel tekur við starfinu af Ágústi Jóhannssyni sem hætti eftir undankeppni EM 2016 sem lauk um síðustu helgi. Axel, sem var góður markvörður á sínum tíma, skrifaði undir þriggja ára samning við en hann mun búa áfram í Noregi.

Axel hefur unnið fyrir norska handknattleikssambandið frá 2010 og stýrt bæði yngri landsliðum Noregs í kvennaflokki sem og B-landsliðinu sem vann íslenska A-landsliðið í æfingaleikjum á síðasta ári. Þar starfaði Axel m.a. náið með Þóri Hergeirssyni sem hefur gert frábæra hluti með norska kvennalandsliðið á undanförnum árum.

Noregur hefur verið í fremstu röð í kvennahandboltanum um langt árabil og HSÍ horfir til gömlu herraþjóðarinnar varðandi uppbyggingu á íslenska landsliðinu sem hefur verið í lægð undanfarin ár. En út á hvað gengur þessi norska leið sem HSÍ hefur ákveðið að fara?

> Mér líka áskoranir og það sem ég hef séð.
>
> Axel Stefánsson

„Hún felst mikið í samstarfi við leikmenn og félögin. Við komum til með að setja upp ákveðin prógrömm fyrir leikmenn og því verður svo fylgt eftir. Við vitum að á endanum eru það alltaf leikmennirnir sem vinna vinnuna. Mitt hlutverk er að hjálpa þeim eins mest svo við náum okkar markmiðum,“ sagði Axel í samtali við Fréttablaðið í gær.

Íslenska liðinu gekk illa í undankeppni EM 2016 og vann aðeins einn af sex leikjum sínum þar og tapaði tveimur síðustu leikjum sínum, gegn Frakklandi og Þýskalandi, með samtals 16 marka mun. Þrátt fyrir brösótt gengi að undanförnu sér Axel tækifæri í íslenskum kvennahandbolta.

„Mér líka áskoranir og það sem ég hef séð. Það eru margir spennandi leikmenn í íslenska liðinu en það eru ákveðin atriði sem þarf að vinna með. Það eru tækifæri til að búa til gott lið,“ sagði Axel sem er ekki enn búinn að finna sér aðstoðarmann en segir að hann verði íslenskur.

Eftir tapið fyrir Frakklandi í síðustu viku gagnrýndi landsliðsfyrirliðinn Karen Knútsdóttir líkamlegt ásigkomulag íslensku leikmannanna og sagði að Ísland stæði bestu landsliðum heims langt að baki í þeim efnum. Axel segir að það þurfi að vinna meira í líkamlega þættinum hjá íslenskum leikmönnum og ætlar að gera bragarbót þar á.

„Nú förum við í það að finna fólk til að gera mælingar á leikmönnum. En það mikilvægasta er að vinna þá vinnu sem þarf til að auka hlaupagetu og líkamsstyrk leikmanna. Kvennahandboltinn verður alltaf betri og betri í þeim efnum og það eru fleiri lið í heiminum sem eru betur þjálfuð,“ sagði Axel sem hyggst ræða við þá leikmenn sem hafa verið í landsliðinu undanförnu til að heyra þeirra álit á málefnum liðsins.

Ísland komst á þrjú stórmót í röð á árunum 2010-12 og Axel setur stefnuna á að komast þangað aftur.

„HSÍ hefur það markmið að vera með lið á stórmótum í kvennaflokki og við vinnum út frá því. Efniviðurinn er til staðar. Ég sá mikið af leikjum í úrslitakeppninni og það voru margir skemmtilegir og fínir leikir. En það er klárt að við þurfum að skoða hversu mikið og hvernig við æfum,“ sagði Axel. **ingvithor@365.is**

## 1 dagur í EM 2016

Íslenska karlalandsliðið hefur spilað alls sex leiki í Frakklandi en þeir hafa allir verið á móti heimamönnum og hafa allir tapast. Tveir síðustu leikirnir hafa verið eftirminnilegir þar sem íslenska liðið tapaði þeim báðum naumlega í fimm marka leikjum (3-2). Fyrri leikurinn var 1999 á Stade de France í París í undankeppni EM 2000 þar sem Eyjólfur Sverrisson og Brynjar Björn Gunnarsson skoruðu og Eiður Smári Guðjohnsen lagði upp mark en þeir Birkir Bjarnason og Kolbeinn Sigþórsson komu Íslandi í 2-0 í vináttulandsleiknum í Valenciennes 2012.



**Borgunarbikar karla: 16 liða úrslit**

**Vestri - Fram 2-3**
0-1 Ósvald Jarl Traustason (6.), 0-2 Ósvald Jarl Traustason (55.), 0-3 Hlynur Atli Magnússon (59.), 1-3 Hjalti Hermann Gíslason (83.), 2-3 Hjalti Hermann Gíslason (86.).

**Þróttur - Grótta 4-0**
1-0 Brynjar Jónasson (15.), 2-0 Dean Morgan (58.), 3-0 Brynjar Jónasson (63.), 4-0 Kabongo Tshimanga (90.+4).

**Grindavík - Fylkir 0-2**
0-1 Víðir Þorvarðarson (4.), 0-2 Sito(32.).

**FH - Leiknir 4-1**
1-0 Emil Pálsson (14.), 2-0 Óttar B. Guðmundsson (51., sm), 3-0 Steven Lennon (61.), 4-0 Kristján Flóki Finnbogason (63.), 4-1 Kristján Páll Jónsson (89.)

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | **Demantamót í Ósló** | Sport2 |
| 19.05 | **Víkingur - Valur** | Sport |
| 19.30 | **Fed Ex-Classic** | Golfstöðin |
| 22.30 | **Sumarmessan** | Sport |
| 23.30 | **Úrúgvæ - Venúsúela** | Sport2 |
| 02.00 | **Mexíkó - Jamaíka** | Sport |
| 17.30 | **Stjarnan - ÍBV** | Samsung-völlur |
| 19.15 | **Víkingur - Valur** | Víkin |
| 19.15 | **Selfoss - Víðir** | Jáverkvöllur |
| 19.15 | **ÍA - Breiðablik** | Norðurálsv. |



SPORT | Fimmtudag kl. 19:05 - Bein útsending
Borgunarbikarinn - Víkingur R. mætir Val
Reykjavíkurslagur af bestu gerð í 16 liða úrslitum Borgunarbikars karla.


SPORT | Lau. og sun. - Bein útsending
KPMG Women's PGA Championship
Nær Inbee Park að landa sínum 4 titli í röð á þessu móti? Mótið verður sýnt á Sport 4


SPORT | Lau. og sun. - Bein útsending
Formúla 1 - Canadian Grand Prix
Lau: Æfing klukkan 13:55 - tímataka kl. 16:50
Sun: Keppni kl. 17:30



SPORT | Sunnudag - Bein útsending
Copa America og Sumarmessan
Ekvador - Haítí, kl. 22:30 / Brasilía - Perú, kl. 00:40
Sumarmessan: Öll kvöld klukkan 22:00

Stöð 2 Sport Beinar útsendingar
Fáðu þér áskrift á 365.is



365
*Endalaust net er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

# SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS

# Sjáðu alla leikina á EM í 65" Samsung háskerpu

**Leikir í F-riðli**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| HUN | Hungary | Wednesday 22 June - 18.00 Hrs (34) | Portugal | POR |
| ISL | Iceland | Wednesday 22 June - 18.00 Hrs (33) | Austria | AUT |
| POR | Portugal | Saturday 18 June - 21.00 Hrs (24) | Austria | AUT |
| ISL | Iceland | Saturday 18 June - 18.00 Hrs (23) | Hungary | HUN |
| POR | Portugal | Tuesday 14 June - 21.00 Hrs (12) | Iceland | ISL |
| AUT | Austria | Tuesday 14 June - 18.00 Hrs (11) | Hungary | HUN |




65" Samsung JS9505

**699.900.-**

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV




65" Samsung JS9005

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV

EM verðlækkun kr. 110.000,- Nú kr: **539.900.-**




65" Samsung JU7005

**429.900.-**

UHD • 1300 PQI • 4K • QUAD CORE • SMART TV




65" Samsung JU7505

**449.900.-**

UHD • 1400 PQI • 4K • QUAD CORE • SMART TV




65" Samsung JU6075

**369.900.-**

UHD • 800 PQI • 4K • QUAD CORE • SMART TV

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Einu sinni verður allt fyrst

**Íslenska karlalandsliðið mun stíga sín fyrstu spor á stórmóti á Evrópumótinu í Frakklandi í sumar og íslensku strákarnir munu þar upplifa mjög margt í fyrsta sinn. Fréttablaðið kannaði hvaða íslensku landsliðsmenn voru fyrstir til þess að gera hlutina á fyrstu hálfu öld Íslands í undankeppni EM.**

**FÓTBOLTI** Þrettán leikmenn íslenska karlalandsliðsins í gegnum tíðina eiga það sameiginlegt að hafa verið á undan öllum öðrum íslenskum landsliðsmönnum í undankeppnum Íslands fyrir Evrópumót landsliða í fótbolta. Ísland komst loks á EM í tólftu tilraun og vonandi ná strákarnir okkar mörgum nýjum takmörkum á Evrópumótinu í Frakklandi.

Hér á síðunni má sjá öll þessi söguleg skref íslenskra landsliðsmanna á fyrstu 54 árum Íslands í undankeppni Evrópumóts landsliða.



### Fyrsta skallamarkið

**Atli Eðvaldsson**
á móti Albaníu
30. maí 1990

Fyrsta skallamarkið kom ekki fyrr en í fyrsta leik Íslands í undankeppni EM 1992 þegar íslensku strákarnir unnu 2-0 sigur á Albönum í Laugardalnum. Atli skoraði seinna markið á 86. mínútu með skutluskalla eftir fyrirgjöf frá Sigurði Grétarssyni. „Það var gamla markagræðgin sem kom upp í mér þarna undir lokin. Síðan kom þessi glæsilega sending frá Sigga Gétars, boltinn sveif yfir varnarmennina og ég átti auðvelt með að skalla hann í netið,“ sagði Atli við DV eftir leik.

### Fyrsta fiskaða vítaspyrnan

**Pétur Pétursson**
á móti Austur-Þýskalandi 4. október 1978

Pétur Pétursson var bæði fyrstur til að fá vítaspyrnu og skora úr vítaspyrnu í útileik á móti Austur-Þýskalandi í undankeppni EM 1980. Pétur fékk stungusendingu á 15. mínútu og var brugðið illa. Hann skoraði af öryggi og jafnaði metin í 1-1 en Austur-Þjóðverjar unnu leikinn á endanum 3-1.

### Fyrstu mörkin í sigurleik

**Jóhannes Eðvaldsson og Ásgeir Sigurvinsson**
á móti Austur-Þýskalandi 5. júní 1975

Ísland vann sinn fyrsta sigur í undankeppni EM á móti Austur-Þýskalandi á Laugardalsvellinum 5. júní 1975. Jóhannes Eðvaldsson skoraði fyrra markið strax á 19. mínútu með glæsilegri hjólhestaspyrnu og Ásgeir Sigurvinsson kom Íslandi síðan í 2-0 á 30. mínútu eftir að hafa sloppið í gegn eftir langt útspark Sigurðar Dagssonar markvarðar. Austur-þýska liðið minnkaði muninn í seinni hálfleik en íslenska liðið fagnaði tímamótasigri.

### Fyrsta markið beint úr aukaspyrnu



**Arnar Gunnlaugsson**
á móti Svíþjóð
1. júní 1995

Arnar Gunnlaugsson, þá 22 ára gamall, kom Íslandi í 1-0 á móti Svíum í Stokkhólmi með glæsilegu skoti beint úr aukaspyrnu af 25 metra færi strax á 3. mínútu. „Þetta var besta mark mitt á ferlinum. Ég hef aldrei áður skorað úr aukaspyrnu og hjá Nürnberg fæ ég ekki einu sinni að taka þær. Kannski breytist það núna,“ sagði Arnar við sænsku TT-fréttastofuna eftir leikinn.

### Fyrsti varamaðurinn



**Matthías Hallgrímsson**
á móti Belgum
8. september 1974

Matthías Hallgrímsson var fyrsti varamaður íslenska liðsins í undankeppni EM en engar skiptingar voru í fyrstu undankeppninni. Matthías kom inn á fyrir Ásgeir Elíasson á 77. mínútu í leik á móti Belgum á Laugardalsvellinum en þjálfari íslenska liðsins í leiknum var Tony Knapp. Matthías var kominn í byrjunarliðið í næsta leik og skoraði þá mark Íslands í 1-1 jafntefli í Austur-Þýskalandi.



**Fyrsta markið**

**Ríkharður Jónsson**
á móti Írlandi 12. ágúst 1962

**Ríkharður Jónsson skoraði fyrsta mark Íslands í EM og kom það í fyrsta leik liðsins sem var á móti Írum í Dublin. Markið skoraði Ríkharður á 37. mínútu með skoti út teignum eftir að hafa unnið návígi. Hann jafnaði þarna leikinn í 1-1 og átti síðan eftir að skora annað mark og minnka muninn í 4-2 sex mínútum fyrir leikslok.**

## Ímyndið ykkur það að Lars eða Heimir myndu skora á móti Portúgal

Þegar íslenska landsliðið mætir Portúgal í fyrsta leik sínum í úrslitakeppni EM eftir fimm daga þá verða liðin tæp 54 ár síðan Ísland spilaði sinn fyrsta landsleik í Evrópukeppni landsliða. Ísland skrifaði EM-söguna strax í fyrsta leik. Ef Lars Lagerbäck eða Heimir Hallgrímsson myndu skora fyrir íslenska landsliðið á móti Portúgal í fyrsta leik Íslands á EM í Frakklandi yrðu þeir ekki fyrstu landsliðsþjálfarar Íslands til að afreka slíkt. Það gerist örugglega ekki enda hvorugur í hópnum en það var aftur á móti launalaus þjálfari íslenska liðsins í fyrsta leik þjóðarinnar í Evrópukeppni.

12. ágúst 1962 var ekki bara sögulegur dagur fyrir íslenska landsliðið heldur einnig fyrir sögu Evrópukeppni landsliða. Ríkharður Jónsson skoraði fyrsta mark Íslands í leiknum en hann var bæði spilandi þjálfari og fyrirliði íslenska liðsins í leiknum.

Enginn annar þjálfari í sögu Evrópukeppninnar hefur náð að skora fyrir lið sitt og hvað þá að gera bæði mörkin eins og Ríkharður gerði í Dublin fyrir rúmri hálfri öld.

### Fyrstur til að halda hreinu



**Sigurður Dagsson** á móti Frakklandi 25. maí 1975

Ísland hélt fyrst hreinu í sínum fimmta leik í undankeppni EM en hann var á móti Frakklandi á Laugardalsvelli vorið 1975. Í markinu stóð Sigurður Dagsson, markvörður Vals, og faðir Dags Sigurðssonar, landsliðsþjálfara Þjóðverja í handbolta. „Kempan Sigurður Dagsson enn einu sinni frábær í marki,“ stóð í umfjöllun um leikinn í Vísi. Sigurður sem var þarna þrítugur var að spila sinn fyrsta landsleik frá 1972 eða í rétt tæp þrjú ár.

### Fyrsta rauða spjaldið



**Pétur Arnþórsson** á móti Noregi 23. september 1987

Framarinn Pétur Arnþórsson var fyrstur til að vera rekinn snemma í sturtu en hann fékk þá tvö gul spjöld í 1-0 sigurleik Íslands í Ósló í undankeppni EM 1988. Fyrra spjaldið fékk hann á 40. mínútu fyrir brot en það seinna á 87. mínútu var klaufalegt en hann sparkaði þá boltanum í burtu eftir að dæmd hefði verið aukaspyrna. „Þetta var náttúrulega bara rugl. Fyrir það fyrsta átti ég aldrei að fá gult spjald fyrir þetta sakleysislega brot í fyrri hálfleik og í öðru lagi þá er fáránlegt að gefa rautt spjald fyrir það sem ég gerði,“ sagði Pétur í viðtali við Morgunblaðið eftir leik.



### Fyrsta gula spjaldið

**Teitur Þórðarson**
á móti Belgum 8. september 1974

Teitur Þórðarson var fyrstur Íslendinga til að fara í bókina en hann fékk áminningu í leik á móti Belgum á Laugardalsvellinum haustið 1974. Þetta var fyrsti leikur Íslands í undankeppni EM 1976 og eina spjaldið sem fór á loft þetta sunnudagskvöld í Laugardalnum. „Teitur barðist af krafti – stundum fullmiklum krafti,“ sagði í umfjöllun um Teit í Vísi eftir leikinn.

### Fyrsta sjálfsmarkið



**Ríkharður Daðason**
á móti Frakklandi
9. október 1999

Ríkharður Daðason skoraði skallamörk í báðum leikjunum á móti Frökkum í undankeppni EM 2000 en því miður aðeins í rétt mark í öðrum þeirra. Eftir að hafa skorað með skalla framhjá Fabien Barthez í marki Frakka á Laugardalsvellinum í fyrri leiknum varð Ríkharður fyrir því óláni að skalla boltann í eigið mark í seinni leiknum á Stade De France. „Það var svekkjandi að skora sjálfsmark en það má ekki láta slík atriði fara á sálina. Ég sá ekki boltann,“ sagði Ríkharður í viðtali við Morgunblaðið eftir leikinn.

### Fyrsti varamaðurinn sem skorar



**Eyjólfur Sverrisson**
á móti Frakklandi
20. nóvember 1991

Eyjólfur var fyrstur til að skora eftir að hafa komið inn á sem varamaður en minnkaði muninn í 3-1 tapi á móti Frökkum í París með glæsilegu skoti fimmtán mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður. „Ég var að sjálfsögðu svekktur yfir því að sitja á bekknum. Annars hefði ég ekkert að gera hér,“ sagði Eyjólfur við Morgunblaðið sem spurði líka þjálfarann. „Nei, ég sé ekki eftir því að hafa látið Eyjólf sitja á bekknum. Ég sagði fyrir leikinn að ég ætlaði að skoða Guðmund Torfason. En Eyjólfur stóð sig mjög vel – og hefur gert það síðustu leikjum,“ sagði Ásgeir Elíasson landsliðsþjálfari við Morgunblaðið eftir leikinn.

### Fyrsta stoðsendingin



**Þórólfur Beck**
á móti Írlandi
12. ágúst 1962

Þórólfur Beck var eini atvinnumaðurinn í íslenska liðinu í fyrsta leiknum á EM en hann kom til móts við liðið frá Dublin þar sem hann spilaði með St. Mirren. Þórólfur stýrði boltanum til Ríkharðs eftir að hafa fengið boltann frá Skúla Ágústssyni. Sveinn Jónsson lagði upp hitt mark Ríkharðs í leiknum.



SOKKABUXUR 1.950 KR.

# SOKKAR.IS OPNAR Á ÍSLANDI




## VERTU MEÐ ÍSLAND Á TÁNUM !

ÍSLANDSSOKKARNIR TRYGGJA RÉTTU STEMNINGUNA, ÁFRAM ÍSLAND!

FÁST EINNIG Í HAGKAUP.

HERRASOKKAR



**VERÐ FRÁ 790 KR.**

DÖMUSOKKAR



**560 KR.** **570 KR.**

BARNASOKKAR & SOKKABUXUR



**520 KR.** **SOKKABUXUR 1.165 KR.**

**Á SOKKAR.IS FÆRÐU MIKIÐ ÚRVAL GÆÐASOKKA Á FRÁBÆRU VERÐI.**

**HEILSUSOKKAR, GÖNGUSOKKAR, BAMBUSSOKKAR**

Sokkar.is

— við elskum sokka —

# NÝ VERSLUN E

## OPNUNARTILBOÐ ELKO GRANDA 9.-12. JÚNÍ - ÞETTA ER

15 stk.




Verð áður 3.995

**1.995**

**50% afsláttur**

PS4

**TÖLVULEIKUR**

PS4INFINITY2

30 stk.




Gerð fyrir innréttingu

**30% afsláttur**

Verð áður 89.995

**62.995**

eða 5.838 kr. á mánuði

m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 70.060 kr. - ÁHK 21,1%

**SIEMENS**

**UPPÞVOTTAVÉL**

- Stafræn vél með stillanlega innréttingu
- „VarioSpeed+", allt að 66% tímastýring
- Auto- og Ecokerfi og sérstakt kraftkerfi
- Hljóðlát vél með barna- og vatnsöryggi

A++ Orkuflokkur | 13 Manna | 44 dB

SN45M207SK

60 stk.



Verð áður 6.995

**3.995**

**43% afsláttur**

steelseries

**LEIKJAMÚS-RIVAL 100**

- Fer mjög vel í hendi, gott grip
- Baklýst logo (hægt að skipta um lit)
- 4000 CPI
- Hægt að stilla hnappa eftir þínu höfði

SSRIVAL100BLA

60 stk.



Verð áður 14.995

**5.995**

**60% afsláttur**

TURTLE BEACH

**LEIKJAHEYRNARTÓL-RECON 320**

- 7.1 surround hljóð
- 50 mm Neodymium hátalarar sem gefa skarpa háa tóna og djúpan bassa
- Þægileg og vel hönnuð tól gerð fyrir langa spilun
- Fyrir tölvur og síma

TBEARREC320

# ELKO GRANDA

## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU. SJÁ NÁNAR Á GRANDINN.IS




50 stk.

**29% afsláttur**

Verð áður 139.995

**99.995**

eða 9.030 kr. á mánuði

m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 108.355 kr. - ÁHK 15,4%

SAMSUNG

**SNJALLSJÓNVARP**

- 48" Samsung snjallsjónvarp með 600Hz PQI myndvinnslu
- Soundshare - Þráðlaus tenging milli sjónvarps og hljóðstangar

UE48J6275XXE




50 stk.

Verð áður 3.495

**995**

**72% afsláttur**



50 stk.

Verð áður 14.995

**7.495**

**50% afsláttur**

jam

**ALLOY**

- Bluetooth og AUX tengi
- Lítill en kraftmikill – 10W
- Rafhlöðuending allt að 5 klst.
- Hljóðnemi
- Ál yfirbygging

Bluetooth

HXP560



60 stk.

Verð áður 12.995

**6.495**

**50% afsláttur**

Sandstrøm

**BLANDARI**

- Flottur 1250W blandari í stáli
- Stafrænt viðmót og 10 hraðar
- 1,5 l glerkanna, öflugur hnífur
- Stilling fyrir ísmola og „smoothie"

S15BL14E

## OPNUNARTILBOÐ ELKO GRANDA GILDA 9.-12. JÚNÍ EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. TAKMARKAÐ MAGN - EITT STK. Á MANN OPNUM KL. 11 Í DAG

ELKO GRANDA



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Skaftason**
fyrrv. alþingismaður og sýslumaður,
Sunnubraut 8, Kópavogi,

lést 3. júní. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 10. júní kl. 13.00.

**Hólmfríður Gestsdóttir**
**Gestur Jónsson Margrét Geirsdóttir**
**Helga Jónsdóttir**
**Skafti Jónsson Kristín Þorsteinsdóttir**
**Gunnar Jónsson Kristín Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Magnúsdóttir**
Álftamýri 42,

lést mánudaginn 6. júní.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Magnea Ingibjörg Þórarinsd. Guðmundur Borgfjörð Guðjónsson**
**Soffía Dagmar Þórarinsdóttir Eggert Þór Sveinbjörnsson**
**Sonja Þórarinsdóttir Pétur Kristinsson**
**Gísli Grétar Þórarinsson Kristín Helgadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Jón Ágústsson**
Höfðabraut 5, Hvammstanga,

lést á Sjúkrahúsinu á Hvammstanga laugardaginn 4. júní. Útför hans fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 10. júní kl. 14.00.

**Ásta Þórhallsdóttir**
**Þórhallur Jónsson Hólmfríður Ósmann Jónsd.**
**Helga Jónsdóttir Þorbjörn Gíslason**
**barnabörn, barnabarnabörn og langalangafabarn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Inga Þórarinsdóttir**
frá Þykkvabæ,

sem andaðist þriðjudaginn 31. maí síðastliðinn, verður jarðsungin frá Prestsbakkakirkju á Síðu, laugardaginn 11. júní næstkomandi kl. 13.

**Einar Bjarnason**
**Þórarinn Bjarnason Helga Jónsdóttir**
**Arnar Bjarnason Anna María Pétursdóttir**
**Halldóra Eyrún Bjarnadóttir Orri Guðjohnsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Arnbjörg Súsanna Sigurðardóttir**
frá Stóra-Kálfalæk,
f. 8. 8. 1921,

sem lést þann 21. maí, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju, mánudaginn 13. júní kl. 13.

**Steinunn Hjartardóttir Kristján Ásgeir Möller**
**Anna Hjartardóttir Árni Valdemarsson**
**Guðrún Arnbjargardóttir**
**Sigrún Hjartardóttir Einar Steinþór Traustason**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Snorri verður á faraldsfæti í sumar, hann mun spila á öllum helstu hátíðunum og verður t.d. á Drangsnesi um helgina.** MYND/OWEN FIENE

## Snýr aftur eftir langt hlé

**Snorri Helgason kemur fram á Kexi hosteli eftir langt hlé frá tónleikahaldi sem hann nýtti til að taka upp nýja plötu og vinna að alls kyns nýjungum. Honum til halds og trausts er stærðarinnar band sem mun spila úti um allt í sumar í tilefni af útgáfu plötunnar.**

Glöggir hafa mögulega tekið eftir því að Snorri hefur ekki spilað mikið upp á síðkastið og eru tónleikarnir í kvöld þeir fyrstu sem hann kemur fram á í dágóðan tíma – en Snorri og sveit hafa lengi verið ansi tíðir gestir á Kexi og spilað þar reglulega. Snorra þarf nú vart að kynna fyrir fólki. Hann hefur sent frá sér þrjár plötur sem sólólistamaður – sú fyrsta, I'm Gonna Put My Name on Your Door, kom út árið 2009, en á þeirri þriðju, Autumn Skies, var hann kominn með band með sér. Snorri var aðalsprautan í Sprengjuhöllinni sem gaf út, eins og allir auðvitað vita, þrjár plötur og átti bandið nokkur lög sem voru spiluð í hengla í útvarpi.

„Ég hef verið að taka upp plötu sem kemur út eftir sirka mánuð eða svo. Þannig að við erum bara búin að vera í því svolítið mikið, síðan hef ég verið í alls konar öðrum verkefnum, var t.d. að gera tónlist fyrir kvikmyndina Bakk í fyrra og annað. Þannig að ég setti „live“ spilamennskuna svolítið til hliðar á meðan. En við ætlum að fara á fullt núna í sumar og kynna nýju plötuna. Verðum á Solstice og á Sumarmölinni á Drangsnesi núna um helgina og Innipúkanum líka,“ segir Snorri þegar hann er inntur eftir því hvað í ósköpunum hann hafi verið að bralla allan þennan tíma.

> **Ég hef verið að taka upp plötu sem kemur út eftir sirka mánuð eða svo. Þannig að við erum bara búin að vera í því svolítið mikið, síðan hef ég verið í alls konar öðrum verkefnum, var t.d. að gera tónlist fyrir kvikmyndina Bakk í fyrra og annað. Þannig að ég setti „live“ spilamennskuna svolítið til hliðar á meðan.**
>
> Snorri Helgason

Aðspurður segir Snorri að nýja platan fái mestöll að rúlla þarna á tónleikunum og í bland við hana muni þau taka gömul og góð lög eins og gengur svo allir fái eitthvað fyrir sinn snúð. Með Snorra verður heljarinnar band sem í eru nánast allir tónlistarmenn landsins.

„Við erum sjö í bandinu, þannig að þetta verður svona stór „epic-band“ útgáfa af okkur. Þetta eru Valdimar Guðmundsson, Guðmundur Óskar Guðmundsson sem er í Hjaltalín og Hjörtur Ingvi úr Hjaltalín líka. Síðan er það Silla – Mr. Silla. Þá er það Örn Eldjárn og Magnús Tryggvason Elíassen trommari.“

Aðdáendur fengu smá forskot á sæluna í gær þegar frá Snorra kom spánnýtt lag og myndband – það var lagið Einsemd af nýju plötunni sem varð fyrir valinu.

„Á bak við þetta er leikhópur sem heitir Kriðpleir og strákur sem heitir Óskar Kristinn Ernisson. Þeir gerðu þetta fyrir mig í síðasta mánuði og við náðum að henda þessu strax saman.“

Snorri og band verða á Kexi hosteli í kvöld klukkan 21.00 og það er frítt inn.

**stefanthor@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 8. JÚNÍ 1783

## Skaftáreldar blossa upp með tilheyrandi látum

Miklir jarðeldar með áköfu gosi komu upp á Síðumannaafrétti þennan dag, árið 1783. Skaftá þornaði upp en hraunflóð vall fram árgljúfrið milli Skaftártungu og Síðu með ógurlegum drunum og skruðningum og ógnaði byggðinni. Þessu fylgdu miklir jarðskjálftar og öskufall. Fýlan var svo megn að fólki sló fyrir brjóst.

Þannig er upphafi Skaftárelda lýst í Öldinni okkar. Þar kemur fram að undanfari gossins hafi verið snarpir jarðskjálftakippir sem færðust í aukana uns mökkur mikill hafi sést rísa yfir byggðarfjöll norðan Síðu í heiðskíru og spöku veðri um miðjan hvítasunnudag, þann 8. júní. Sá mökkur hafi breiðst um Síðuna alla og austur um Fljótshverfi og orðið hafi dimmt í húsum inni. „Í Skaftártungu ýrði úr lofti og var það svört leðja, áþekk bleki, sem lagðist yfir jörðina.“



**Lakagígar urðu til í Skaftáreldum.** WIKIPEDIA/JUHÁSZ PÉTER

KS TOOLS

# Verkfærasett

Frábært verð **19.560**

179 stk.



www.stilling.is/KS9170779/

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Austlæg átt í dag, 5-10 m/s við suðurströndina, en annars hægari austlæg eða breytileg átt. Skýjað að mestu og lítilsháttar væta sunnan- og vestanlands. Bjart að mestu norðan- og austanlands, en líkur á þokulofti á annesjum norðanlands og með austurströndinni. Hiti 12 til 20 stig að deginum, hlýjast í innsveitum.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 12° | 15° |
| ↖8 | ↙3 | ↓1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 9° | 11° |
| ↑6 | ←6 | ↑5 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 11° | 14° |
| ←9 | ↙1 | ↙2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° | 9° | 7° |
| ↑8 | ←6 | ↗7 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. margs konar
6. mannþyrping
8. persónufornafn
9. stormur
11. skóli
12. mont
14. jurtaríki
16. í röð
17. stjórnarumdæmi
18. bókstafur
20. skóli
21. velta

**LÓÐRÉTT**
1. ófá
3. sjúkdómur
4. fax
5. kvk. nafn
7. slípaður af sjógangi
10. eldsneyti
13. bæli
15. þefja
16. húðpoki
19. nudd



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ýmsu, **6.** ös, **8.** sín, **9.** rok, **11.** ma, **12.** grobb, **14.** flóra, **16.** hí, **17.** lén, **18.** enn, **20.** fg, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** mörg, **3.** ms, **4.** símbréf, **5.** una, **7.** sorfinn, **10.** kol, **13.** ból, **15.** anga, **16.** hes, **19.** nú

## Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Ingvason (2.142) átti leik gegn syni sínum Erni Leó Jóhannssyni (2.226) á Íslandsmótinu í skák.



**Svartur á leik**
**29...Dxc4! 30. Rxc4 Hb1+ 31. Kf2 Rxe4 32. Ke3 Rxg3 33. hxg3 f6** og svartur vann skömmu síðar. Gríðarleg spenna er á mótinu en eftir átta umferðir voru fjórir keppendur jafnir og efstir.
**www.skak.is:** Níunda umferð kl. 15.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | 6 | 9 |
| 9 | | | 2 | 6 | | 5 | | |
| 2 | | 7 | | 9 | | | 1 | 4 |
| | | | | | 8 | | | 3 |
| | 9 | | | 7 | 4 | | 8 | 1 |
| | 4 | 3 | | | | 7 | | |
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| | 5 | | | 8 | 2 | | | |
| | 2 | | 7 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | 4 | | 2 | 6 | 8 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 5 | | | 1 | | 7 | | |
| | | | | | 4 | 8 | 2 | |
| 8 | 1 | 4 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | | 6 | | | |
| 4 | | | | 7 | | 5 | 1 | |
| | 3 | | | | | | | 2 |
| 6 | | 9 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | | 7 | | 6 | | 8 | 2 |
| 4 | | | | | | | | |
| 9 | 7 | | 4 | | | | 3 | |
| 5 | 4 | 6 | | | | | 9 | |
| | | | | 9 | | 1 | | |
| 1 | | 4 | | | 8 | | | |
| | 3 | | 9 | | | | | 7 |
| | 8 | | | | | | 5 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 1 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 3 |
| 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 2 | 5 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 4 | 7 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 1 | 3 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 | 4 |
| 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 4 |
| 1 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 |
| 4 | 5 | 6 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 4 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 3 | 2 | 1 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 8 | 9 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 |
| 7 | 3 | 4 | 9 | 1 | 8 | 2 | 6 | 5 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 | 9 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 |




# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Traustir göngustafir auka á öryggi í bratta og erfiðu landi eða þegar vaðið er yfir ár. Leki göngustafirnir eru traustur ferðafélagi.
- Heilræði frá sérfræðingunum í Glæsibæ
ÁRNASYNIR
VERTU ÚTI
ÚTIVISTARDAGAR
20% AFSLÁTTUR* AF ÖLLU
FYRIR ÚTIVISTINA
HÁGÆÐA ÚTIVISTARVÖRUR FRÁ THE NORTH FACE, MEINDL, HIGH PEAK, MSR, SCARPA, DEUTER, TEVA, THERMAREST, ORTOVOX, ZO-ON, BRIDGEDALE, ADVENTURE FOOD, LEKI O.FL.
GILDIR ÚT MÁNUDAG
*Gildir aðeins af vörum í útivistardeild og gildir ekki með öðrum tilboðum.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is

# Mikill heiður og ögrun fyrir mig

**Katrín Hall danshöfundur er nýr listrænn stjórnandi dansflokks Gautaborgaróperunnar frá 1. ágúst að telja. Hún sér fram á áhugaverð og krefjandi verkefni.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég sótti um starfið eftir að hafa fengið póst frá óperunni um hvort ég hefði ekki hugsað mér að sækja um, það hvatti mig til að láta vaða. Svo var ég valin, það er mikill heiður og ögrun fyrir mig," segir Katrín Hall, sem er nýráðin listrænn stjórnandi dansflokks Gautaborgaróperunnar í Svíþjóð.

Hún kveðst fylgst með Gautaborgardansflokknum, enda hafi hann verið leiðandi í sínu starfi. „Ég hef farið á sýningar með flokknum og þekkt tvo síðustu stjórnendur hans. Það er oft samgangur og aðstoð milli flokka."

Fráfarandi stjórnanda hjá Gautaborgardansflokknum, Adolphe Binder, kveðst Katrín hafa þekkt ágætlega og segir hana hafa gert gríðarlega góða hluti með flokknum. „Leikárið fram undan er skipulagt af Binder og ég get fyllilega staðið undir því með stolti. Það er metnaðarfullt og nokkurn veginn eins og ég hefði getað sett saman, þar eru danshöfundar sem ég hef starfað með og átt önnur samskipti við. Mér finnst góð tilfinning að geta staðið 100% við bakið á leiktíð sem ég planaði ekki sjálf."

Katrín var í 16 ár með Íslenska dansflokkinn, frá 1996 til 2012. Síðan kveðst hún hafa verið í lausamennsku við að semja dansverk fyrir hina og þessa dansflokka, auk þess að kenna bæði við Listaháskólann og á alþjóðlegum vettvangi. „Mestmegnis er ég búin að vera á fartinni erlendis, markaðurinn er nú ekki stór í þessu fagi hér á landi."

Katrín tekur formlega við nýju stöðunni 1. ágúst en samdi um að verða einhverja daga í burtu vegna annarra verkefna sem hún þarf að ljúka. „Auk þess er í samningnum að mér er veitt öðru hverju launalaust leyfi til að semja verk fyrir aðra dansflokka því ég tel mikilvægt að listrænn stjórnandi sé líka starfandi listamaður," segir hún og bætir við: „Ekki það að ég ætli að nýta mér það strax. Ég sé fram á ærin verkefni fram undan og veit að fókusinn verður að vera á réttum stað."

**ÉG HEF ALLTAF LAGT ÁHERSLU Á AÐ VINNA Í TEYMI, ÞAÐ ER EKKI EINRÆÐISHYGGJA RÍKJANDI ÞAR SEM ÉG STJÓRNA, MÉR FINNST MIKILVÆGT AÐ UPPLÝSINGAFLÆÐIÐ SÉ GOTT OG GAGNKVÆM VIRÐING RÍKI INNAN HÓPSINS.**

Þrjátíu og átta dansarar eru við dansflokk Gautaborgaróperunnar eins og er, að sögn Katrínar. Hún kveðst hlakka til að kynnast þeim, finna út þeirra styrkleika, hvað þeir hafi að bjóða sem listamenn og hvernig þeir nái að blómstra og vaxa. „Þetta er mikið samspil. Ég hef alltaf lagt áherslu á að vinna í teymi, það er ekki einræðishyggja ríkjandi þar sem ég stjórna, mér finnst mikilvægt að allir séu með um borð, upplýsingaflæðið sé gott og gagnkvæm virðing ríki innan hópsins."

Matthea Lára, dóttir Katrínar og Guðjóns Pedersen, var að útskrifast úr Hagaskóla í fyrradag og Katrín kveðst vona að hún fái inni í menntaskóla í Gautaborg. „Við reiknum öll með að vera sem mest í Svíþjóð, kannski á það eftir að gerast í einhverjum skrefum, það kemur í ljós. Þetta er svo nýtilkomið."



„Ég sé fram á ærin verkefni fram undan og veit að fókusinn verður að vera á réttum stað," segir Katrín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Brjálæðislegt úthald trommuleikarans

**TÓNLIST**

**Brjálæðislegt úthald trommuleikarans**

★★★★★

**Djasstónleikar**

**Terri Lyne Carrington ásamt sjö manna sveit á Listahátíð í Reykjavík.**
**Eldborg í Hörpu**
Sunnudaginn 5. júní

Lokatónleikarnir á Listahátíð skörtuðu heimsfrægum djassista, Terri Lyne Carrington. Hún er trommuleikari og þrefaldur Grammy-verðlaunahafi. Með henni voru sex hljóðfæraleikarar sem spiluðu á píanó, tvo saxófóna, gítar, bassa og flautu. Byrjun tónleikanna var kröftug. Spilað var ákaft lag, hálfgerður frjálsdjass þar sem allt er leyfilegt. Hljóðmixið var sérstakt, venjulega heyrist ekki svona mikið í trommunum. En það var ekki leiðinlegt. Carrington er magnaður trommuleikari, leikur hennar var sérlega margbrotinn og oft ótrúlega hraður. Hið sérstaka var þó hve hann var í leiðinni afslappaður, það var engin stífni í áslættinum. Allt lék í höndunum á trommuleikaranum. Minnist maður orða Roberts Schumanns, sem sagði: „Sá sem ekki leikur við hljóðfærið, leikur ekki heldur á það."

Tónleikarnir tóku klukkutíma og þrjú korter án hlés. Carrington lamdi trommurnar allan tímann af sama fjörinu, hún gaf aldrei eftir. Hvílíkt úthald!

Hinir hljóðfæraleikararnir voru einnig með allt sitt á hreinu. Saxófónarnir voru dillandi og litríkir, píanóleikurinn var skemmtilega snarpur, bassinn pottþéttur, gítarinn glitrandi og flautuleikur hinnar tvítugu Elenu Pinderhughes dásamlega breiður og munúðarfullur. Sú síðastnefnda hóf líka upp raust sína á köflum, en hún var fyrst og fremst bakrödd. Hún gerði það þó fallega.



„Carrington er magnaður trommuleikari, leikur hennar var sérlega margbrotinn og oft ótrúlega hraður," segir í dómnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Dagskráin var fjölbreytt. Þarna voru „standardar" á borð við Body and Soul eftir Johnny Green, Unconditional Love eftir Nick Drake og Come Sunday eftir Duke Ellington. Svo voru lög af plötunni The Mosaic Project sem kom út árið 2011. Það er frábær plata þar sem allir músíkantarnir eru kvenkyns. Í fyrra kom út eins konar framhald plötunnar, hún er aðeins poppaðri en ekkert síður skemmtileg.

Söngkonan Lizz Wright kom fram með bandinu og söng nokkur lög. Röðin var svo unaðslega safarík og fögur að maður hreinlega gleymdi stund og stað. Þetta var í einu orði sagt: Snilld.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Algerlega frábærir djasstónleikar.

# 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐAVÖRUM FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM*

**9. - 19. júní**

## American Tourister taska
Spring Hill, 55 sm

**13.492 kr.**

Verð áður: 17.990 kr.



## American Tourister taska
Spring Hill, 66,5 sm

**11.999 kr.**

Verð áður: 15.999 kr.



## Töskuvog
Design Go

**3.974 kr.**

Verð áður: 5.299 kr.



## Samsonite taska
Base Hits, 55 sm

**16.493 kr.**

Verð áður: 21.990 kr.



## Höfuðpúði
Design Go

**1.349 kr.**

Verð áður: 1.799 kr.



## Samsonite taska
S'Cure, 69 sm

**28.493 kr.**

Verð áður: 37.990 kr.



## Samsonite taska
Base Hits, 66 sm

**17.993 kr.**

Verð áður: 23.990 kr.



## Samsonite taska
Base Hits, 66 sm

**17.993 kr.**

Verð áður: 23.990 kr.



## Millistykki
Design Go

**1.199 kr.**

Verð áður: 1.599 kr.



*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Athugið að vöruframboð er breytilegt á milli verslana.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

ÁRNASYNIR

# BÍÓ




Kolbeinn pollslakur í einni senu myndarinnar. Hann ætti að vera nokkuð vanur rútuferðunum líkt og liðsfélagarnir.

# Jökullinn logar: Tár, bros og takkaskór

## Sölvi Tryggvason og Sævar Guðmundsson leiddu saman hesta sína og fylgdu íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu að draumnum um Evrópumeistaramótið.

KVIKMYNDIR

**Jökullinn logar**
★★★☆☆

**Leikstjóri:** Sævar Guðmundsson
**Framleiðendur:** Sölvi Tryggvason og Kristín Ólafsdóttir
**Handrit og viðtöl:** Sölvi Tryggvason
**Kvikmyndataka:** Viðir Sigurðsson, Hákon Sverrisson og Ágúst Jakobsson
**Hljóðhönnun:** Gunnar Árnason
**Tónlist:** Les Fréres Stefson

Leið íslenska karlalandsliðsins í fótbolta á EM í Frakklandi hefur varla farið fram hjá neinum Íslendingi, jafnvel ekki þeim sem hafa takmarkaðan áhuga á fótbolta. Eftir að landsliðið var nálægt því að komast á heimsmeistaramótið í Brasilíu sá Sölvi Tryggvason ástæðu til að elta liðið uppi og gera mynd um það. Eins og oft vill verða með heimildarmyndir gerast óvæntir hlutir í ferlinu og það gerðist sannarlega hér.

Sölvi og leikstjórinn Sævar Guðmundsson fylgja hér landsliðinu í gegnum undankeppni EM og er farið línulega gegnum ferlið, leik fyrir leik, en samhliða því er áhorfandinn kynntur fyrir helstu leikmönnum liðsins og bakgrunni þeirra. Hér er sögð saga þar sem við fáum að kynnast persónunum aðeins. Í gegnum tár, bros og takkaskó sést hvernig íslenska karlalandsliðinu tókst að koma sér alla leið á Evrópumeistaramótið í knattspyrnu í fyrsta skipti í sögunni.

Það er best að geta þess strax að undirritaður er einn af þessum örfáu Íslendingum sem hafa mjög takmarkaðan áhuga á fótbolta og því ekki beint í markhópnum fyrir þessa mynd. En þrátt fyrir áhugaleysið á fótbolta leiddist mér ekki.

Sölva Tryggvasyni, sem skrifaður er hér fyrir handriti og viðtölum, og leikstjóranum Sævari Guðmundssyni hefur tekist að gera líflega og ágætlega skemmtilega mynd um þessa frækilegu för landsliðsins. Það er góður stígandi í myndinni, hún flæðir vel og tekið er á efninu frá mörgum hliðum. Það er ekki bara talað um boltann heldur manneskjurnar á bak við hann og í kringum hann, bæði leikmenn og þjálfara, maka og aðdáendur. Áherslan er samt fyrst og fremst á leikmennina.

Söguna þekkjum við öll en það sem gerir þessa mynd þess virði að horfa á eru persónuleikarnir. Myndin er full af skemmtilegum litlum karaktermómentum þar sem leikmennirnir fíflast hver í öðrum eða viðurkenna veikleika sína. Húmorinn er heldur aldrei langt undan.

Engu að síður er fótboltinn aðalmálið hérna og fyrir menn sem hafa lítinn áhuga á því dalar myndin oft. Það hjálpar heldur ekki að endalokin eru augljós frá upphafi þó Sölva og Sævari takist samt að skapa smá spennu með góðri samsetningu. Helsta vandamálið er þó að myndin er helst til of löng. Það virðist vera einhver meinloka í fólki að mynd sem er undir 90 mínútum sé ekki alvöru bíómynd og því er lopinn stundum teygður svo þeirri lengd sé náð. Myndin er því svolítið langdregin á köflum og missir líka dampinn í seinni hlutanum, heldur áfram of lengi eftir að endalokin eru ljós og fjarar svolítið út þannig að endirinn verður ekki nógu sterkur.

Sölvi og Sævar mega samt eiga það að þeir missa sig ekki alveg í þjóðrembunni þótt það örli samt aðeins á henni. Þjóðarstoltið er óneitanlega til staðar en tekur aldrei alveg yfir, þetta er fyrst og fremst saga um hóp manna sem tókst ætlunarverk sitt, að „fara á fokking EM“ svo vitnað sé í einn þeirra.

Atli Sigurjónsson

**NIÐURSTAÐA:** Myndin er fagmannlega gerð og ágætlega skemmtileg en líka of löng og ekki nógu spennandi fyrir fólk sem hefur ekki áhuga á fótbolta. Fótboltaáhugamenn mega bæta við einni stjörnu á einkunnina.

## Frumsýningar

### THE NICE GUYS



Gaman- og hasarmynd
Aðalhlutverk: Russell Crowe, Ryan Gosling og Angourie Rice.
Frumsýnd 8. júní
IMDb 7,9/10

### CENTRAL INTELLIGENCE



Glæpa- og gamanmynd
Aðalhlutverk: Dwayne Johnson, Kevin Hart og Danielle Nicolet.
Frumsýnd 15. júní

### FINDING DORY



Teiknimynd
Aðalhlutverk: Ellen DeGeneres, Albert Brooks og Idris Elba.
Frumsýnd 16. júní



# EKKI MISSA AF ÞESSU RUGLI!

## VERÐIN VERÐA EKKI MIKIÐ LÆGRI!

# 50%

## AF ÖLLUM VÖRUM

Afslátturinn gildir af outletverðum og getur numið meira en 90% af upphaflegu verði verslana.



**ÞAÐ ERU EKKI MARGIR DAGAR EFTIR!**
Ekki missa af þessum fáránlegu verðum á fatnaði sem kemur úr öllum betri fataverslunum landsins!

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400










# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

### 9. JÚNÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Declan O'Rourke
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti 7
Declan er búsettur í Dublin en er í heimsókn á Íslandi með eiginkonu sinni og ákvað að skella í eina tónleika á meðan á heimsókninni stendur. Hann er þekktur lagahöfundur og söngvari á heimaslóðunum á Írlandi og hefur spilað þar með öðrum þekktum Írum á borð við Bono í U2, Damien Rice og Alison Krauss. Tónlist hans hefur einnig verið flutt af öðrum stórstjörnum svo sem Josh Groban og Eddi Reader. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Öræfi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Hljómsveitina skipa Halldór Lárusson, Hörður Ingi Stefánsson, Jóhann Ingvason og Hallur Ingólfsson. Öræfi er instrúmental plata sem inniheldur dramatíska og hráa tónlist sem á rætur sínar að rekja til þeirrar tónlistar sem Hallur hefur samið fyrir kvikmyndir og leikhús, en hann hefur verið mjög afkastamikill á þeim vettvangi.



Kolbeinn Ketilsson tenórsöngvari og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari flytja nokkur vel valin lög í Norræna húsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Arctic Concerts
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Norræna húsið
Kolbeinn Jón Ketilsson tenórsöngvari og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari flytja nokkrar af perlum íslenskra sönglaga í bland við norska og norræna tónlist.

**Hvað?** Himnasælusinfónían
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa

**Hvað?** The Diversion Sessions – útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Hljómsveitin The Diversion Sessions fagnar útgáfu hljómplötunnar The Truth the Love the Life. Upphitun verður í höndum Marteins Sindra Jónssonar og félaga. Marteinn hefur verið iðinn að undanförnu við að taka upp frumsamið efni og mun hann flytja efni af væntanlegri smáskífu.

### Fundir

**Hvað?** Bókmenntaganga
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Bókasafn Reykjanesbæjar
Í tilefni Geopark-viku verður boðið upp á bókmenntagöngu frá Bókasafni Reykjanesbæjar. Markmið Geopark-viku er að bjóða upp á áhugaverða viðburði sem endurspegla náttúru og mannlíf á Reykjanesskaga. Lagt verður af stað klukkan 19.30 frá átthagastofu í bókasafninu.

**Hvað? Pub-Quiz** UN Women í samstarfi við Ara Eldjárn!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tivoli bar

**Hvað?** Spilakvöld í Spilavinum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Suðurlandsbraut 48
Starfsfólk okkar sér um að kenna spil og hópa fólk saman svo allir skemmti sér vel. Spiluð verða alls konar spil á mörgum borðum. Aðgangur er ókeypis.




FJÖLDI TILBOÐA!
Sumar HÁTÍÐ
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 12.júní eða á meðan birgðir endast.
Í ÖLLUM BYKO VERSLUNUM
Laugardaginn 11. júní frá 12-15
Fjöldi sumartilboða!
Boðið er upp á grillaðar pylsur, gos og safa. Sundpokar, buff og nammi fyrir ungu kynslóðina.
Sjáumst!
-20%
SUMARLEIKFÖNG
-24%
GRILLPRO
GASGRILL 3 kW,
24.995kr.
50657522
Almennt verð: 32.995 kr.
PALLAOLÍA, 4l.
margir litir.
3.495kr.
86363041
Almennt verð: 4.995 kr.
málning
kjörvari 12
-30%
STJÚPUR 10STK.
895kr.
55092000
Almennt verð: 1.295 kr.
-30%
Einhell
RAFHLÖÐU-BORVÉL
6.555kr.
74804118
Almennt verð: 8.195 kr.
-20%
-30%
GARÐHÚSGÖGN
Gildir ekki af gagnvörðum viðarhúsgögnum
-20%
ÚTILEGUVÖRUR
SUMARBLÓM
Breidd og Granda
-20%
STANLEY
VERKFÆRASETT
125 stk.
19.995kr.
70174393
Almennt verð: 28.995 kr.
-31%
FERÐAGASGRILL
margir litir
19.995kr.
50632096-100
Almennt verð: 24.995 kr.
-20%
-20%
Einhell
SLÁTTUORF, 300W
4.795kr.
74830011
Almennt verð: 5.995 kr.
OUYAO
SLÁTTUVÉL, 2,3kW
26.995kr.
53323130
Almennt verð: 34.995 kr.
-22%
SKOÐAÐU FLEIRI SUMARTILBOÐ
OG VIÐBURÐI Á BYKO.IS
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




20:15
**ÞAÐ ER LEIKUR AÐ ELDA**
Nýr og frábær matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem Eva Laufey Kjaran fær í hverjum þætti til sín unga og hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að elska að búa til mat og eru afburðakokkar í þokkabót.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

20:35
**RESTAURANT STARTUP**
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað.



21:25
**PERSON OF INTEREST**
Fimmta þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem taka saman höndum til að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



22:10
**CONTAINMENT**
Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er settur í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu.



22:55
**LUCIFER**
Djöfullinn sjálfur kemur upp á yfirborð jarðar. Hann kynnist rannsóknarlögreglukonu sem breytir sýn hans á lífið og hann nýtir hæfileika sína til að aðstoða við rannsókn sakamála.



22:00
**INCREDIBLE BURT WONDERSTONE**
Gamall töframaður í Las Vegas reynir að blása lífi í ferilinn eftir að félagi hans sest í helgan stein.



3 | 19:55
**MARGRA BARNA MÆÐUR**
Sigrún Ósk hittir konur sem eignast hafa fleiri börn en gengur og gerist í dag, fylgst er með hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á stórum heimilum.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Masterchef USA
**11.05** Jamie's Super Food
**11.50** Um land allt
**12.10** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** Death Comes to Pemberley
**14.00** Multiple Birth Wards
**14.50** All the Right Moves
**16.30** Frikki Dór og félagar
**16.55** Simpson-fjölskyldan
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Friends
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Íþróttir
**19.10** Ellen
**19.50** The New Girl Fimmta þáttaröðin um Jess og sambýlinga hennar. Jess er söm við sig, en sambýlingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessari undarlegu stúlku, sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra. Með aðalhlutverk fara Zooey Deschanel, Jake Johnson og Damon Wayans Jr.
**20.15** Það er leikur að elda
**20.40** Restaurant Startup
**21.25** Person of Interest
**22.10** Containment Ný spennuþáttaröð úr smiðju Warner. Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er settur í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni Atlanta í Bandaríkjunum og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu. Hér er fjallað um það hvað gerist þegar fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast inni í herkvíinni en þá kemur hið sanna andlit fólks í ljós þar sem ólíklegustu hetjur birtast og ótúlegasta fólk sýnir sínar dekkstu hliðar.
**22.55** Lucifer
**23.40** Ghetto betur Skemmtilegur nýr spurningaþáttur í umsjón Steinþórs Hróars Steinþórssonar eða Steinda Jr. Í hverjum þætti mæta fulltrúar frá tveimur bæjarföfum, tveir frá hvoru, og spreyta sig á vel völdum spurningum. Liðin þurfa að glíma við ákveðnar þrautir og fá einnig ýmiss konar óvenjuleg verkefni til að leysa. Hlín Einarsdóttir verður dómari í þættinum, Kalli Bjarni stigavörður og María Guðmundsdóttir verður plötusnúður.
**00.20** X-Company
**01.05** Fruitvale Station
**02.30** NCIS. New Orleans
**03.15** Wild Card
**04.45** The Double

### SPORT

**07.00** Sumarmessan
**07.35** Brasilía - Haítí
**09.15** Ekvador - Perú
**10.55** Breiðablik - FH
**12.45** Grindavík - Fylkir
**14.25** Sumarmessan Allt það helsta úr heimi knattspyrnunnar krufið til mergjar af íþróttafréttamönnum 365 ásamt góðum gestum. Copa America og EM í Frakklandi verða í brennidepli.
**15.00** FH - Leiknir R.
**16.45** Premier League World
**17.15** Cleveland - Golden State
**19.05** Víkingur R. - Valur
**21.15** Borgunarbikarmörkin
**22.30** Sumarmessan
**23.05** NBA - Looking Back at Gary Payton
**23.25** Úrúgvæ - Venesúela Beint
**01.30** Premier League World
**01.55** Mexíkó - Jamaíka Beint

### STÖÐ 3

**17.45** Raising Hope
**18.10** The Big Bang Theory
**18.30** Modern Family
**18.55** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Margra barna mæður
**20.25** League
**21.00** Witches of East End
**21.45** Tyrant
**22.35** Tyrant
**23.20** NCIS Los Angeles Sjötta þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt. Með aðalhlutverk fara meðal annars Chris O'Donnell og LL Cool J.
**00.05** Justified
**00.55** Fóstbræður
**01.25** Entourage
**01.55** Margra barna mæður
**02.25** League
**02.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Brunabílarnir
**07.25** Lukku-Láki
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Víkingurinn Viggó
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli Vinirnir
**09.55** UKI
**10.00** Ljóti andarunginn og ég
**10.25** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Brunabílarnir
**11.25** Lukku-Láki
**11.48** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Víkingurinn Viggó
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli Vinirnir Lalli og Yoko
**13.55** UKI
**14.00** Ljóti andarunginn og ég
**14.25** Latibær
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Brunabílarnir
**15.25** Lukku-Láki
**15.48** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Víkingurinn Viggó
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** UKI
**18.00** Ljóti andarunginn og ég
**18.25** Latibær
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Happily N'Ever



Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Memorial Tournament
**12.40** Golfing World 2016
**13.30** The Memorial Tournament
**18.10** PGA Tour 2016 - Highlights
**19.05** Inside the PGA Tour 2016
**19.30** FedEx St. Jude Classic
**22.30** Golfing World 2016
**23.20** Inside the PGA Tour 2016

### BÍÓSTÖÐIN

**11.45** Won't Back Down
**13.45** The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon
**15.15** The Nutty Professor
**16.50** Won't Back Down
**18.50** The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon Rómantísk gamanmynd um Edward konung og Paige drottningu sem fara í brúðkaupsferð til Belavíu þar sem þau komast að lævíslegum áformum danska forsætisráðherrans um að eyðileggja fallegt landsvæði sem er í eigu konungsríkisins. Brúðkaupsferðin breytist því í eitthvað allt annað en Edward og Paige sáu fyrir sér og töluvert meira spennandi í þokkabót þar sem þau beita sér fyrir því að koma í veg fyrir spillinguna.
**20.25** The Nutty Professor
**22.00** Incredible Burt Wonderstone Gamanmynd frá 2013 með Steve Carell, Steve Buscemi, Olivia Wilde og Jim Carrey í aðalhlutverkum. Gamall töframaður í Las Vegas reynir að blása lífi í ferilinn eftir að félagi hans sest í helgan stein. Hann er rekinn úr spilavítinu og framagjarn götutöframaður stelur athyglinni.
**23.40** The Conjuring
**01.35** 16 Blocks
**03.15** Compliance

### RÚV

**16.10** Baráttan um Bessastaði
**16.35** Violetta
**17.20** Í garðinum með Gurrý
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Eðlukrúttin
**18.15** Best í flestu
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Baráttan um Bessastaði. Viðtal við frambjóðendur
**20.05** Leiðin til Frakklands
**20.35** Lottóhópurinn
**21.40** Hið sæta sumarlíf
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Kynningar frambjóðenda - Forsetakosningar 2016
**22.25** Glæpahneigð
**23.10** Indian Summers
**23.55** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.45** Survivor
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Four Weddings and a Funeral
**15.30** America's Next Top Model
**16.15** Growing Up Fisher
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Life In Pieces
**20.15** Grandfathered
**20.40** The Grinder
**21.00** The Catch
**21.45** How To Get Away
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Scorpion
**00.35** Law & Order: Special Victims Unit
**01.20** The Family
**02.05** The Catch
**02.50** How To Get Away
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

**RENAULT**
Passion for life

# GULLFALLEGIR CAPTUR OG KADJAR




## VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM RENAULT Í DAG.

Hefur þú kynnt þér Captur eða Kadjar frá Renault? Tveir spennandi kostir sem eru hlaðnir staðalbúnaði, 5 stjörnu öryggi og þekktir fyrir þægindi, tæknibúnað og frábært verð. Renault Captur er snaggaralegur bíll í millistærð með hátt undir lægsta punkt, frábær í akstri og fæst í mörgum litaútfærslum. Renault Kadjar er glæsilegur sportjeppi sem fæst bæði með framhjóladrifi eða öflugu fjórhjóladrifi. Kadjar er rúmgóður og einstaklega vel hannaður.
Og að sjálfsögðu er sparneytnin í fyrirrúmi í öllum Renault bifreiðum.
Þú kemst einfaldlega lengra á Renault.

**Renault Captur**
**Dísil, sjálfskiptur**
**Eyðsla 3,8 l/100 km***
**Verð: 3.690.000 kr.**
**Verð á mánuði 56.570 kr.****
**Fleiri útgáfur í boði.**
**Nánari upplýsingar á Renault.is**

**Renault Kadjar 2wd**
**Dísil, sjálfskiptur**
**Eyðsla 3,8 l/100 km***
**Verð : 4.390.000 kr.**
**Verð á mánuði 67.278 kr.****
**Fleiri útgáfur í boði.**
**Nánari upplýsingar á Renault.is**

E F

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"

**Mánaðarlegar afborganir í 84 mánuði samkvæmt fjármögnunar reiknivél á Lykill.is. Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM75186

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Dýrvitlaust á Bessastöðum!

Hér á landi er afar vinsælt að eiga gæludýr. Það þykir að mörgu leyti vera upplífgandi og skemmtilegt. Fréttablaðið hafði samband við forsetaframbjóðendur og fékk að kynnast gæludýrum þeirra.



Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



## Andri Snær Magnason

„Við fjölskyldan eigum þriggja ára Whippet-tík sem heitir Tromma,“ segir Andri Snær Magnason og bætir við að hún hlaupi verulega hratt, eða á allt að 60 kílómetra hraða, en Whippet er þekktur fyrir mikinn hraða og snerpu.

„Tromma er barngóð og virkilega blíð, hún geltir nánast ekkert og það er mikill leikur í henni, ef hún hittir aðra hunda er hún alltaf til í spretthlaup,“ segir Andri.

„Uppáhaldsmaturinn hennar er lifrarpylsa,“ segir Andri sem hefur mjög gaman af Trommu.

Whippet er mjósleginn hundur með snöggan en silkimjúkan feld. Þar sem þeir eru svo snögghærðir og hafa litla sem enga aukafitu getur þeim orðið verulega kalt.

„Á veturna og á köldum dögum þarf Tromma að vera í kápu til þess að henni verði ekki kalt. Hún á sér uppáhaldskápu sem Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur prjónaði handa henni, hún er hlý og virkilega góð fyrir Trommu,“ segir Andri.



## Elísabet Jökulsdóttir

„Keano og Zizou eru eru miklir vinir mínir, þeir eru í eigu sonar míns, Jökuls, og eiginkonu hans, Kristínar, en ég kalla þá oft ömmuhundana mína,“ segir Elísabet Jökulsdóttir um átta ára gamla Siberian Husky eða síberíska sleðahunda sem hún gætir oft þegar eigendur þeirra eru á ferðalögum eða vant við látnir.

„Ég var nú alltaf frekar smeyk við þá til að byrja með, það var ekki fyrr en sonur minn sagði við mig, mamma þú mátt alveg vera hrædd, það var þá sem ég hætti að vera hrædd,“ segir Elísabet.

Siberian Husky er hreinræktaður hundur, ekki villtur, hálfur úlfur eða blandaður.

„Þeir fá ekki einu sinni að fara út á tröppur án þess að vera í bandi, þeir hafa það villt eðli og það er mikil forvitni í þeim,“ segir hún og bætir við að þeir séu þó mjög blíðir og góðir við börn.



## Sturla Jónsson

„Það er kisa á heimilinu en hún er í eigu konu minnar, Aldísar Ernu Helgadóttur,“ segir Sturla Jónsson, spurður út í hvort hann eigi gæludýr.

„Kisan heitir Svali og er rúmlega átta ára. Svali er frekar venjulegt fress en hann er með virkilega fallega litasamsetningu og er mjög skemmtilegur,“ segir Sturla.

Líkt og víða annars staðar eru kettir vinsæl gæludýr á Íslandi. Oftar en ekki eru kisur frekar sjálfstæðar og láta lítið fara fyrir sér. Flestir kettir njóta þess vel að fá eitthvað gott í gogginn og eiga auðvelt með að láta sína nánustu vita hvað það er sem þeir vilja helst.

„Svali fær alltaf þetta venjulega kattafóður, það er best fyrir hann, en það kemur þó alveg fyrir á jólum og páskum að Aldís gefi honum rækjur. Það má nú alveg segja að hann sé frekar dekraður hérna á heimilinu og það stökkva allir til fyrir hann,“ segir Sturla.



## Hildur Þórðardóttir

„Ég á svartan Labrador Retriever veiðihund sem verður átta ára núna í ágúst. Hún heitir Píla og er mjög klár. Hún hefur verið þjálfuð til veiðiprófs,“ segir Hildur Þórðardóttir.

Labrador Retriever eru góðir heimilishundar þegar þeir fá næga hreyfingu, til dæmis eins og að sækja æfingar á landi jafnt sem legi.

„Píla er mikill vinur allra í fjölskyldunni, hún kemur fagnandi á móti manni þegar maður gengur inn á heimilið,“ segir Hildur og bætir við að Píla hafi sjálfstæðan vilja og þyki ekki gaman að boltaleikjum. En hún sé hins vegar alveg til í að rétta sér póstinn og inniskóna, enda fái hún verðlaun fyrir.

„Hún er bara ein af fjölskyldunni en fær þó ekki að sofa uppi í hjá okkur, hún kemur upp í sófa og hefur það gott með okkur,“ segir Hildur ánægð með Pílu.



## Halla Tómasdóttir

„Moli er Coton-De-Tuléar, stundum kallaður Prinsinn frá Madagaskar. Hann er rúmlega ársgamall og var fermingargjöf til sonar okkar, sem átti þá einu ósk að eignast hund. Hann er hins vegar orðinn sameiginlegt barn okkar allra,“ segir Halla Tómasdóttir og bætir við að Mola finnist fátt betra en þegar fjölskyldan situr öll saman í sófanum með popp, sem er uppáhaldssnakkið hans.

Hrifning Höllu á Mola leynir sér ekki og er óhætt að segja að hann veiti fjölskyldunni ómælda hamingju.

„Moli passar sérstaklega vel upp á mömmu sína, það er að segja mig, og er ekkert alltof vel við að ókunnir karlmenn kyssi hana. Það er mikill leikur í honum, hann elskar að fara í eltingarleik og stelur gjarnan sokkunum okkar til að fá okkur til að elta sig og svo dansar hann eins og engill á afturlöppunum einum saman,“ segir Halla ánægð í bragði.

## Guðni Th. Jóhannesson





„Kisan Títa ræður öllu á heimilinu og leyfir okkur að gista í húsinu. Það er mikill drottningarbragur yfir henni og hún vill fá þá virðingu sem henni finnst hún eiga skilið,“ segir Guðni og bætir við að hún sé þó elskuð af allri fjölskyldunni.

„Aldurinn er farinn að færast yfir hana en Títa kom til okkar fyrir rúmum 10 árum, þegar ég ásamt dóttur minni Rut fórum í Kattholt þar sem hún féll fyrir þessum litla snjóhvíta hnoðra sem hún ákvað að gefa nafnið Afrótíta, með t-i, en því nafni var þó fljótlega breytt í Títa,“ segir Guðni glaður.

Eins og flestir kettir kann Títa vel að meta góðan mat og þegar fjölskyldan gerir sér dagamun fær Títa harðfisk og kisunammi.

Henni líður einstaklega vel hjá okkur, hér er hugsað vel um hana,“ segir Guðni og bætir við að venjulega fái Títa þurrfóður sem sé best fyrir hana.

## Davíð Oddsson





„Heimiliskötturinn heitir Frans og er 12 ára. Hann var villiköttur sem valdi sér okkur sem fjölskyldu. Frans býður reglulega gestum, sem eru kettir nágranna, í mat svo það eru margir aðrir kettir sem venja komu sína til okkar,“ segir Davíð Oddsson spurður út í gæludýr heimilisins.

Davíð er mikill dýravinur og laðar að sér alls konar dýr, meðal annars er það mávurinn Mási sem hefur sótt hjónin heim í fjögur ár.

„Mási er tryggur, prúður og gæfur. Hann kemur fyrstur máva að vori í Skerjafjörðinn,“ segir Davíð, en ásamt Mása býr hrafnafjölskylda í túninu við sumarhús þeirra hjóna sem Davíð hefur einnig gaman af.

„Þau koma einu sinni síðla sumars, hvert sumar, að húsinu og kynna afraksturinn, ungana sína, fyrir okkur,“ segir Davíð glaður í bragði.

## Guðrún Margrét Pálsdóttir



„Neró er sex og hálfs árs fiðrildahundur, hann er alveg einstaklega kátur og skemmtilegur og óhætt að segja að hann sé einn af fjölskyldunni,“ segir Guðrún Margrét Pálsdóttir um hundinn sinn, Neró, sem fær gjarnan að sitja við kvöldverðarborðið með fjölskyldunni.

Neró er lítill og fíngerður hundur en að sögn Guðrúnar er hann einstaklega fjörugur og vinalegur.

„Þegar ég býð honum í göngutúr, hleypur hann oft tíu hringi í kring um mig og heldur svo áfram að snúast um sjálfan sig, svo kátur og glaður er hann þegar við förum út að ganga,“ segir Guðrún og hlær.

Neró fær yfirleitt þurrmat sem þykir mjög góður fyrir hann en þó kemur Guðrún honum oft á óvart með ýmsu góðgæti.

„Hann fær stundum gulrætur og epli en það er mikið í uppáhaldi hjá honum,“ segir Guðrún.




























**www.netto.is | Tilboðin gilda 9. – 12. júní 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Sleikferðir ættu að vera uppáskrifaðar



Sigga Dögg og Áslaug eru afar spenntar fyrir komandi tímum og segja þetta aðeins upphafið að heimsyfirráðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Kynfræðingarnir **Sigríður Dögg** og **Áslaug Kristjánsdóttir** ætla sér að ferja íslensk pör til Berlínar með það fyrir augum að dusta rykið af rómantíkinni. „Þetta er engin meðferðar-ferð," segir Sigga Dögg.

„Mér finnst í alvöru að paraferðir ættu að vera uppáskrifaðar af lækni," segir Sigga Dögg kynfræðingur sem ásamt kollega sínum, Áslaugu Kristjánsdóttur, hefur tekið til við að ferja íslensk pör til Berlínar. Hyggjast þær hefjast handa við að koma fólkinu yfir á meginlandið með haustinu. Stefnan er tekin á að leiða pör um Berlín, fara yfir kynlífssögu borgarinnar ásamt því að veita sérvalin kynlífsráð.

„Við tökum á móti fólki með gjafapoka, bækur og æfingar sem það getur nýtt sér í ferðinni og svo þegar það kemur heim," útskýrir Sigga upprifin. Hún segir Berlín henta vel í svona ferðir, enda sé um afar áhugaverða borg að ræða sé horft til kynlífssögu borgarinnar.

„Svo hefur verið sýnt fram á að það í fjölda rannsókna, að það að breyta um umhverfi hafi mjög jákvæð áhrif á sambönd. Sjálf mæli ég með að pör fari í sleikferð einu sinni á ári. Við viljum með þessu fá fólk til að hlæja svolítið, fara í sleik og aðeins að klípa hvort annað í rassinn," segir hún sposk og bætir við að fólk hafi gott af að gera eitthvað annað stöku sinnum en að eyða utanlandsferðinni í H&M verslunum.

Sjálf hefur Sigga gengið lengi með þessa hugmynd í kollinum. „Ég þorði ekki að vaða í þetta fyrr en ég bar pælinguna undir Áslaugu. Við erum andstæður, á góðan hátt. Hún svona róleg og yfirveguð og ég meira eins og flugeldur."

Spurð hvort fólk sé ekkert feimið við að skrá sig í sérlegar kynlífsferðir svarar hún því til að henni þyki það ólíklegt. „Ég held ekki. Þetta er nefnilega alls engin meðferðar-ferð. Það þarf ekkert að vera að hjá fólki. Ég veit ekki um eitt einasta par sem ekki gæti haft gott af því að rækta rómantíkina aðeins. Auk þess sem fólk þarf ekki að vera hrætt við að þetta sé ferð sem fari yfir öll velsæmismörk. Það eru kynlífssöfn úti um allan heim og þau eru virkilega áhugaverð í sögulegu samhengi."

Þetta er sumsé engin perraferð. Sigga segist raunar telja meginþorra þeirra sem fylgi þeim Áslaugu til Berlínar vera barnafólk og fólk sem komið er af léttasta skeiði og ungarnir flognir úr hreiðrinu. „Við vitum ekki til þess að svona ferðir séu í boði annars staðar í heiminum svo nú sjáum við ekki annað fyrir okkur en heimsyfirráð," segir hún glaðleg í lokin. **gudrun@frettabladid.is**



## Hvernig á að halda lífi í glæðunum?

1. Heilsist og kveðjist alltaf með kossi.
2. Sofið nakin að minnsta kosti einu sinni í viku. Í sama rúmi.
3. Verið dugleg að segja takk hvort við annað.


GLAMOUR
ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT
KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR







Söguhetja Doom hefur yfirleitt verið kölluð því frumlega nafni Doomguy.

# Helvíti á Mars: Upprisa Doom er vel heppnuð

**SKOTLEIKIR**

**PS4 Doom**

★★★☆☆

Mars hefur orðið fyrir innrás djöfla frá helvíti og aðeins einn maður stendur í vegi þeirra. Doom er ekkert að flækja hlutina. Skjóttu allt sem hreyfist og haltu svo áfram. Það segir sitt um Doom að það er enginn sérstakur takki til að hlaupa hratt. Spilarar hlaupa alltaf hratt.

Doom er endurgerð af hinum upprunalega Doom sem kom út árið 1993 og er frá sama fyrirtæki. Þó grafíkin hafi breyst töluvert í millitíðinni er margt við leikinn sem minnir á gamla tíma. Spilari er í hlutverki hermanns sem notar stórar og kraftmiklar byssur til að ganga frá djöflum og uppvakningum í massavís.

Keðjusögin fræga er komin aftur sem og BFG-byssan. Doom er stútfullur af vísunum í gömlu leikina og aðra poppmenningu.

Í stað þess að hægt sé að fara í skjól og safna lífi áður en haldið er áfram þarf að finna meira líf og brynklæði. Þá fæst líf fyrir að drepa djöfla með svokölluðum Glory Kills. Það felur í sér að skjóta djöfulinn þar til hann missir jafnvægið, hlaupa að honum og ganga frá honum á mjög ofbeldisfullan hátt. Þannig eru spilarar hvattir til að taka sénsa þegar þeir eru að dauða komnir.

Spilarar eru hvattir til þess að skoða hvern krók og kima í Doom þar sem kraftmiklar uppfærslur leynast víða og þær borga sig verulega þegar líður á leikinn. Það sem þetta gerir hins vegar er að draga úr hraða leiksins og oft á tíðum verja spilarar miklum tíma í að hlaupa um borð leiksins og leita að földum hlerum og öðrum leyndarmálum.

Það sem gerir Doom skemmtilegan er einmitt áðurnefndur hraði og hasar. Því er skringilegt að framleiðendur leiksins leggi á sig að hægja á framför spilara. Grafík leiksins er mjög flott. Spilunin er einföld, hröð og skemmtileg og það er eitthvað lúmskt skemmtilegt við hve ofbeldisfullur og blóðugur þessi leikur er. **samuel@365.is**




Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsætum og 4,2'' TFT upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.









Secret Solstice-hátíðin verður í beinni um allan heim þann 18. júní. Það verður að teljast ágætis snerting við umheiminn.

# Solstice verður í beinu streymi á Snapchat

Níu þúsund snöpp eru send á hverri sekúndu, sé allur heimurinn skoðaður.

Fetað verður í fótspor hátíða á borð við Coachella er samfélagsmiðlarisinn Snapchat opnar fyrir beint streymi frá Secret Solstice. Þá geta hundrað og fimmtíu milljónir manna fylgst með gangi mála í Laugardalnum.

Það er auðvitað frábært að fá að vera í samstarfi við samfélagsmiðlarisa á borð við Snapchat. Við erum gríðarlega stolt,“ segir Ósk Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi Secret Solstice-hátíðarinnar sem fram fer í Laugardalnum dagana 16. til 19. júní. Snapchat er einn vinsælasti samfélagsmiðill í heimi og sem dæmi má nefna eru um níu þúsund skilaboð send um allan heim á hverri einustu sekúndu.

Solstice-hátíðin mun hafa eigið „live story“, eða beint streymi, svo þær hundrað og fimmtíu milljónir sem skráðar eru sem notendur á Snapchat um allan heim geta fylgst með því sem þar gerist í rauntíma. Mun streymt úr Laugardalnum á laugardeginum, þann 18. júní.

„Gestir hátíðarinnar geta sem sagt sent inn sín eigin myndskeið sem birtast í „live story“, sem Snapchat velur svo úr til að birta í streyminu. Við fáum líka starfsmenn frá Snapchat sem gera svokallaða „geofiltera“,“ útskýrir Ósk og bendir á að Snapchat hafi verið duglegt við að heimsækja stóra viðburði úti í heimi, en þetta sé í fyrsta skipti sem íslenskt vörumerki dettur í lukkupottinn.

„Í september í fyrra var Ísland sem heild valið til að vera með beint streymi svo þetta er virkilega ánægjulegt. Sé dæmið sett í samhengi má sjá að Snapchat hefur verið að vinna með hátíðum á borð við Coachella og Tomorrowland, nema hvað þar eru um hundrað þúsund tónleikagestir samanborið við þá fimmtán þúsund sem komast fyrir á Solstice,“ útskýrir Ósk og bendir á að sú staðreynd að streymt verði frá hátíðinni með þessum hætti gefi ansi góða mynd af því hve vinsæl hátíðin sé að verða á heimsvísu.



Ósk Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi hátíðarinnar.

**SNAPCHAT HEFUR VERIÐ AÐ VINNA MEÐ HÁTÍÐUM Á BORÐ VIÐ COACHELLA OG TOMORROWLAND, NEMA HVAÐ AÐ ÞAR ERU UM HUNDRAÐ ÞÚSUND TÓNLEIKAGESTIR SAMANBORIÐ VIÐ ÞÁ FIMMTÁN ÞÚSUND SEM KOMAST FYRIR Á SOLSTICE.**

Spurð um hvað hafi heillað þennan gríðarlega vinsæla samfélagsmiðil segir hún: „Í rauninni allt. Hugmyndin um að sólin setjist aldrei, fallegt landið, auðvitað, böndin sem koma fram og svo fólkið, þeir segja að íslenska stemningin og heildarmynd hátíðarinnar hafi náð þeim strax frá byrjun.“

**gudrun@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# 25% afsl. af húsgögnum og gjafavöru!






**Day home kaffibollar,** kr. 1.450,- stk., **nú kr. 1.088,- stk.**



**PB home** skápur
Verð frá kr. 149.000,-, nú **kr. 111.750,-**



**Camerich Crescent** sófar
Stærð: 3ja 228 x 93 cm., stóll
Verð í áklæði: 3ja sæta verð frá 379.000,-, **nú frá 284.250,-.**
Sófasett 3+1+1. Verð í áklæði frá kr. 775.000,-, **nú frá 581.250,-.**



**Elvang teppi,**
verð kr. 18.900,-, **nú kr. 14.175**



**Pb home körfur (28-40 cm)**
kr. 5.700,-, 7.900.- og 8.900.-,
**nú kr. 4.275, 5.925,- og 6.675,-**



**LSA blómavasi 25 cm,**
kr. 7.400,-, **nú kr. 5.550,-**



**LSA kanna 1,5L,**
kr. 5.300.-, **nú kr. 3.975,-**



**Asiama** tungusófi í leðri
Stærð; 250 x 158 cm
Litir; svart, ljóst og brúnt
Verð; 398.000,- , **nú kr. 298.500,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Hugleiks Dagssonar




## Bara leikur

Hvað er svona merkilegt við fótbolta? Þetta er bara leikur. Samt er þetta vinsælasta íþrótt í heiminum. Ekki bara það heldur líka vinsælasta fyrirbæri í heiminum. Það vinsælasta sem mannskepnan hefur skapað. Eitthvert fólk að hlaupa fram og til baka á eftir bolta.

**Mér líður útundan á svona tímabilum. Ég get aldrei svarað „sástu leikinn í gær?“ spurningunni rétt. Það að fólki skuli þykja þetta spennandi er mér hulin ráðgáta. En ég passa mig að tjá mig ekki of mikið um það.**

**Ég gerði nefnilega einu sinni þau mistök að grínast um fótbolta á Facebook. Það fékk ekki mörg læk. Ólíkt heimilisofbeldisdjókinu mínu fyrr um daginn. Eða barnamisnotkunargríninu mínu daginn áður. Sumt grínast maður bara ekki með. Trúarbrögð eru háll ís.**

**Ég hef reynt að horfa á leik en athyglisgáfa mín er bara ekki sköpuð fyrir fótbolta. Ég tek ekki eftir því þegar einhver skorar mark. Mér finnst meira spennandi að horfa á fiskabúr. Að horfa reglulega á fótbolta er eins og að horfa aftur og aftur á sömu myndina. Það gerist alltaf það sama. Engar sprengingar. Engin vélmenni. Engar geimverur. Bara einhverjir gaurar að hlaupa á grasi.**

**En samt er þetta eitthvað svo dásamlegt. Að einfaldur boltaleikur skuli skapa svona sterkar tilfinningar. Að fólk skuli gráta af gleði yfir jafntefli. Að fólk skuli í bræði sinni kýla í veggi yfir ósigri einhvers bæjarfélags í Bretlandi sem enginn myndi vita að væri til ef það væri ekki fótboltalið þar. Að ekki bara sé til fólk sem vinnur við að leika sér heldur líka fólk sem borgar fyrir að sjá fólk leika sér. Það er svo fallegt. Á meðan fólk grætur og fagnar yfir einhverju sem er í grunninn bara leikur, þá er enn von fyrir mannkynið.**


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




